Baráttuandinn enn til staðar
Sigurður Kristmundsson ræðir kraftinn í sjávarútveginum.



Ánægður með fyrstu mánuðina
Hrannar í Ganta segir nýja skipið hafa staðið undir væntingum.



Sjómenn heiðraðir
Umfjöllun og myndir frá sjómannadeginum 2025.





Samt alltaf Grindvíkingur
Skipstjórinn Sigurður Jónsson býr í Grindavíkurblokkinni í Reykjanesbæ.

SJÓMANNADAGSBLAÐ GRINDAVÍKUR 2026

„Hann var okkur mikil fyrirmynd“

Ólafur Þór Jóhannsson veiktist skyndilega og lést fyrir rúmu ári. Þorleifur, Jóhann Þór, Anna Sigríður og Ólafur minnast pabba síns og uppvaxtaráranna í Grindavík.

ISSN 977-3470301001-25

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur

Efnisyfirlit









4
Ritstjórapistill: Óútskýranlegur þungi sögunnar

6
Formannspistill: Sameinumst um uppbygginguna

8
„Erum orðin að einu stóru afli“

10
Glæsileg ný íbúð á Hverfisgötu

12-13
Baráttuandinn enn til staðar

14-16
Heimsóttu eina stærstu saltfiskvinnslu í heimi

18-21
SVG heiðraði fjóra sjómenn

22-23
Sendiherra Grindavíkur á Vopnafirði

24
Grindavík og Hveragerði í mestri hættu

26
Í þolinmæði og trausti skal styrkur ykkar vera

28-38
„Hann var okkur mikil fyrirmynd“

42
Baráttan við kerfið tekur meira á en goshættan

44-45
Skólinn stefnir aftur til Grindavíkur

46-48
Helminguðu verðið en þrefölduðu klúbbinn

50
Hlýraeldið færist á næsta stig

52-53
„Ánægður með fyrstu mánuðina í rekstri Ganta“

54-56
Aðfluttur og brottfluttur en samt alltaf Grindvíkingur

58-61
Minningargreinar

62-64
Heimildamynd um Tyrkjaránið í Grindavík

66
Með sjóinn í blóðinu

68-70
Lífið á sjónum

72-74
Hudson-flugvél ferst við Kistufell árið 1945

75-76
Grindavíkurstríðið 1532: Blóðug barátta um skreiðina

78
Eldisgarður Samherja rís

79
Verðlaunakrossgáta

Útgefandi og ábyrgðaraðili:
Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur
Formaður: Einar Hannes Harðarson
Ritstjóri: Baldur Guðmundsson / Orðaval
Umbrot og hönnun: Davíð Þór Guðlaugsson
Prófarkalestur: Júlía Guðrún Ingólfsdóttir

Auglýsingar: Steingrímur E. Kjartansson
Forsíðumynd: Davíð Þór Guðlaugsson
Ljósmyndir: Jón Steinar Sæmundsson, Davíð Þór Guðlaugsson, Sigtryggur Ari Jóhannsson o.fl.
Sérstakar þakkir: Jón Steinar Sæmundsson, Karl Smári Hreinsson

Skrifstofa Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur, Stórhöfða 29, Reykjavík, s. 426 8400, svg@svg.is. Skrifstofan er opin mánudaga - fimmtudaga 8-16 og föstudaga 8-15.

Öll afritun texta og mynda er óheimil nema með leyfi ritstjóra eða höfunda.

Til hamingju með daginn, sjómenn

Í gegnum tíðina hafa veitingastaðir Bláa Lónsins valið ferskan fisk frá grindvískum sjómönnum. Það samstarf heldur enn áfram því stuðningur við nærsamfélagið er okkur hjartans mál.

Við óskum Grindvíkingum til hamingju með sjómannadaginn.

BLÁA LÓNIÐ



Myndin

Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra lét sig ekki vanta á Skrúfudaginn sem fram fór 21. mars síðastliðinn. Um er að ræða árlegan kynningardag nemenda í Véltækni- og skipstjórnarskóla Tækniskólans. Hann flutti innblásna ræðu um mikilvægi vélstjóra í samfélaginu, þýðingu öflugrar menntunar og sjávarútvegs almennt. Að ræðu lokinni kynnti hann sér starfsemi skólans. Hann sýndi vélakosti skólans mikinn áhuga, enda fékk hann einvala leiðsögn.

MYND: VM/SIGTRYGGUR ARI

Pistill ritstjóra

Óútskýranlegur þungi sögunnar



Baldur Guðmundsson
ritstjóri

Sjómannadagsblað Grindavíkur kom fyrst út 1989, þegar ég var nýorðinn sex ára. Um tilurð blaðsins ritar Björn Gunnarsson, þá formaður sjómannadagsráðs, í pistli á síðu fimm í fyrsta tölublaðinu: *„Fyrir 5 árum, þegar sölubörn okkar komu frá því að selja merki og blað sjómannadagsins, sögðu þau að margir eða allflestir hefðu haft þau orð, að viðkomandi myndi kaupa blað af þeim ef það væri um Grindvíkinga. Ég vorkenndi börnunum að vera búin að burðast með þung blöðin í marga klukkutíma og hafa lítið sem ekkert selt. Við nánari íhugun sá ég að skoðanir þeirra, sem ekki keyptu blöðin, voru réttar og að það væri gaman að gefa út blað sjálfir.“*

Þannig hófst sú saga sem ég hef nú tekið við að skrásetja. Þetta er blað um Grindvíkinga. Þær línur voru lagðar í fyrsta blaðinu og þau voru í grófum dráttum skilaboðin á tveggja mínútna fundi mínum með Einari Hannesi Harðarsyni, formanni SVG, þegar hann bað mig um að taka við ritstjórn blaðsins. Einar er ekki vanur að orðlengja hlutina og fas hans er einhvern veginn þannig að maður segir bara já, ef hann biður mann um eitthvað. Ég samþykkti þessa ráðstöfun af fullkomnu hugsunarleysi.

Og hér erum við. Fyrsta Sjómannadagsblaðið sem ég ritstýri er komið út. Því fylgir pressa að taka við blaði sem heilt bæjarfélag les og hefur komið út óslitið áratugum saman. Það er einhver óútskýranlegur þungi í sögunni. Það er heldur ekkert víst að eftir blaðinu verði tekið nema ef eitthvað klikkar. En fyrst þú lest þessar línur, kæri Grindvíkingur, má heita öruggt að blaðið hafi komið út. Þá anda ég léttar.

Auðvitað vil ég fyrst og fremst að viðtakendur lesi blaðið og njóti þess svolítið. Best þætti mér að vita ef einhverjir tækju það upp oftar en einu sinni.

Það er nefnilega ekki sjálfgefið að blaðaútgáfa standi undir sér lengur. Þetta væri ekki mögulegt nema vegna þess velvilja sem SVG og Sjómannadagsblaðið njóta í Grindavík og víðar. Þeim sem keyptu auglýsingar í blaðið, veittu viðtöl, skrifuðu greinar eða lögðu útgáfunni lið með öðrum hætti eru hér með færðar þakkir. Ég verð reyndar að nefna sérstaklega að þetta blað væri ekki svipur hjá sjón ef ekki væri fyrir stórkostlegar ljósmyndir Jóns Steinars Sæmundssonar.

Þrátt fyrir að hafa enga beina tengingu við Grindavík tengi ég við Grindvíkinga. Ég ólst upp við að gæta mín á leiksvæðum á sprungusvæðum eftir Kópaskersskjálftann 1976 og ég tengi sterkt við þá einingu sem myndast í þorpum og bæjum á landsbyggðinni þegar eitthvað bjátar á – í samfélagi þar sem hver einstaklingur skiptir máli og hefur sitt hlutverk. Þetta þekkjum við sem erum af landsbyggðinni.

Það hefur verið átakanlegt að fylgjast með raunum Grindvíkinga síðustu árin en jafn ánægjulegt að verða vitni að þeirri aðdáunarverðu seiglu og baráttuþreki sem birtist meðal annars í metnaðarfullum áformum um endurreisn bæjarins.

Ég þakka fyrir traustið sem mér hefur verið sýnt og hlakka til samstarfsins á komandi árum.

Ég óska sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með sjómannadaginn. ■

Til hamingju með sjómannadaginn
Við tökum landstímið með ykkur
Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins



MYND: JÓN STEINAR SÆMUNDSSON

Sameinumst um uppbygginguna



Einar Hannes Harðarson
formaður SVG

Kæru Grindvíkingar.

Nú er komið að enn einum formannspistlinum og það segir mér að sjómannadagurinn sé á næsta leiti. Og enn einu sinni getum við ekki haldið upp á daginn eins og við hefðum viljað. Við lifum enn við óvissu og erum enn tvístruð út um allar trissur.

Þrátt fyrir þetta höldum við í SVG upp á daginn eins og okkur er unnt og verðum með svolitla dagskrá fyrir bæjarbúa í tengslum við sjómannadaginn. Það er von mín að Grindvíkingar njóti dagsins og þeirrar dagskrár sem við höfum upp á að bjóða. Ég vonast líka til þess að þær breytingar sem nú eru gerðar á útgáfu þessa blaðs falli í kramið.

Við myndum að sjálfsögðu vilja að hátíðin væri með stærra sniði. Það er eitthvað sem við ættum að stefna að þegar fram í sækir – enda er gott að setja sér háleit markmið.

Samheldnin er mikilvægust

Við Grindvíkingar erum samheldið fólk en að undanförnu hefur reynt fullmikið á okkur. Ég er þeirrar skoðunar að þær fylkingar sem myndast hafa í gegnum þessa erfiðleika þurfi að sameinast um að leggja sitt af mörkum við uppbyggingu bæjarins á nýjan leik.

Eins og ég hef áður sagt eru íslenskir sjómenn vanir því að takast á við alls kyns krefjandi og óvæntar aðstæður. Starfið okkar krefst þess. Grindvískir sjómenn eiga því nokkuð auðvelt með að starfa á skipum sem gera út frá Grindavík, þrátt fyrir að heimili okkar sumra sé annars staðar. Slík aðlögunarhæfni er mikilvæg á tímum sem þessum. Við hjá SVG höfum á síðastliðnu ári unnið ötult starf í öryggisnefnd ásamt öðrum fulltrúum stéttarfélaga sjómanna og fulltrúum SFS. Það er dæmi um samvinnu sem sýnir hve samstarf ólíkra hópa getur verið mikilvægt þegar unnið er að góðri sameiginlegri niðurstöðu.

Samstarf við Fagfélögin

Í kjölfar náttúruhamfara og tímabundins brottflutnings starfsstöðvar félagsins hafa verið gerðar ákveðnar breytingar á starfi SVG. Við höfum tekið upp formlegt samstarf við Fagfélögin og njótum þar sérþekkingar kjaradeildar og annarra öflugra stoðdeilda. Með samstarfinu gefast tækifæri til að stórbæta þjónustu við félagsfólk SVG á öllum sviðum. Það eru einnig mikil sóknarfæri í því að stilla betur saman strengi þegar kemur að kjarasamningum og réttindum, ekki síst með samstarfi við VM en innan Fagfélaganna eru einnig RSÍ, MATVÍS og Flugfreyjufélag Íslands. Nánar er fjallað um þetta samstarf í grein í þessu blaði.

Þetta góða samstarf kemur þó ekki í veg fyrir að SVG stefni aftur heim til Grindavíkur þegar aðstæður leyfa. Þangað viljum við að sjálfsögðu á endanum stefna.

Njótum dagsins saman

Kæru félagar. Eins og við vitum flest þá er sjaldan skemmtilegra en þegar margir Grindvíkingar koma saman. Það er mín von og trú að við getum glaðst saman á sjómannadaginn – þeirri miklu fjölskylduhátíð sem fyrir löngu er orðin dýrmætur árviss viðburður í okkar bæjarlífi.

Ég óska sjómönnum og fjölskyldum þeirra sérstaklega til hamingju með sjómannadaginn. ■

Vísir óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn

VÍSIR

Visirhf.is

7959 · PRENTSMIÐJA



„Erum orðin að einu stóru afli“

SVG gekk um áramótin í raðir Fagfélaganna, þar sem félagið nýtur meðal annars samstarfs við öfluga kjaradeild. Hér er rætt við bræðurna Einar Hannes, formann SVG, og Benóný, framkvæmdastjóra Fagfélaganna, Harðarsyni.

SVG gekk um áramótin í raðir Fagfélaganna. Þar voru fyrir Rafiðnaðarsamband Íslands (RSÍ), Félag vélstjóra og málmtæknimanna (VM) og Matvæla- og veitingafélag Íslands (MATVÍS). Í vor gekk svo Flugfreyjufélag Íslands (FFÍ) einnig til liðs við hópinn.

Einar Hannes Harðarson, formaður SVG, segir gífurleg tækifæri fólgin í samstarfinu. Ekki aðeins gefist félaginu tækifæri til að vinna náið með vélstjórum í VM, heldur fái félagið með þessu aðgang að öflugri kjaradeild, vinnustaðaeftirliti, sameiginlegri umsýslu sjóða og orlofseigna og allri aðstöðu. „Við erum með þessu einfaldlega að stórbæta þjónustuna á öllum sviðum og sjáum mikil sóknarfæri í því að stilla betur saman strengi þegar kemur að kjarasamningum og réttindum,“ segir Einar.

Innan Fagfélaganna býr mikil þekking og þar vinnur sérhæft starfsfólk, sem félagsmenn SVG munu njóta góðs af. „Fagfélögin skutu yfir okkur skjólshúsi þegar rýmingin varð í Grindavík og á Stórhöfðanum hefur okkur liðið vel. Við getum líka vonandi lagt okkar af mörkum til samstarfsins,“ segir Einar.

Þannig háttar til að framkvæmdastjóri Fagfélaganna er Benóný Harðarson, bróðir Einars. Þeir bræðurnir eru því farnir að vinna náið saman og róa í sömu átt.



Bræðurnir Einar og Benóný starfa nú undir sama þaki á Stórhöfða 29-31.

Þjónustan markvisst aukin

„Ég hef lagt upp með að veita eins góða þjónustu og mögulegt er en á sama tíma fara vel með félagsgjöldin,“ segir Benóný framkvæmdastjóri. Hann tók við starfinu síðastliðið sumar eftir að hafa áður starfað innan VM og síðar sem forstöðumaður kjaradeildar Fagfélaganna.

Undanfarin ár hafa Fagfélögin unnið markvisst að því að efla þjónustu og auka samvinnu milli félaganna. Þjónustukerfi hefur verið endurnýjað, kjaradeild styrkt og umsýsla orlofshúsa og styrkja sam-

Framhald á næstu síðu →

Sendum sjómönnum,
fiskvinnslufólki og öðrum
Grindvíkingum
hamingju- og heillaóskir
á sjómannadaginn



Stakkavík ehf

Fiskvinnsla
Bakkalág 15 b. • 240 Grindavík • Iceland
Sími: 420 8000 • Fax: 420 8001 • stakkavik@stakkavik.is

einuð. „Sameiginlegur slagkraftur okkar mun til frambúðar hjálpa til við að bæta kjör og réttindi félagsmanna. Við erum orðin að einu stóru afli sem getur átt samskipti við stærstu aðila samfélagsins,“ segir hann.

Samnýting orlofseigna og nýtt leigufélag

Árið 2025 var viðburðaríkt. Fagfélögin keyptu samtals 30 íbúðir við Eirhöfða 7, þar af 20 til orlofsnota og 10 sem ætlaðar eru í langtímaleigu til félagsfólks í sérstöku leigufélagi. „Við vildum kanna eftirspurn eftir slíkum íbúðum og hún reyndist mikil,“ segir Benóný og bætir við að horft sé til frekari uppbyggingar leigufélagsins. Með því að sameina orlofseignir undir einu þaki hafi náðst veruleg hagræðing í rekstri, meðal annars í þrifum og nettengingum.

Samstarfið hefur einnig leitt til betri nýtingar orlofseigna. Í mars var ákveðið að félagsmenn gætu hér eftir leigt íbúðir

> *Mín tilfinning er að launafólk hafi gengið fram með góðu fordæmi en aðrir aðilar ekki fylgt á eftir.*

þvert á félög með stuttum fyrirvara. Þannig opnast hverju félagi mikill fjöldi orlofskosta, sérstaklega utan orlofstímabila. „Þetta er bæði hagkvæmara og bætir þjónustu við félagsmenn,“ segir hann.

Öflugt fræðslustarf

Fræðslustarf Fagfélaganna hefur verið eflt verulega undanfarin misseri. Í vetur voru haldin fjölbreytt námskeið, þar á meðal fjarnámskeið og lífeyrisfræðsla á pólsku, auk þess sem félagsfólki var í fyrsta sinn boðin aðstoð við skattframtöl. „Við erum sífellt að efla fræðslustarfið og sjáum mikla þátttöku,“ segir hann.

Benóný hefur þó áhyggjur af stöðu kjarasamninga. „Mín tilfinning er að launafólk hafi gengið fram með góðu fordæmi en aðrir aðilar ekki fylgt á eftir. Nú á eftir að koma í ljós hvort gripið verði til aðgerða til að hemja verðhækkanir,“ segir hann og bendir á að afkoma heimilanna sé undir.

Vinnustaðaeftirlit Fagfélaganna og Eflingar hefur einnig verið eflt. Á síðasta ári var farið í 317 heimsóknir og rætt við um 2.500 starfsmenn. Áhersla er lögð á að tryggja kjör og réttindi launafólks og efla fræðslu, meðal annars á fleiri tungumálum.

Benóný segir framtíðina bjarta og að áhugi sé frá fleiri félögum á samstarfi. „Það sem skiptir mestu máli er sterkur hópur starfsfólks og samheldni. Það er lykillinn að þeim árangri sem við höfum náð.“ ■





Glæsileg ný íbúð á Hverfisgötu

Síðastliðið haust festi SVG kaup á glæsilegri nýrri orlofsíbúð með sérinngangi á Hverfisgötu í Reykjavík. Íbúðin fór í útleigu til félagsmanna í desember og hefur verið vel nýtt síðan. Um er að ræða þriggja herbergja íbúð með glæsilegu útsýni en þetta er fyrsta eign félagsins í Reykjavík.

Eignin er á tveimur hæðum. Á neðri hæð er herbergi með tvíbreiðu rúmi auk baðherbergis og eldhúss. Á efri hæð er sjónvarpshol með svefnsófa auk herbergis með tvíbreiðu rúmi. Þar er líka baðherbergi og sturta.

Á neðri hæð eru skjólgóðar suðursvalir og á efri hæð útsýnissvalir í norður.

Skemmst er að minnast þess að í mars 2025 eignaðist félagið orlofsíbúð á Spáni. Á móti var orlofsbústaður félagsins í Hraunbrekkum í Húsafelli seldur.



VIS

Til hamingju með daginn sjómenn

Við óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra innilega til hamingju með daginn.

Mættu því óvænta





Baráttu-andinn enn til staðar

– segir Sigurður A. Kristmundsson, hafnarstjóri og sviðsstjóri innviðasviðs Grindavíkurbæjar.

MYND: SIGTRYGGUR ARI

Mér finnst baráttuandinn almennt vera enn til staðar hjá Grindvíkingum og mikill vilji til að komast í gegnum þetta áfall og byggja bæinn upp á nýtt. Hafnarstarfsemin hefur verið mjög mikilvægur þáttur í gegnum þennan tíma og ég vil eiginlega ekki hugsa þá hugsun til enda hvað hefði gerst ef hafnarmannvirkin hefðu skemmst meira en raun ber vitni og takmarkað möguleika okkar til að veita hafnarþjónustu.

Hafnarþjónustan og fyrirtæki sem þjónusta sjávarútvegsfyrirtækin, s.s. löndunarþjónustan, fiskmarkaðurinn, flutningastarfsemin, vélsmiðjan og raf-verktakar, hafa verið lykillinn að því að sjávarútvegsfyrirtækin hafi getað starfað. Það gefur okkur öllum sannarlega kraft að sjá skipin koma reglulega til löndunar og sjá hjólin snúast við sjávarsíðuna. Sjávarútvegsfyrirtækin hafa líka verið staðráðin í því að landa fiskafla sínum hér í heimahöfn og það skiptir miklu máli fyrir okkur öll," segir Sigurður A. Kristmundsson, hafnarstjóri í Grindavík.

> *Ef tíðarfarið í vetur hefði verið aðeins skárra þá værum við bara í skýjunum með stöðuna.*

Landaður fiskafli stöðugt að aukast

Vitanlega varð mikið bakslag í löndun fiskafla í Grindavík fyrstu mánuðina eftir rýmingu bæjarins haustið 2023 en magnið hefur jafnt og þétt aukist síðan þá. Á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs var landaður fiskafli í Grindavík hliðstæður því sem var á sama tímabili árið 2022 og hvað þetta varðar er staðan að verða svipuð því sem var fyrir rýmingu.

„Við höfum verið mjög óheppin með tíðarfarið í vetur og það hefur valdið því að okkar skip hafa oft þurft að landa annars staðar. Ef tíðarfarið í vetur hefði verið aðeins skárra þá værum við bara í skýjunum með stöðuna. En það þekkjum við Grindvíkingar mætavel í gegnum tíðina að tíðarfarið getur haft mikil áhrif á hafnarstarfsemina hjá okkur og þannig mun það alltaf verða," segir Sigurður.

Færumst markvisst nær nýju upphafi

Miklar breytingar urðu á starfsmannahaldi Grindavíkurbæjar í kjölfar rýmingarinnar og jarðhræringanna. Sigurður hefur gegnt starfi hafnarstjóra allan tímann en auk þess gegnir hann stöðu sviðsstjóra innviðasviðs Grindavíkurbæjar. Sem slíkur hefur Sigurður því verið í þungamiðju umræðunnar um endurreisn bæjarins og segir alla áfanga á þeirri braut vera mikilvæga.

„Sjávarútvegsstarfsemin er dæmi um kraft sem birtist líka í mörgu öðru í endurreisn bæjarins. Þar nefni ég sem dæmi íþróttastarfsemina sem er okkar samfélagi mjög mikilvæg. Það skiptir líka máli að nú er byrjað að rífa og fjarlægja ónýt hús í bænum og mikill kraftur hefur verið í sprunguviðgerðum og lagfæringum svæða. Allt hjálpar þetta okkur við að byggja undir nýtt upphaf, koma skólastarfsemi í gang og þannig mætti áfram telja," segir Sigurður.

> *Sjálf höfum við fullan hug á því að flytja aftur heim þegar tækifæri gefst til þess.*

Viljum slá taktinn hraðar en ríkisvaldið

Í áfangaskýrslu Grindavíkurnefndarinnar í vor var ekki mælt með því að skólastarf hæfist í bænum í haust en það er hins vegar skýr stefna bæjaryfirvalda. Sigurður segir ljóst að munur sé á því hvernig heimamenn og ríkisvaldið horfi á stöðuna.

„Við viljum slá taktinn hraðar en ríkisvaldið vill gera. Við hins vegar þekkjum það Grindvíkingar af reynslunni í gegnum tíðina að stundum þarf að spila hæfilega djarft til að ná markmiðum sínum. Þetta er því ákveðinn munur á mati á endurreisnarleiðinni," segir Sigurður sem segist sífellt sjá fleira fólk á ferðinni sem áður bjó í bænum. Margir séu staðráðnir í að flytja aftur heim og séu nú farnir að velta þeim möguleika alvarlega fyrir sér.

„Við hjónin erum með okkar hús á leigu og tökum eftir því að umferðin í götunni er stöðugt að aukast og kunnuglegum andlitum bregður æ oftar fyrir. Sjálf höfum við fullan hug á því að flytja aftur heim þegar tækifæri gefst til þess og þannig er um mjög marga Grindvíkinga. Svo mun vafalítið flytja hingað fólk sem ekki bjó áður í Grindavík enda er ég ekki í vafa um að við eigum sem samfélag mikil tækifæri í framtíðinni. Við erum til dæmis vel í sveit sett hvað varðar vaxandi atvinnustarfsemi sem tengist fiskeldi, það verða vaxandi tækifæri í ferðaþjónustu, við erum vel staðsett gagnvart orkuvinnslu og þannig má áfram telja. Þungamiðjan er vitanlega í kringum sjávarútveginn og þess vegna gleðilegt að sjá þann drifkraft sem er í atvinnulífinu í kringum höfnina. Hér hefur sjávarútvegurinn allan tímann verið að skapa útflutningstekjur og gjaldeyri og þannig höfum við lagt okkar lóð á vogarskálarnar í þjóðarbúinu." ■







Heimsóttu eina stærstu saltfiskvinnslu í heimi

Starfsmannafélag áhafnar línubátsins Páls Jónssonar GK 7 hélt síðastliðið sumar í sína þriðju utanlandsferð. Að þessu sinni lá leiðin til Portúgals þar sem hópurinn dvaldi í viku. Ferðin þótti takast afar vel og einkenndist af góðri samveru, fræðslu og fjölbreyttri upplifun á menningu og náttúru landsins.

Fyrsta utanlandsferð starfsmannafélagsins var farin árið 2019 þegar haldið var til Gdansk í Póllandi. Þar gafst áhöfninni kostur á að kynna sér smíði skipsins Páls Jónssonar GK. Sumarið 2023 var svo farið til Búdapest þar sem vika var nýtt til skoðunarferða og afþreyingar.



Ferðin til Portúgals hófst 13. júlí 2025 með flugi til Lissabon. Þaðan var haldið með rútu til strandbæjarins Cascais, sem varð aðsetur hópsins meðan á dvölinni stóð. Gist var á fimm stjörnu hóteli sem er til húsa í gömlu virki við höfnina og var þangað komið um kvöld. Aðstæður á hótelinu þóttu til fyrirmyndar og staðsetningin hentug til að kanna nágrennið.

Daginn eftir var Cascais skoðaður í rólegheitum og kvöldinu lauk með sameiginlegum kvöldverði á hótelinu. Þann 15. júlí var svo haldið í dagsferð upp í fjöllin í Sintra, þar sem Pena-höllin var skoðuð ásamt fallegu umhverfi hennar. Þaðan var haldið að Cabo da Roca, vestasta punkti meginlands Evrópu, þar sem útsýnið yfir Atlantshafið vakti mikla hrifningu. Hópnum var sagt að passa vel upp á veskin sín því vasaþjófar eru tíðir gestir á staðnum. Ferðinni var svo haldið áfram að ströndinni Praia da Crismina, stórri strönd með hvítum söndum, þar sem snæddur var hádegisverður á veitingastaðnum Mar do Guincho.

Næstu dagar fóru í að njóta lífsins í bænum, rölta um götur hans og prófa veitingastaði á svæðinu. Þar á meðal var farið á vinsælt steikhús þar sem maturinn vakti mikla ánægju meðal ferðafélaga.

Einn af hápunktum ferðarinnar var heimsókn til fyrirtækisins Riberalves, sem er einn stærsti framleiðandi og seljandi á saltfiski í Evrópu. Lagt var af stað snemma morguns en ferðin hófst með óvæntu atviki þegar í ljós kom að bílstjórinn var með útrunnið akstursleyfi. Ferðin hefði átt að taka eina klukkustund. Lögreglan gantaðist með að hópurinn væri ekkert að fara á næstunni en eftir um 40 mínútna bið fékk bílstjórinn bráðabirgðaleyfi og ferðin gat haldið áfram án frekari vandkvæða.

Geyma fiskinn í heilt ár fyrir vinnslu

Við komu til Riberalves tók á móti ferðalöngunum viðkunnanleg kona, starfsmaður fyrirtækisins, sem bauð alla velkomna og kynnti starfsemina. Fyrst var farið yfir sögu og rekstur fyrirtækisins áður en hópurinn klæddi sig í sloppa og annan hlífðarfatnað og fór niður í vinnsluna sjálfa. Þar fékk hópurinn að sjá allt ferlið, frá því fiskurinn kemur til þeirra og þar til hann fer í pakkningar, tilbúinn til matreiðslu.

Sérstaka athygli vakti umfang vinnslunnar. Þarna eru meðal annars stór útvötnunarker, líkt og litlar sundlaugar. Miðað er við 1% salt í kerjunum, stundum 2%. Kerin eru 10 til 15 metra löng og um það bil þrír metrar á breidd. Þarna voru líka stórar kæligeymslur sem geta tekið allt að 5.000 tonn þegar mest er. Þá kom fram að verðmætasti saltfiskurinn væri geymdur í allt að eitt ár áður en hann fer í frekari vinnslu. Einnig vakti athygli að allt hráefnið er nýtt, þar á meðal spörðurinn á fiskinum.

Fyrirtækið er með útibú í um 20 löndum, um alla Evrópu, í Asíu, Suður-Ameríku og Afríku.

Heimsóttu vínekrur

Að heimsókn lokinni var haldið á vínekrur fyrirtækisins sem staðsettar eru í fjalllendinu í nágrenninu. Þangað var um klukkutíma akstur. Á leiðinni mátti sjá bæði nútímalegar vindmyllur og eldri myllur sem sumar virtust enn í notkun. Á vínekrunni var stór og flottur veitingastaður og verslun sem selur þær tegundir af víni og ólífuolíu sem fyrirtækið framleiðir. Einn eigandinn tók á móti ferðafélögunum en gat ekki stoppað lengi. Ung kona fylgdi þeim um svæðið og fór yfir allt framleiðsluferlið. Hún kynnti líka fyrir hópnum ástæðu þess að þau réðust í vínræktun. Hún rakti meðal annars að



Vínekrubóndinn hefur skipt út öllum trjám í þrígang á síðustu sex árum.

á síðustu sex árum hefði öllum trjánum verið skipt út í þrígang. Nú eru þau komin með þá tegund sem þau vilja nota.

Á svæðinu voru tvær tegundir af ámum úr stáli. Önnur tegundin tekur 8.000 lítra en 12 slíkar voru á

Framhald á næstu síðu →







Áhöfnin á Páli Jónssyni og makar nutu ferðarinnar til Portúgals.

svæðinu. Hin tekur 17 þúsund lítra en 14 slík ker voru á svæðinu. Auk þess er vín í 200 lítra eikartunnum. Öll aðstaða var einstaklega flott og nýtískuleg.

Að lokinni kynningu var hópnum boðið upp á veglega þriggja rétta máltíð þar sem meðal annars var framreiddur grillaður saltfiskur af dýrustu sort, ásamt kartöflum og ólífuolíu til að hella yfir. Hvítt vín og rautt fylgdi matnum og eftirrétturinn var hefðbundinn.

Að máltíð lokinni gafst ferðafélögunum kostur á að skoða verslun á staðnum og kaupa vörur áður en haldið var aftur til Cascais. Síðustu dagarnir fóru í afslöppun og samveru áður en haldið var heim eftir vikulanga dvöl í Portúgal.

Ferðin heppnaðist afar vel og óhætt er að segja að allir hafi verið hinir ánægðustu þegar heim var komið. ■







Frá vinstri: Sævar Sigurhansson, Sigurður Óli Sigurðsson, Björn Oddgeirsson, Benóný Þórhallsson, Ólafur Þór Þorgeirsson og formaður SVG, Einar Hannes Harðarson.

SVG heiðraði fjóra sjómenn

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur heiðraði fjóra sjómenn á sjómannadaginn í Grindavík 2025. Það voru þeir Benóný Þórhallsson, Ólafur Þór Þorgeirsson, Sævar Sigurhansson matsveinn og Sigurður Óli Sigurðsson skipstjóri sem hlutu viðurkenningu félagsins að þessu sinni.

Sjómannadagshelgin í Grindavík var fjölbreytt og vel sótt, þar sem bæjarbúar og gestir komu saman til að fagna sjómannadeginum, samfélaginu og sumrinu. Dagskráin spannaði nokkra daga og boðið var upp á viðburði fyrir alla aldurshópa.



Helgin hófst með menningarmorgni í Kvikunni á miðvikudegi og hélt áfram með gönguferðum, tónleikum og ýmsum samfélagsviðburðum næstu daga. Á laugardeginum var meðal annars haldið pílumót, opið hús hjá Grindjánum og kvöldball í Kvikunni.

Hápunktur helgarinnar var á sunnudeginum þegar sjómannadagsmessa fór fram í Grindavíkurkirkju þar sem sjómenn voru heiðraðir. Að henni lokinni var lagður blómsveigur að Von til minningar um sjómenn sem hafa farist.

Eftir athafnir dagsins tók við fjölskyldudagskrá við Kvikuna með hoppuköstulum, leikjum og skemmtun fyrir börn og fullorðna. Þá bauð Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur upp á sjómannadagskaffi á Sjómannastofunni Vör.

Eftir nokkurt hlé á því að hægt væri að halda upp á sjómannadaginn í Grindavík markaði 1. júní 2025 ákveðin tímamót. Loks gátu Grindvíkingar átt gleðilega daga í bænum, sem iðaði fyrir vikið af lífi og fjöri.

Hér á eftir má lesa um þá sem heiðraðir voru á sjómannadaginn 2025.

Sævar Sigurhansson

matsveinn



Sævar er fæddur 6. nóvember 1954 í Reykjavík. Hann er sonur hjónanna Sigurhans Hjartarsonar frá Hellisandi og Helgu Guðmundsdóttur úr Hrunamannahreppi.

Eiginkona Sævars er Ólöf Jónsdóttir. Sævar á þrjár dætur, þær Margréti, Birnu Rún og Þórnýju Helgu.

Sævar sleit barnsskónum í Reykjavík, gekk þar m.a. í Laugalækjarskóla en lauk gagnfræðaprófi frá Austurbæjarskóla. Hann lauk sveinsprófi í rafsuðu frá Iðnskóla Hafnarfjarðar. Við tók vinna við fagið; hann var á samningi í Bátalóni, um skeið í skipasmíðastöðinni Stálvík og einnig í Njarðvíkurslipp.

Svo lá leiðin á sjóinn. Sævar fór til Vestmannaeyja á vertíð 1979 og var á Gandí VE 171 næstu árin. Leiðin lá svo til Grindavíkur og var hann á Þorsteini GK 16 með Gunnari Gunnlaugssyni tvær vertíðir, 1981 og 1982. Á þessum árum var mikil nótaveiði og var hann á Suðurey VE á síld árið 1983. Árið 1984 var Sævar kominn á Höfrung II GK með Þórði Pálmasyni og var matsveinn þar til 1995. Þeir félagar færðu sig svo yfir á Hrungni GK 50 og voru þar til ársins 2006.

Þarna var Sævar kominn til Vísis hf. og reri hann samtals í 26 ár hjá fyrirtækinu. Frá árunum 2006 til 2021 var Sævar á Jóhönnu Gísladóttur GK-57 og lauk sjómannsferli sínum vertíðina 2021 á Sighvati GK.

Sævar og Ólöf búa í Kórsölum 5 í Kópavogi og njóta þar efri áranna.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur veitti Sævari Sigurhanssyni viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum og áratuga félagsaðild. Félagið óskar honum og fjölskyldu hans allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megi hann njóta heiðursins.







Framhald á næstu síðu →

Ólafur Þór Þorgeirsson

vélstjóri



Ólafur er fæddur þann 23. febrúar 1950 á Grásíðu í Kelduhverfi í Norður-Þingeyjarsýslu. Foreldrar Ólafs voru þau Þorgeir Þórarinsson, bóndi á Grásíðu, og Ragnheiður Ólafsdóttir, húsfreyja á Grásíðu. Eiginkona Ólafs var Stefanía Björg Einarsdóttir. Hún er látin. Börn þeirra eru Hjalti Pálmason (lést 1986), Jón Þ. Dagbjartsson, Ragnheiður Þóra og Petra Rós. Barnabörnin eru 15 og langafabörnin eru orðin sex.

Ólafur er uppalinn í Kelduhverfi og gekk þar í skóla. Hann útskrifaðist sem gagnfræðingur frá Laugum í Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu vorið 1966. Hann dvaldi næstu árin á Grásíðu og vann tilfallandi störf í Kelduhverfi.

Um tvítugt lagði hann land undir fót og kom til Grindavíkur í skipsrúm í lok desember 1970. Hann byrjaði sem háseti á Ársæli Sigurðssyni GK-320 frá Grindavík, varð síðar vélstjóri og var á Ársæli til ársins 1977. Festi hf., útgerð Ársæls, seldi skipið og keypti Þórshamar GK-75. Ólafur fór yfir og var þar samfellt til ársins 1985.

Á sjómannsárum var Ólafur ötull félagsmaður í Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur og átti drjúgan þátt í byggingu Sjómannastofunnar Vör, félagsheimilis sjómanna í Grindavík. Hann varð verkstjóri hjá Þorbirni hf. 1986. Svo tóku við nokkur ár í sjálfstæðum rekstri.

Ólafur hóf störf hjá Veiðarfæraþjónustunni hf. rétt fyrir aldamótin og var þar samfellt næstu 20 árin og lauk þar starfsævi sinni. Óli og Björg byggðu sér hús á Selsvöllum 7 í Grindavík og bjuggu þar lengst af. Nú býr Ólafur að Njarðarvöllum 8 í Ytri-Njarðvík og nýtur þar efri áranna.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur veitti Ólafi Þór Þorgeirssyni viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum og félagsstörf. Félagið óskar honum og fjölskyldu hans allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megi hann njóta heiðursins.





Benóný Þórhallsson

vélstjóri og útgerðarmaður



Benóný, eða Binni eins og hann er oft kallaður, fæddist 24. janúar 1952 á heimili foreldra sinna í Baldurshaga við Suðurgötu 1 í Sandgerði.

Hann gekk í skóla í Sandgerði, lauk þar gagnfræðaprófi og síðar 2. stigi í vélstjórn frá Vélskóla Íslands.

Hann kvæntist Svövu Jónsdóttur, fæddri 21. mars 1952, þann 11. desember 1971. Svava lést árið 2019. Þau eignuðust þrjú börn: Þórhall Ágúst (f. 1971), Sigríði Fjólu (f. 1974) og Berglindi (f. 1982). Barnabörnin eru átta og barnabarnabörnin eru orðin sex.

Binni fór oft á sjóinn með föður sínum, Þórhalli Gíslasyni (Dúdda Gísla), á Hamri GK. Fyrsta lögskráning hans var á Freyju GK árið 1965, þá aðeins 13 ára gamall. Síðar var hann á Álaborg (1966) með föður sínum og á Guðmundi Þórðar GK (1968-1969).

Árið 1970 vann Benóný í Stálvík við smíði á Arnfirðingi II GK. Skipið fór á flot í janúar 1971 og var Benóný vélstjóri. Arnfirðingur II strandaði í innsiglingunni í Grindavík í desember 1971, en öllum ellefu skipverjunum var bjargað með fluglínutækjum af Björgunarsveitinni Þorbirni í Grindavík. Benóný var vélstjóri á Gylfa Erni árin 1972–1973 og á Grímseyingi GK árin 1973–1976.

Árið 1976 keyptu þeir Benóný og Reynir Jóhannsson togarann Grímseying, nefndu hann Víkurberg og gerðu út til ársins 1980. Þá keyptu þeir Stapavíkina, sem einnig var nefnd Víkurberg. Benóný og Reynir voru saman í útgerð til ársins 1998 og stunduðu lengst af nótaveiðar á síld og loðnu.

Haustið 1998 stofnuðu Benóný og Svava smábátaútgerðina Besa ehf. Þau létu smíða Dúdda Gísla og fyrsti róðurinn var 24. janúar 1999. Í janúar 2000 keypti Besa ehf. Sigga Bjarna og nefndi Gísla Einars. Besa ehf. gerði út tvo báta samtímis til ársins 2004. Nýsmíði af Dúdda Gísla var gerð árið 2005. Alls hafa þrír af bátum Besa ehf. verið nýsmíði. Árið 2010 byggði Besa ehf. Bakkalág 17b og rak þar fjölskyldufyrirtæki í fiskvinnslu, þar sem Benóný, Svava og börnin þeirra þrjú unnu öll saman.

Enn þann dag í dag er Binni í útgerð með fjölskyldunni og gera þau út Dúdda Gísla GK frá Grindavík. Benóný er nú búsettur að Silfursmára 2 í Kópavogi og unir þar hag sínum vel.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur veitti Benóný Þórhallssyni viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum, við útgerð og vinnslu. Félagið óskar honum og fjölskyldu hans allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megi hann njóta heiðursins.









Sigurður Óli Sigurðsson

skipstjóri



Sigurður Óli er fæddur þann 21. júní 1948 á bænum Götu í Rangárvallasýslu. Hann er sonur hjónanna Sigurðar Ólafssonar, bónda í Götu, og Gerðar Hammer frá Önundarfirði. Fyrrverandi eiginkona hans var Ragnheiður Árný Magnúsdóttir en hún er látin. Börn þeirra eru Júlíus Magnús, Gerða Kristín og Svanhvít Helga.

Óli bjó á bænum Götu fram að 14 ára aldri. Hann lauk gagnfræðaprófi frá Laugalandsskóla í Holtum og síðar 30 tonna réttindum frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Fjölskyldan flutti til Grindavíkur 1961 og settist að á Valdastöðum, og ekki leið á löngu þar til Óli var farinn að vinna. Hann var eina vertíð í Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða og á 17. ári var hann kominn á sjóinn.

Hann var háseti hjá Magnúsi á Brú á Sigurvon GK-206. Við tóku nokkur ár í sjómennsku á ýmsum bátum. Óli var með Geira í Selvogi á Farsæl GK og Willard á Hrafni Sveinbjarnarsyni GK á línu og netum. Næst var hann í sex ár á Mána GK-36. Hann fór túr á togara og var á stóru vertíðarbátunum, ýmist á síld eða loðnu, í nokkur ár eftir það.

Árið 1974 var Óli kominn á Má GK 55 og var þar næstu átta árin. Frá 1983 og til ársins 1997 var Óli með marga báta, m.a. fyrir Stakkavík hf. og reri á Hörpu GK, Bjarna KE og endaði svo sjómennskuna á Geir Goða GK árið 1997. Þegar í land var komið var Óli hjá Fiskmarkaði Suðurnesja þar til hann flutti til Hornafjarðar, þar vann hann hjá Skinney-Þinganesi til árs-loka 2015 og lauk þar með starfsævi sinni.

Sigurður Óli var búsettur að Hópi í Grindavík þegar til rýmingar kom. Núna er hann búsettur að Austurhólum 2 á Selfossi og nýtur þar efri áranna.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar Sigurði Óla Sigurðssyni og fjölskyldu hans allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megi hann njóta heiðursins.



Tobbi um borð í Vésteini GK.

Sendiherra Grindavíkur á Vopnafirði

Margir Grindvíkingar þekkja Thorberg Einarsson, eða Tobba, hálffimmtugan línujaxl sem býr á Vopnafirði og er stýrimaður á Vésteini GK sem gerður er út af Einhamri. Tobbi er þekktur fyrir alls konar uppátæki og skemmtilegheit og tengist Grindavík sterkum böndum.

Tobbi hefur svo að segja alltaf verið á sjó. „Ég funkera ekki í landi en verð nú samt ennþá sjóveikur," segir þessi hressi Grindvíkingur sem búið hefur sl. 22 ár á Vopnafirði. Vésteinn GK er gerður út hálft árið frá Grindavík og hinn helminginn frá Stöðvarfirði. Sjómennskan á vel við Tobba. „Á þessum litlu línubátum er þetta í akkorði, við leggjum og drögum. Maður er ekkert að skjótast í bankann eða neitt þannig." Aðspurður segist hann hugsanlega hefðu orðið rafvirki ef hann hefði ekki lagt sjómennskuna fyrir sig. „En það væri búið að reka mig, ég get ekki unnið eftir klukku. Ég færi í hádegismat kl. 12 og kæmi ekki aftur fyrr en kannski þrjú, fjögur!"

Sæt barnastjarna

Tobbi var einn af Rokklingunum sem nutu mikilla vinsælda í lok síðustu aldar en Rokklingarnir voru krakkar á öllum aldri sem sungu þekkt lög og slagara. „Ég fór í prufu og mig minnir að ég hafi bara sagt brandara," segir Tobbi og hlær. „Stærsti misskilningurinn er að ég kann ekkert og get ekkert sungið. Ég hallast helst að því að ég hafi þótt svona sætur, allavega er ég enginn söngvari. Þetta var hins vegar góð lífsreynsla sem breytti lífi mínu."

Tobbi viðurkennir að hafa verið svolítið frægur, „allavega vona ég að það verði sett á legsteininn minn að ég hafi verið rokklingur!"

„Þótt ég sé að verða 46 ára þá vakna ég á hverjum einasta morgni og dauðlangar til að vera með fíflalæti, bara alls staðar. Það skiptir engu máli hvar ég er," segir Tobbi alvörugefinn. Á ja.is er Thorberg Einarsson titlaður „línujaxl". „Ég fæ stundum svona skrítnar hugmyndir. Ég ætlaði held ég að skrá mig sem „línufantur" en sótti svo um þetta og það var samþykkt," segir Tobbi og telur nokkuð víst að hann hefði endað í Hrekkjalómafélaginu ef hann hefði búið í Vestmannaeyjum.



Tobbi er og verður alltaf Grindvíkingur.

Grindvíkingar svo geggjað fólk

Tobbi er fæddur og uppalinn í Grindavík og notar ítrekað orðið „heim" þegar hann talar um hremmingarnar sem ganga yfir hans gamla heimabæ. „Ég var fyrir austan þegar rýmingin átti sér stað og kom svo á mánudeginum til að hjálpa til við að tæma vinnsluna. Ég hélt að ég væri að sjá Grindavík í síðasta skipti," segir Tobbi og leggur áherslu á orð sín. „Það hefði verið rosalega auðvelt að slökkva ljósin hérna. Grindvíkingar gefast hins vegar ekki upp og það verður byggt upp aftur, alveg sama hvernig fer."

Tobbi gerir sér vel grein fyrir því að það er ekki það sama að búa í Grindavík og að vinna þar einungis og segir litla röskun hafa orðið á sínu starfi eftir að jarðhræringarnar hófust. En myndi hann snúa aftur til Grindavíkur með fjölskylduna ef þau hefðu verið búsett þar? „Ja, það veltur í rauninni allt á fjölskyldunni sjálfri en hefði ég verið einsamall hefði ég ekki hugsað mig um og komið til baka."

Yngsti sonur Tobba hefur unnið á sumrin í Einhamri, bæði fyrir og eftir rýmingu. „Strákurinn er ekkert smeykur og finnst þetta bara geggjað." Tobbi telur að það verði að virða skoðun hvers og eins. „Það er náttúrulega bara fullt af liði sem þorir ekki heim en kannski kemur það með tímanum."



Hann telur að Grindavík muni alveg ná sér á strik aftur en samfélagið sé samt laskað. „Það er undir Grindvíkingum sjálfum komið hvernig framtíðin verður. Ég meina, það sést bara á körfuboltaleikjum hvað samfélagið er geggjað hérna. Sumir ætla að leyfa börnunum að klára grunnskólann þar sem þau búa núna og sjá svo til."

Mætti bara á eina kóræfingu

En hvað með söngferilinn? „Ég bað vin minn að koma með mér í karlakórinn á Vopnafirði en mætti sjálfur bara á fyrstu æfingu því ég er alltaf á sjónum. Hann er hins vegar ennþá í kórnum." Aðspurður segist Tobbi verða feiminn sé hann beðinn um að syngja í karókí. „Ef ég fæ hugmyndina sjálfur þá er það í lagi. Brandarar koma heldur ekki eftir pöntunum." Þrátt fyrir meinta feimni syngur Tobbi þó samt bæði á sjónum og í sturtu.

Stýrimaðurinn síkáti fær líka skemmtilegar hugmyndir: „Ég á iðnaðarbíl á Vopnafirði og ég lét setja skilti utan á hann sem stendur á Grindvíska sendiráðið. Síðan lét ég útbúa fyrir mig ilmspjöld í bíla með sömu áletrun og gef þá fólki hingað og þangað til að hengja neðan í speglana hjá sér. Ég hef helvíti gaman af þessu!" ■



Grindavík og Hveragerði í mestri hættu

Grindavík er eitt þeirra þéttbýlissvæða á Reykjanesskaga sem standa frammi fyrir hvað mestri hættu af völdum hraunrennslis samkvæmt nýrri skýrslu Veðurstofu Íslands um langtímahættumat vegna hraunavár.

Í skýrslunni kemur fram að Grindavík sé á svæði sem tilheyrir efsta hættustigi, það er í hópi þeirra svæða sem falla í efstu 10 prósent hvað varðar líkur á hraunavá. Sérstaða bæjarins sé sú að hann er bæði í nálægð við líkleg gosupptök og jafnframt á svæði þar sem líkur á hraunflæði eru miklar.

Þá er bent á að innan eldstöðvakerfis Svartsengis, sem hefur verið virkt á undanförnum árum, séu líkur á hraunflæði í Grindavík metnar mjög miklar. Hraunhermanir sýni að líkur á hraunflæði í bænum geti verið frá töluverðum upp í miklar, allt eftir sviðsmyndum um goshegðun.

Í skýrslunni er einnig bent á að vesturhluti Grindavíkur sé sérstaklega útsettur þegar um er að ræða þunnfljótandi hraun sem geta runnið langt frá gosstöðvum, til dæmis frá Eldvörpum, en aðrar sviðsmyndir sýni jafnari áhættu fyrir bæinn í heild.

Auk íbúðarbyggðarinnar er Grindavíkurhöfn nefnd sérstaklega sem eina



höfn landsins á efsta hættustigi vegna hraunavár. Þá liggi einnig mikilvægir vegir á svæðinu, þar á meðal Grindavíkurvegur, um svæði þar sem hætta er talin mjög mikil.

Í skýrslunni er undirstrikað að víða á Reykjanesskaga séu mikilvægir innviðir, svo sem virkjanir, raflínur og vatnslagnir, staðsettir á svæðum með mikla hraunavá. Þetta þýði að eldgos á svæðinu geti haft víðtæk áhrif langt út fyrir einstök sveitarfélög.

Skýrslan er hluti af umfangsmiklu verkefni Veðurstofunnar þar sem í fyrsta sinn er lagt heildstætt mat á langtímahættu vegna hraunrennslis á öllum Reykjaneskaga. Niðurstöðurnar eiga að nýtast við skipulag, landnýtingu og viðbragðsáætlanir á svæðinu. ■



Nútímalegur og sportlegur rafbíll með allt að 528 km drægni. Með ofurhröðum hleðslutíma tekur einungis 18 mínútur að hlaða hann úr 10% í 80%.

Komdu og reynsluaktu nýjum Kia EV6 hjá okkur í K.Steinarssyni, Njarðarbraut 15, 260 Reykjanesbæ.

Við tökum vel á móti þér.

7 ÁRA ÁBYRGÐ KIA*
LOFORÐ UM GÆÐI

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánari upplýsingar askja.is/hledslulausnir

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.



Í þolinmæði og trausti skal styrkur ykkar vera *(Jes. 30:15)*

Eftir séra Elínborgu Gísladóttur

Sjómannadagurinn er fjölskylduhátíð þar sem sjómenn og fjölskyldur þeirra sameinast og gera sér glaðan dag. Í Grindavík hefur sjómannadagurinn átt sínar djúpu rætur en til að lífga upp á sjómannadagshelgina var búin til bæjarhátíð sem nefndist Sjóarinn síkáti, sem var þriggja daga hátíð, þar sem bærinn fylltist af fólki og dagarnir einkenndust af gleði og samstöðu. Grindvíkingar kepptust við að skreyta hús sín, fara í skrúðgöngu þar sem hvert hverfi átti sinn lit og allir þeyttust uppábúnir út á götu og tóku þátt.

Eftir rýmingu 10. nóvember 2023 hafa lítil sem engin hátíðarhöld verið haldin því ekki er ennþá í raun leyfilegt að búa í bænum eða stofna til hátíðarhalda. En messan hefur þó verið á sínum stað sem og heiðrun sjómanna. Við höfum líka gengið niður að minnisvarðanum Von, þar sem lagður hefur verið blómsveigur til minningar um drukknaða menn.

Séra Elínborg við Von, minnisvarða um um sjómenn sem hafa farist.



Það hefur sannarlega komið í ljós þessi ár frá rýmingu að Grindvíkingar búa yfir mikilli þrautseigju og baráttuvilji þeirra til að fá að skapa, endurreisa og byggja upp Grindavík á nýjan leik er óþrjótandi. Við sem höfum búið í Grindavík í lengri eða skemmri tíma og kynnst hjartslætti samfélagsins vitum að endurreisnin mun takast.

Samfélagið í Grindavík hefur staðið frammi fyrir ógn og áskorun fyrr, samfélag sem byggist í kringum sjóinn og fiskimiðin hefur þurft að horfa á eftir mörgum sjómönnum farast í veðurofsanum sem við þekkjum vel. Sjómenn hafa skilið eftir sig eiginkonur og börn sem hafa meira eða minna þurft að reiða sig á góðvild náungans, samfélagsins eða annarra fjölskyldumeðlima.

Við slíkar aðstæður, þar sem ógnin steðjar stöðugt að, verður til samhugur og kærleikur í samfélaginu. Fólk hjálpast að við að leiða og styðja hvert annað en lærir líka að lifa og takast á við ógnir og óvissu náttúruaflanna.

Grindvíkingar hafa þurft að reyna það á eigin skinni að við búum í eldfjallalandi, rýmingin ber vitni um það. Grindvíkingar hafa með samstöðu sinni sýnt kjark sinn og vilja til að fá að endurreisa bæinn, fólk sem þekkir það að búa við óvissu og hættur.

Það er líka mikilvægt að Grindvíkingar haldi áfram að tala máli sínu, haldi stefnu sinni og framtíðarsýn eins og samfélagið hefur alltaf gert. Samfélagið býr yfir þeirri gerð að vera framsækið. Þannig hefur Grindavík orðið að því góða samfélagi sem við þekkjum, þar sem einstaklingar og atvinnulíf fá að blómstra.

Bjargráðin eru falin í sögu samfélagsins í baráttunni við náttúruöflin, þrautseigja, áræðni og dugnaður gera það að verkum að haldið verður áfram þeirri göngu sem hafin er að endurreisn Grindavíkur þrátt fyrir mótvind á stundum. Vonin býr í samfélagi sem stendur saman og horfir fram veginn og þar sem hver lætur sér annt um annan..

Ég óska sjómönnum, fjölskyldum þeirra og öllum Grindvíkingum til hamingju með daginn og bið ykkur Guðs blessunar í leik og starfi.

Megi sporin til framtíðar vera vörðuð von, ljósi og styrk.

Færðu mér ljósið langt og mjótt,
logann granna sem teygir sig
út í alheimsdjúpa nótt.

Veittu mér blessun, bænheyr skjótt,
birtan þín skæra fylgi mér
út í alheimsdjúpa nótt.

Auktu mér dirfsku, afl og þrótt,
ávallt mér sendu kraftinn þinn
út í alheimsdjúpa nótt.

Vertu mín stoð svo verði rótt,
veginn lýstu á minni leið
út í alheimsdjúpa nótt.

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson



SJÓMANNAHEILSA

Við óskum sjómönnum til hamingju með daginn

Sérhæft fyrirtæki í heilbrigðismálum starfsfólks í sjávarútvegi
www.sjomannaheilsa.is



MYND: DAVÍÐ ÞÓR

„Hann var okkur mikil fyrirmynd“

Ólafur Þór Jóhannsson, Óli Jó, fékk blóðtappa í lungu og lést þann 2. febrúar 2025, aðeins sjötugur að aldri. Fáir hafa haft meiri áhrif á samfélagið í Grindavík, ekki síst íþróttalífið. Hann lék sjálfur körfuknattleik með Grindavík í hartnær 20 ár og sat um árabil í stjórn deildarinnar. Börn þeirra Ólafs Þórs og Þórunnar Sigurlaugar Jóhannsdóttur, eftirlifandi eiginkonu hans, léku öll körfubolta með félaginu en bræðurnir þrír eru enn ýmist að keppa eða þjálfa.

SVG settist niður með systkinunum Sigríði Önnu (Siggu), Þorleifi (Lalla), Jóhanni Þór og Ólafi. Í viðtalinu, sem tekið er á æskuheimili þeirra, að Glæsivöllum 11, minnast systkinin pabba síns, ræða lífið í Grindavík og deila kærum minningum frá uppvaxtarárunum.

Sigga, eins og hún er ætíð kölluð, er fædd 1981 og er elst systkinanna. Hún er framhaldsskólakennari og hefur starfað í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti um árabil. Hún var sú eina í systkinahópnum sem ekki bjó í Grindavík þegar bænum var lokað. „Það var kannski bara svolítið gott að ég bjó ekki í Grindavík því ég gat þá opnað heimili mitt þegar bærinn var rýmdur. Þetta var ákveðin miðstöð fyrir fjölskylduna fyrst um sinn,“ segir hún um þennan tíma.

Hún segir að þegar fullorðna fólkið hafi til dæmis þurft að skjótast með skömmum fyrirvara til Grindavíkur til að fara í verðmætabjörgun hafi húsið hennar jafnan verið fullt af börnum. „Þetta var ótrúlegur tími. Ég var bara að skoða myndir af þessu nýlega – forstofan hjá mér var alltaf smekkfull af skóm.“ Sigga, sem spilaði körfubolta með Grindavík eins og bræður hennar þrír, á sjálf fjögur börn. Lalli á önnur fjögur, Ólafur tvö og Jóhann á tvö stjúpbörn. Samtals eiga þau systkinin því 12 börn.

Eiginkonan greindist með MND

Jóhann er næstur í systkinaröðinni, fæddur 1983. Hann þjálfar meistaraflokk karla í körfubolta í Grindavík og hefur starfað hjá Eimskip. Hjónin ákváðu hins vegar í desember að flytja heim og búa í Grindavík. Í byrjun janúar greindist eiginkona Jóhanns með MND-sjúkdóminn.

„Þannig að sem stendur er ég ekki að vinna neitt fyrir utan körfuna. Við tókum ákvörðunina fyrir jól, að flytja heim, og það er hvergi betra að vera en hér. Maður fer út á morgnana og hlustar á brimið og náttúruna og allt það sem því fylgir. Þetta er toppurinn á tilverunni,“ segir Jóhann. Hann segir að í kringum þau sé búið í a.m.k. fjórum húsum. „Það er mikið um þessa hollvinasamninga þannig að maður verður mest var við fólk um helgar en það er smám saman að færast líf í bæinn.“

Hundleiðinlegt að keyra í burtu

Lalli, fæddur 1984, er búsettur í Kópavogi en er mikið í Grindavík, þar sem þau hjónin eru með hollvinasamning um húsið sem þau áttu þegar bærinn var rýmdur. Hann þjálfar meistaraflokk kvenna í Grindavík og er forfallakennari í Smáraskóla auk þess að vera í MBA-námi í Háskólanum í Reykjavík. Þessu til viðbótar kemur hann að þjálfun yngri flokka körfuknattleiksdeildar Breiðabliks, þar sem sonur hans æfir. „Þetta er sitt lítið af hverju en þegar þetta kemur saman er þetta of mikið,“ segir hann og brosir. Hann er líka í framboði fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Bæði karla- og kvennalið meistaraflokks Grindavíkur í körfuboltanum æfa og keppa í Grindavík. „Við vorum búin að ákveða að vera í Smáranum en það voru einhverjir ósáttir við það, svo niðurstaðan var að fara heim. Það var bara frábært,“ segir Lalli. Hann segir það alltaf gaman að keyra til Grindavíkur á æfingu en hundleiðinlegt að keyra heim að æfingu lokinni. „En maður lætur sig hafa það.“

Ólafur er yngstur þeirra systkina, fæddur 1990. Eins og Grindvíkingar vita er hann enn á fullu í körfunni með Grindavík en þegar þetta viðtal er skrifað er liðið á leið í úrslitaeinvígi Íslandsmótsins. Ólafur hefur verið í landsliðinu um árabil og einn albesti körfuknattleiksmaður landsins. Hann starfar einnig við Njarðvíkurskóla og á tvö börn með eiginkonu sinni.

Var stundum kallaður Ólafur stúdent

Auðheyrt er á þeim systkinum að þau eru samrýmd og geyma með sér margar góðar minningar um pabba sinn. Þeim eru þau óhrædd við að deila. Því er réttast að gefa þeim orðið.

Jóhann: Það var frábært að alast hérna upp. Þegar við fluttum hingað í þetta hús, sennilega 1986, þá var þetta pínu úti í sveit. Síðasti ljósastaurinn var bara við bakaríið. Hér voru ekki gólfefni fyrstu árin og eina hurðin var á baðherberginu. Baðinnréttingin var bara einhver spónaplata.

Sigga: Já, og þau fengu svo einhverja eldhúsinnréttingu sem átti að henda. Svo man ég að pabbi talaði um að fyrstu mánuðina hefði rafmagn verið leitt með strengjum út í byggðina hérna fyrir neðan.

Lalli: En það var gott að vera hérna. Við vorum á kafi í íþróttum; fótbolta á sumrin og körfubolta á veturna. Svo var bara farið út á bryggju að veiða eða leikið sér í hrauninu eða öðru hérna í kring. Þetta voru bara forréttindi.



Óli með vænan afla, sennilega úr Fljótaá. Þar átti hann ófáar stundirnar með sínum nánustu.
MYND: ÚR EINKASAFNI

Jóhann: Ég man að skólinn var tvísetinn. Bekkirnir voru tvískiptir. Annar bekkurinn var í skóla fyrir hádegi en hinn eftir hádegi. Það voru sem sagt tveir bekkir í hverjum árgangi. Ég man eftir þessu þannig.

Sigga: Já, þegar við vorum að alast hérna upp þá var mamma heimavinnandi húsmóðir. Þegar við komum heim úr skólanum þá var búið að smyrja ofan í okkur. Vinkonur mínar tala sumar enn um hversu gott var að koma heim með mér eftir skóla. Búið að smyrja ofan í okkur og nýbökuð skúffukaka og mjólk. En hún var líka stundum að skera af netum.

Lalli: Já, alveg rétt. Hún var stundum við það inni í bílskúr.

Sigga: Já, þetta er sterk minning. Það kom pallbíll fullur af netum. Þeim var sturtað í innkeyrsluna og svo skar hún utan af þeim. Það voru reglulega krossfiskar og krabbaklær hérna fyrir utan.

Ólafur: Ég var örverpið og bræður mínir létu mig alveg finna fyrir því, eins og í körfunni. Ég ætlaði strax að verða betri en þeir en þeir gáfu mér engan afslátt og ég komst ekki upp með neitt. En svo stóðu þeir saman og með mér þegar einhverjir aðrir létu mig heyra það.

Jóhann: Pabbi var svo að vinna á fiskmarkaðnum. Hann byrjaði þar 1987 en var kennari fyrir það.

> *Hann fór alltaf á sjóinn á sumrin þegar hann var yngri og var í Norðursjó og var einn ríkasti nemandinn eftir sumarið.*

Lalli: Hann fór alltaf á sjóinn á sumrin þegar hann var yngri og var í Norðursjó og var einn ríkasti nemandinn eftir sumarið. Hann var stundum kallaður Ólafur stúdent af einhverjum Grímseyingum sem

Framhald á næstu síðu →



Myndin er tekin við húsið Hvamm sem er ættaróðal fjölskyldunnar í Fljótum. Þangað fara þau á hverju sumri. „Fljótin eru okkar paradís. Þarna er pabbi að segja Sögu, Þóreyju, Alberti og Brynju sögu. Þær voru ófáar sögurnar sem pabbi sagði," segir Sigga um myndina.
MYND: ÚR EINKASAFNI

voru með honum í Norðursjónum. Hann átti einmitt vin úr Grímsey sem hét Þorleifur og var kallaður Lalli en dó mjög ungur. Ég var skírður í höfuðið á honum.

Pabbi heimsótti oft Grímsey. Mér var sagt frá því að þegar hann kom á Sveinsstaði í Grímsey hefði honum verið boðið í suðurstofuna. Þangað hefði Danadrottningu verið boðið og forseta Íslands. Það var ekki hverjum sem er boðið þangað en stofan var bara opnuð þegar Ólafur stúdent kom í heimsókn.

Sigga: Ég man líka eftir að hafa heyrt viðurnefnið Óli eðla, því hann kenndi eðlisfræði í grunnskólanum.

Ólafur: Eina skiptið sem ég fór á sjó var vélstjórinn um borð frá Grímsey. Við köllum hann alltaf Lalla Grímseying. Hann heitir í höfuðið á sama Lalla og Lalli bróðir. Hann spurði mig hverra manna ég væri. Þegar ég sagði honum hver væri pabbi minn þá datt af honum andlitið. „Er Ólafur stúdent pabbi þinn?" Svo kom sagan af suðurstofunni sem Lalli nefnir og að þeir bræður, Lalli og Garðar, hefðu aldrei mátt stíga fæti þar inn.

> *Ég man líka eftir að hafa heyrt viðurnefnið Óli eðla, því hann kenndi eðlisfræði í grunnskólanum.*

Muna eftir honum í keppni

Óli var mikill íþróttamaður, eins og fram hefur komið, og burðarás í körfuboltaliði Grindavíkur þegar liðið fór upp um deild og fór að keppa á meðal þeirra bestu. Þá voru eldri systkinin þrjú ung að árum og Ólafur ekki fæddur. Þau eldri segjast muna aðeins eftir honum þegar hann var að keppa.

Sigga: Já, ég man eftir því, fyrstu árin sem við bjuggum hérna.

Jóhann: Hann hætti að spila 1992 en var eftir það í stjórn. Ég man þegar ég var að fara með honum á æfingar og á leiki. Ég fékk að fara með vegna þess að þegar þjálfarinn talaði þá hélt ég á boltanum. Lalli átti í miklum erfiðleikum með það. Þess vegna fékk ég að fara með en ekki Lalli. Þarna var ég orðinn sex, sjö og átta ára og þá fer maður að muna meira. Á þessum árum er körfuboltinn að springa út. Hann var lengi vel maðurinn á bak við tjöldin hjá félaginu, alveg til 1996 eða '97.

Ólafur: Ég man ekkert eftir pabba spila með Grindavík en sá hann þegar hann var í Old boys. Þá tóku þeir þátt í einhverjum Molduxamótum fyrir norðan. Honum þótti það ekki leiðinlegt.

Ég á fyrstu minningarnar af pabba þegar hann var á fiskmarkaðnum. Hins vegar eru það allar útilegurnar og ferðirnar sem maður man mest eftir. Hann var alltaf að passa upp á að við værum að gera eitthvað skemmtilegt saman, ferðast hringinn í kringum landið eða brasa eitthvað.

Sigga: Við urðum svo mikið vör við körfuboltann því það fór svo margt fram á þessu heimili. Erlendu leikmennirnir voru alltaf inni á gafli hjá okkur og samskiptin voru mikil, t.d. við Dennis Matica, Dick Ross og fleiri. Ein áramótin buðu mamma og pabbi erlendu leikmönnunum að eyða öllu kvöldinu með okkur. Svo voru alltaf reglulega fjáraflanir í gangi og pabbi tók okkur alltaf með í allt svoleiðis. Ég man eftir að hafa verið að selja jólarósir, rukka fyrir einhver fermingarskeyti og svara í símann.

Jóhann: Hann tók okkur alltaf með í allt.

Sigga: Já, og svo jólatréssala. Við vorum bara þátttakendur í þessu öllu.

Jóhann: Stjórnarfundir voru oft haldnir hérna í stofunni, þar sem við sitjum núna. Það er kannski ekkert skrýtið að við systkinin höfum farið á kaf í þetta. Karfan og allt það sem þarf að gera í kringum svona rekstur var partur af uppeldinu og maður skilur fyrir vikið betur út á hvað þetta gengur. Pabbi kenndi okkur um hvað þetta snýst og hvað þarf að gera til að halda svona körfuknattleiksdeild gangandi.

En við tölum líka um það systkinin að síðasti sjálfboðaliðinn sé fæddur – það er svolítið sorglegt. Ég segi oft að ef ég ætti ekki konu þá myndi ég þjálfa frítt. Það viðhorf kemur frá pabba. Hann var okkur mikil fyrirmynd.

Æviágrip Óla Jó

Ólafur Þór Jóhannsson fæddist 6. apríl 1954 í Reykjavík en ólst upp í Grindavík og bjó þar nær alla tíð. Foreldrar Ólafs voru Jóhann Ólafsson múrarameistari og Ólöf Ólafsdóttir, matráður og verslunarkona.

Ólafur lauk skólagöngu í Grindavík 13 ára. Fór þá, ófermdur, í Héraðsskólann á Laugarvatni og lauk landsprófi þar 1970. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum að Laugarvatni árið 1974. Tók þá frí frá námi í tvö ár og fór á sjóinn, en fór eftir það í KHÍ og lauk B.Ed.-prófi 1979. Hann lauk 1. stigs námi í Stýrimannaskólanum 1978 sem hann tók með námi á öðru ári í KHÍ.

Á námsárunum vann Ólafur í byggingarvinnu og múrverki. Fór til sjós 18 ára, fyrst á síldveiðar í Norðursjó á Grindvíkingi GK og var lengst af á þeim báti á sumrin og eftir stúdentspróf. Hann var kennari við Grunnskóla Grindavíkur frá 1979-1986 en fór þá aftur á Grindvíking og varð 2. stýrimaður.

Ólafur var ráðinn framkvæmdastjóri Fiskmarkaðar Suðurnesja 1987 sem var einn af fyrstu fiskmörkuðum á Íslandi. Árið 2001 flutti hann til Bremerhaven í Þýskalandi og starfaði þar við fiskmarkað í tvö ár. Flutti eftir það heim aftur og stofnaði fyrirtækið Spes ehf. ásamt Stakkavík og hóf útflutning á fiski, aðallega ferskum.

Hann keppti í tveimur efstu deildum körfuboltans frá 1971-1990, fyrst með HSK, síðan lengstum með Grindavík. Hann var í liði Ungmennafélagsins Hvatar í Grímsnesi sem varð Íslandsmeistari í blaki 1973 og spilaði tvo fyrstu landsleiki Íslands í blaki.

Ólafur var kjörinn í stjórn KKÍ árið 1995 og var varaformaður sambandsins til 2001. Hann var sæmdur gullmerki KKÍ og Ungmennafélags Grindavíkur. Ólafur var kjörinn formaður stjórnar nýstofnaðs félags um rekstur Fisktækniskóla Íslands árið 2009 og gegndi því starfi til 2023.

Ólafur Þór lést á Landspítalanum 2. febrúar 2025, sjötugur að aldri. Eftirlifandi eiginkona Ólafs er Þórunn Sigurlaug Jóhannsdóttir stuðningsfulltrúi, f. 1957. Börn þeirra eru Sigríður Anna framhaldsskólakennari, f. 1981, Jóhann Þór, körfuboltaþjálfari og þjónustufulltrúi, f. 1983, Þorleifur Ólafsson, körfuboltaþjálfari og framkvæmdastjóri, f. 1984, og Ólafur Ólafsson, fyrirliði Grindavíkur í körfubolta og gæðastjóri, f. 1990. Barnabörnin eru 12.

Lagði mikla rækt við fjölskyldu og vini

Sigga: Hann var ekki bara fyrirmynd í þessu heldur líka bara í öllu lífinu. Hann lagði sig fram við að segja okkur út á hvað lífið gengur. Hann var sérstaklega fjölskyldu- og vinrækinn maður. Hann var líka duglegur að segja okkur sögur af uppeldinu í Fljótunum. Hann var þar í sveit þegar hann var sex til tíu ára gamall. Það var á þeim tíma einangruð og svolítið frumstæð sveit.

Við fórum svo oft með honum í Fljótin. Hann nennti endalaust að vera að vasast með okkur þar; segja okkur sögur af svæðinu og frá árunum í Norðursjónum. Hann kenndi okkur að veiða og kenndi okkur á umhverfið og náttúruna. Hann var bara ofsalega vandaður maður, hann pabbi.

Lalli: Hann var það. En hann þoldi ekkert kjaftæði. Maður átti til dæmis bara að borða það sem var í matinn. Hann hélt alveg aga á heimilinu.

Sigga: Hann gat verið mjög ákveðinn og sýnt festu en um leið var hann bæði mjúkur og blíður. Ég man að Jóhann sagði þegar pabbi dó að honum hefði alltaf einhvern veginn tekist að gera ótrúlega mikið úr engu.



Sigga segir að pabbi þeirra hafi lagt sig fram við að segja þeim út á hvað lífið gengur.
MYND: DAVÍÐ ÞÓR

Hann gat gert sunnudagsbíltúr út á Reykjanesið eða ferð upp á fjöll að einhverju ævintýri. Það sama gilti um alls kyns hversdagslega viðburði. Hann gaf sig alltaf allan í það sem hann gerði.

Ólafur: Allt þetta litla sem hann gerði er svo minnisstætt. Í Fljótunum dró hann mig með sér í fjallgöngur. Uppi í fjöllunum er mikið af litlum pollum sem eru ískaldir. Pabbi var duglegur að rífa sig úr fötunum og baða sig í þessu. Auðvitað vildi ég ekki vera minni maður og gerði það sama. Djöfull var þetta kalt, en það sást ekki á kallinum. Honum fannst þetta fínt.

Lalli: Já, þetta gilti bara um allt. Og hann gerði það sama fyrir barnabörnin.

Sigga: Já, þau eiga alveg endalausar minningar um afa sinn. Hann fékk mann til að tengja við fugla, við fjöruna og meira að segja rollurnar. Pabbi var mikill dýravinur. Eitt sumar héldu mamma og pabbi heimalninga og þau þurftu að fara þrisvar sinnum á dag og gefa þeim pela. Þetta var ekkert grín. Þau fóru að gefa á milli klukkan sex og sjö á morgnana, svo um miðjan daginn og svo seint að kvöldi. Barnabörnin voru tekin með í þetta. Svo fékk maður stundum símtal: „Við erum sko að fara í ferð um helgina og þið þurfið að taka við." „Andskotinn," hugsaði maður stundum með sér.

Jóhann: Þegar við fórum í Fljótin þá vorum við oft við Stífluvatnið. Hann kenndi okkur að veiða á maðk og flotholt og flugu. Svo kenndi hann barnabörnunum þetta líka. Hann var ótrúlegur. Eins og ég segi þá gat hann gert mikið úr engu.

Ólafur: Í Fljótunum er lónlækur sem pabba þótti gaman að labba að með stöngina. Hann kom alltaf með fisk úr læknum en ég náði aldrei fiski þar. Ég eyddi öllum fermingarpeningunum mínum í flugustöng og á hana enn í dag. Svo fór ég með pabba og Jasoni vini hans á fluguveiðinámskeið. Það sem hann nennti að standa með mér og æfa köst.

Sigga: Þótt þau hafi ekki alltaf haft mikið á milli handanna þá einhvern veginn áttum við alveg ævintýralega ævintýralega ævintýralega



Körfubolti hefur alla tíð gegnt stóru hlutverki í lífi fjölskyldunnar. Þjálfarinn Jóhann Þór er hér á æfingu í maí.
MYND: DAVÍÐ ÞÓR



Ólafur man ekki eftir pabba sínum spila fyrir Grindavík en hann saknar hans hins vegar úr stúkunni.
MYND: DAVÍÐ ÞÓR

lífrarpylsu – þú áttir að borða bæði og komst ekkert upp með annað.

Svo kemur Ólafur í heiminn 1990 og þá var þetta orðið aðeins léttara. Þau höfðu þá meira á milli handanna.

Lalli: Ég man að við áttum ekki sjö manna bíl. Við vorum fjögur aftur í.

Jóhann: Já, við Lalli vorum saman í belti aftur í – þegar við keyrðum hringinn í kringum landið á Súbbanum. Ólafur var stundum bara í framsætinu í bílstólnum og hafði það gott.

Sigga: Ég vil líka nefna að í fjölskyldunni hafa í gegnum tíðina verið tveir fjölskylduhundar. Annars vegar Alfa, scheffer-hundurinn hans Ólafs bróður. Alfa er dáin en hún tók ástfóstri við pabba. Þau tóku við honum þegar Ólafur eignaðist son því sonur hans er með svo mikið hundaofnæmi. Þannig að þau ættleiddu hundinn. Askan af Ölfu liggur með pabba í kirkjugarðinum. Það fékk mikið á pabba þegar við þurftum að lóga Ölfu. Og svo er það Máni, hundurinn hans Jóhanns. Hann var stundum að strjúka frá Jóhanni og var eitt sinn mættur hingað á Glæsivellina 5:30 um morguninn.

Fluttu til Þýskalands

Bræðurnir þrír fluttu með foreldrum sínum til Bremerhaven í Þýskalandi árið 2001, þar sem fjölskyldufaðirinn starfaði hjá þarlendum fiskmarkaði. Sigga varð eftir á Íslandi. Þeir Lalli og Jóhann viðurkenna að það hafi verið viðbrigði að fara út. Þeir voru þá á unglingsaldri og á kafi í körfunni. Þeir voru rétt að venjast lífinu í Þýskalandi þegar ævintýrið var á enda. Pabbi þeirra fékk ekki næg verkefni og ákveðið var að halda heim á leið.

Lalli: Við vorum reyndar næstum því flutt til Brasilíu áður en við fórum til Þýskalands. Pabbi var að stofna fiskmarkað í Brasilíu. Þá var hann búinn að vera með Fiskmarkað Suðurnesja í mörg ár og var að kenna Brasilíumönnum á kerfið. Þarna var hann búinn að vinna við að setja upp uppboðskerfið fyrir Reiknistofu fiskmarkaða og var að kynna þetta þarna úti. Hann bjó til þetta konsept, númerakerfi fyrir fiskinn, ásamt öðrum.

Jóhann: 01 er þorskur, 02 er ýsa og 03 er ufsi. Svo ræðst númerið af því hvort fiskurinn er slægður eða ekki – og eitthvað svoleiðis. Það er enn verið að nota þetta.

Lalli: Svo þegar hann stofnaði Spes ehf. og fór að flytja út fisk þá bjó hann til vörunúmer út frá þessu kerfi. Þannig var mjög auðvelt að vita hvað númerið þýddi; af hvaða tegund fiskurinn var og hvernig fisk hann var að selja. Hann fór til Brasilíu og seldi þeim þetta kerfi.

Jóhann: Nei, hann reyndi það. En svo vildu þeir fá hann til að vinna við þetta úti. Það gekk til baka og við fluttum ekki út.

Sigga: Það hefði nú verið geggjað að flytja til Brasilíu. Ólafur og mamma fóru með honum þangað í einhverjar sex vikur.

Ólafur: Það var þvílík upplifun að vera í Ríó í sex vikur. Ég var eins og einkabarn þarna með þeim. Alla daga á Copacabana-ströndinni. Pabbi fékk mig til að borða gíraffa, krókódíl og fleira skrítið.

Lalli: Ég var settur í pössun en þau Jóhann og Sigga voru heima á meðan. En eftir á að hyggja var frábært að fara til Þýskalands. Pabbi var hins vegar fljótur að klára það sem hann átti að gera þarna og hafði svo ekkert að gera eftir það. Hann var með tiltekið verkefni á hverjum degi og ég man að hann var minnst fjórar mínútur að klára það – það var metið hans. Hann var samt á fínum launum – þetta snerist ekki um það.

Við vorum dugleg að gera skemmtilega hluti þarna úti. Við fórum á fótboltaleiki og ferðuðumst. Þetta var gott en mjög stutt ævintýri. Við vorum allir í körfunni þarna úti og þóttum mjög efnilegir. Við urðum betri leikmenn fyrir vikið því þarna var mikil samkeppni og öðruvísi kúltúr.

Þegar við ákváðum að flytja heim þá var einhver náungi sem hafði samband við pabba frá Cuxhaven, sem er næsti bær við Bremerhaven. Hann sagðist hafa heyrt að við værum á leiðinni heim. Hann bauð pabba vinnu gegn því skilyrði að við bræðurnir kæmum og spiluðum körfubolta með liðinu. Á þeim tímapunkti var ég búinn að ákveða að fara til Bandaríkjanna sem skiptinemi. Hann ákvað að taka ekki tilboðinu, flytja heim og stofna Spes ehf., sem flutti út fisk með Stakkavík.

Jóhann: Það var svolítið svekkjandi að fara allt í einu bara heim. Við hefðum alveg getað spilað þarna úti. Við vorum bara fúlir yfir því að vera að fara heim, 17 og 18 ára gamlir.

Lalli: Í framhaldinu fór Ólafur aftur út að spila körfubolta í Bremerhaven – en þá bara einn. Hann fór inn í eitthvert unglingastarf þar.

Ólafur: Þetta var 2008. Ég hafði farið um sumarið með mömmu, pabba og frænda mínum til Bremerhaven. Pabbi var búinn að tala við einhvern karl þarna. Ég fékk í þessari sumarferð að fara á æfingu hjá honum og eftir hana var mér boðið að koma og spila með unglingaliðinu. Ég var búinn að ákveða að fara til Bandaríkjanna í skóla þar en við þekktum umhverfið þarna í Þýskalandi svo ég fór þangað. Ég átti að fara í skóla þarna með körfunni en nennti því ekki. Var bara í ræktinni og að æfa. Fyrir 18 ára strák var þetta gaman og mikið ævintýri. Ég bjó í íbúð með tveimur öðrum. Þeir voru alltaf að elda einhvern frosinn fisk sem var óætur að mínu mati en frábær matur að þeirra mati. Þegar mamma og pabbi komu í heimsókn bað ég pabba að koma með ferskan fisk og elda fyrir þá. Hann gerði það og þar sló ég í gegn með pabba hjálp. Þeir höfðu ekki smakkað annað eins lostæti og þessi frosni fiskur sem þeir höfðu étið var eftir þetta ekki eins góður.

Kunni að njóta lífsins

Samgangurinn innan fjölskyldunnar hefur alla tíð verið mikill, þrátt fyrir að systkinin hafi flutt að heiman og stofnað eigin fjölskyldur, eins og gengur. Foreldrar þeirra voru líka afar duglegir að sinna barnabörnunum – fara með þeim í



Systkinin spiluðu öll fyrir Grindavík á uppvaxtarárunum og Ólafur, hér fyrir miðju, er enn að.
MYND: ÚR EINKASAFNI

Fljótin eða aðrar ævintýraferðir. Óli var farinn að horfa til þess að setjast í helgan stein en hann ætlaði að hætta að vinna 2027, að sögn Lalla.

Lalli: Það er svo svekkjandi að hann skyldi fara þegar hann var um það bil að hætta að vinna og ætlaði bara að njóta lífsins. Hann var búinn að áforma að vinna fjóra daga í viku, svo þrjá og loks tvo áður en hann myndi hætta alveg. Hann var svo fær í því sem hann gerði, í þessum fiskútflutningi, að samstarfsmennirnir hans, Hollendingar og Belgar, vildu nýta hann eins lengi og þeir gátu. Allt bókhald og annað var algjörlega upp á tíu.

Sigga: Hann var samt ekkert sú týpa sem var að bíða eftir því að geta notið lífsins. Hann var maður sem naut lífsins og hann var alltaf þannig. Hann gat verið bara einn heima og eldað sér geggjaðan mat og átt notalega stund. Hann kunni að njóta sín og það er svo gott í hjartað að vita það. Hann og mamma voru góð í að njóta lífsins saman.

> *Það er svo svekkjandi að hann skyldi fara þegar hann var um það bil að hætta að vinna og ætlaði bara að njóta lífsins.*

Fór að kenna sér meins

Skyndileg veikindi Óla Jó áttu sér í raun engan aðdraganda. Hann hafði alltaf verið við hestaheilsu. Systkinin ræða hér dagana áður en hann lést.

Sigga: Við höfðum átt alveg geggjaða viku þar sem var mikill samgangur. Öll kvöld þessarar viku var einhver í mat hjá

Framhald á næstu síðu →



Ólafur Þór, Jóhann Þór og Lalli að undirbúa humarsoð. Humarsúpan hans Ólafs heitins er alltaf á matseðlinum um áramót.
MYND: ÚR EINKASAFNI



Heimalningunum, sem þau hjónin héldu eitt sumarið, var gefið samviskusamlega þrisvar á dag.
MYND: ÚR EINKASAFNI

Lalli og Jóhann Þór að veiðum í Stífluvatni í Fljótum.
MYND: ÚR EINKASAFNI



þeim. Við hittumst öll á fimmtudeginum, borðuðum saman og fórum saman á körfuboltaleik. Á laugardeginum fóru mamma og pabbi í göngutúr í Smárann til að sjá nýja erlenda leikmanninn, það var Pargó. Þar hittu þau bræðurna. Þessi göngutúr var mjög sérstakur því hann þurfti nokkrum sinnum að stoppa og það var mjög ólíkt honum.

Um kvöldið var hann heima að gera crème brûlée með einu barnabarnanna en var mjög slappur. Það áttu að vera svið í matinn á sunnudeginum og crème brûlée í eftirrétt. Þá segir hann mömmu að hann þurfi að láta athuga sig. Þau fóru um kvöldið á bráðamóttökuna í skoðun.

Það var eitthvað í gangi en læknarnir áttuðu sig ekki alveg á því hvað það væri. Þetta tók tíma og mamma fór bara heim, enda virtist ekkert alvarlegt vera að. Hann var með fulla meðvitund og þess háttar.

Lalli: Ég sendi á hann og spurði hvað væri að frétta. Hann sagðist vera á leið í röntgen en sagðist vera góður.

Sigga: Ég sendi honum líka falleg skilaboð sem hann svaraði rétt eftir miðnætti. Mamma heyrði svo í honum áður en hún fór að sofa, um hálftvö um nóttina. Þá hafði liðið yfir hann og hann hafði verið háttaður ofan í rúm. Á þeim tímapunkti var læknana farið að gruna að þetta væri blóðtappi í lunga. Hann var samt alveg rólegur, ætlaði bara að fara að sofa og heyra í mömmu morguninn eftir.

Reyndu allt sem þau gátu

Sigga: Svo er hringt í mömmu klukkan sex um morguninn og hún beðin um að koma. Þá voru þeir búnir að staðfesta blóðtappann og hún vildi að ég kæmi með sér. Það hvarflaði bara ekki að okkur að þetta væri eitthvað alvarlegt. Ég hélt að það þyrfti kannski bara að skrifa undir einhverja pappíra varðandi aðgerð eða eitthvað slíkt.

Þegar við mamma mættum sá ég á þeirri sem tók á móti okkur að hún var að fara að segja okkur eitthvað alvarlegt. Pabbi var ekki dáinn en hafði vaknað klukkan sex um morguninn til að fara á klósettið. Hann hneig þá niður og fór í hjartastopp. Þeir náðu honum í gang en hann fór svo aftur í stopp. Hann var í sínu öðru hjartastoppi þegar við mamma komum. Þá kölluðum við alla fjölskylduna til.

Pabbi komst aldrei til meðvitundar eftir þetta. Við fengum fjórar eða fimm mínútur með honum í herberginu þar sem þeir höfðu verið að reyna endurlífgun. Hann andaði ekki sjálfur og var mjög þungt haldinn en þeir héldu honum í gangi.

Á þessum tímapunkti sagði læknirinn samt við okkur að það væri samt ástæða til bjartsýni, hann gæti alveg komið til baka. Þegar við vorum svo komin upp á gjörgæslu kom læknirinn hans aftur til okkar og sagði að hann hefði farið í þriðja hjartastoppið. Þá fóru að renna á okkur tvær grímur. Þessi karl gæti mögulega verið dauðlegur eftir allt saman.

Lalli: Ég man að svo kom heilt teymi inn á biðstofuna til okkar – þá voru þau enn að reyna. Okkur var sagt að það væri hægt að reyna að halda áfram – það væri alltaf örlítil von en að ákvörðunin væri okkar. Þau buðu okkur svo að vera viðstödd þegar tekið var úr sambandi. Og allt þetta fólk – örugglega 18 manns sem voru yfir honum þegar við komum inn – það var eins og þetta fólk gufaði upp. Allt í einu vorum við ein inni með honum.

Sigga: Ég man eftir andlitunum á þeim þegar við löbbuðum inn. Ég man hvað þau voru leið. Þetta var mikið af ungu fólki og maður sá bara svitataumana á andlitunum. Þau lögðu sig öll fram en hann var bara löngu farinn.

Jóhann: Eins og Sigga hefur sagt þá var þetta í raun bara eins og keyrt hefði verið á hann. Þetta kom alveg upp úr þurru og það var ekkert sem benti til þess að hann væri að fara.

Ólafur: Við hjónin vorum með símann okkar á silent þessa nótt. Mamma og Sigga náðu ekki í mig og konuna mína. Þá var löggan látin fara og vekja okkur. Það var hrikaleg upplifun. Það situr í mér að hafa ekki séð hann niðri á bráðamóttökunni lifandi eins og mamma og hin gerðu. Daginn áður en hann dó vorum við hjónin að ræða hversu okkur væri farið að líða vel, eftir rýminguna. Svo deyr pabbi morguninn eftir.

Passaði svo vel upp á alla

Sigga: Ég fann strax hvað það er skrýtið og erfitt að lifa án hans. Við munum finna fyrir því og hugsa hlýlega til hans alla ævi. Hann var bara þannig maður og við erum ofsalega samrýmd fjölskylda, þannig að missirinn er mikill.

Lalli: Ég rekst alltaf reglulega á fólk sem þekkti pabba og segir manni hvað það sakni hans ógeðslega mikið. Hann elskaði til dæmis að keyra norður og veiða með Ingvari bróður sínum. Hann dýrkaði þær veiðiferðir.

Jóhann: Hann notaði þessar ferðir oft til að koma við í Fljótunum og hitta frænkur sínar og fólk sem hann þekkti. Hann á vini úti um allt enda sinnti hann öllum svo vel. Við erum til dæmis í miklu sambandi við Jason, besta vin hans. Hann er mikill vinur allrar fjölskyldunnar.

Lalli: Hjalli lögga er annar vinur pabba sem heldur sambandi við okkur eftir að pabbi fór.

Jóhann: Hann passaði líka svo vel upp á alla. Hann skammaði okkur stundum ef það var orðið of langt síðan við heimsóttum ömmu.

Lalli: Ég finn að þeir sem hafa verið í viðskiptum eða átt í samskiptum við hann á einhvern hátt, í kringum fiskmarkaðinn og annað, hugsa til hans með mikilli hlýju. Það er jafnvel fólk sem hefur rifist við hann eða tekist á við hann á einhverjum tímapunkti. Hann gat alveg staðið mjög fastur á sínu en maður finnur hvað hlýjan er mikil. Ótrúlegasta fólk hefur gefið sig á tal við mig til að tala fallega um pabba. Manni þykir mjög vænt um það.

Ólafur: Þegar pabbi dó fékk ég kveðjur frá svo mörgum. Jafnvel frá fólki sem ég þekki ekki endilega. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir hversu vel pabbi var tengdur, hann þekkti svo marga úti um allt. Ég sá það þegar allar kveðjurnar bárust. Ótrúlegasta fólk var að senda. Mér þótti vænt um það.

> *Þetta var mikið af ungu fólki og maður sá bara svitataumana á andlitunum. Þau lögðu sig öll fram en hann var bara löngu farinn.*



Lalli segist reglulega rekast á fólk, sem hann þekki jafnvel ekki, sem lýsir því hvað það saknar pabba hans mikið. Ólafur Þór átti vini úti um allt.
MYND: DAVÍÐ ÞÓR

Jóhann: Ég var byrjaður að vinna með honum árið 2006, eða 2007, minnir mig, í kringum Spes ehf., sem flutti út fisk. Maður fór með honum út á sjávarútvegssýningar og aðra viðburði erlendis. Það var engin leið að ganga með honum í gegnum sýningarnar því hann virtist þekkja alla – og allir vildu tala við hann.

Ólafur: Hann tók mig einu sinni með sér á sjávarútvegssýninguna hér heima. Við stoppuðum í anddyrinu og komumst ekki lengra. Þegar hann sá að ég var orðinn leiður á að bíða sagði hann mér bara að fara inn, hann myndi finna mig.

Sigga: Hann átti vini úti um allt í útlöndum, oft einhverja sem hann kynntist við skrýtnar aðstæður.

Jóhann: Mér er minnisstætt þegar við vorum á sjávarútvegssýningu í Smáranum. Þá var Sæplast þar með bás. Þeir rifu karlinn til sín inn á bás til að fá einhver ráð varðandi fiskikör því fiskmarkaðirnir höfðu áður stofnað Umbúðamiðlun, sem framleiddi fiskikör. Þetta var allt svona.

Það er líka gaman að segja frá því að það krummaskuð er ekki til sem við þræddum ekki til að leita að markaðskörum. Kannski bara öll fjölskyldan saman á Subaru Legacy með tjaldvagninn aftan í, í sumarfrí. Það var alltaf tekinn bryggjurúntur þar sem hann var að leita að körum.

Sigga: Svo var hann með minnisbók í hanskahólfinu og skrifaði niður númerin á körunum sem hann fann.

Jóhann: Það voru þá kör sem búið var að stela eða kör sem ekki hafði verið skilað. Við vorum þarna, tveir í sama belti, að leita að FMS-körum á Vopnafirði, eða hvar sem er. Ég held að þetta sé enn þá vesen með þessi kör.

Matseld, körfubolti og heimsóknir

Ljóst er að systkinin eiga margar minningar um pabba sinn. En hvenær skyldu þau helst hugsa til hans?

Ólafur: Ég hugsa mest til hans í tengslum við körfuna. Það er líka skrýtið að sjá Jason, æskuvin hans, sitja einan í stúkunni. Það vantar hinn helminginn. Þeir sátu alltaf saman.

Þetta var bara skrýtið, þegar hann dó. Ég man að ég ætlaði ekki að spila fyrsta leikinn en svo sagðist mamma ætla að fara á leikinn. Ég gat bara ekki verið á hliðarlínunni í borgaralegum klæðum með mömmu í stúkunni, þannig að ég spilaði leikinn.

Framhald á næstu síðu →



Ljóst má vera að hjarta þeirra systkina slær í Grindavík, eins og sjá má á handleggnum á Lalla.
MYND: DAVÍÐ ÞÓR

Maður var samt bara dofinn og maður er það pínulítið enn þá. Ætli maður eigi nokkurn tíma eftir að sætta sig alveg við þetta? En svona er bara lífið.

En svo hugsa ég líka oft til hans þegar eitthvað kemur upp á í lífinu. Á erfiðum stundum var alltaf fyrsta símtalið til pabba. Ég viðurkenni að það kom fyrir að maður nennti ekki að hringja því stundum gat maður átt von á einhverju tuði. En svo lét maður sig hafa það – og hafði gott af því.

Sigga: Ég hugsa mest til hans þegar ég er að elda mat. Ég elda mikið og þá hellist þetta stundum alveg yfir mig. Ég á mjög margar minningar um okkur saman í eldhúsinu.

Jóhann: Ég hugsa mjög mikið til hans núna þegar karfan er alveg á fullu – þegar mest er undir. Og svo náttúrulega þegar maður fer norður í Fljótin.

Sigga: Já, hann er þar alveg úti um allt.

Lalli: Ég sakna heimsóknanna mest. Mér finnst enn þá skrýtið að fá hann ekki í heimsókn eða geta ekki komið hingað á Glæsivelli og hitt hann.

Sigga: Ég er enn að standa mig að því að leiða hugann að því hvort þetta hafi raunverulega gerst, að

Framhald á næstu síðu ➜

Sér Grindavík byggjast að nýju

Grindavíkurnefndin skilaði skýrslu í vor þar sem meðal annars var mælt gegn því að skólastarf færi fram í bænum í haust. Lalli segir að Grindvíkingar séu alls ekki sammála þeirri niðurstöðu en áréttar að aðeins sé um tilmæli að ræða. Nefndin hafi engin völd. „Við byggjum okkar skoðanir á því sem fræðimenn segja. Að þeirra mati er bærinn öruggur. Það er verið að laga sprungur og það er búið að byggja varnargarða. Það eru ákaflega litlar líkur á því að það gjósi fyrir innan þessa garða. Allt frá því við byrjuðum að koma í bæinn aftur höfum við verið mjög upptekin af því að tryggja öryggi okkar og barnanna. Við erum mjög ósátt við þessi tilmæli nefndarinnar."

Hann segir að til standi að þrýsta á svör frá fasteignafélaginu Þórkötlu um hvernig bæjarbúar geti almennilega snúið til baka. „Við ætlum að opna skólann og flytja til baka. Ég veit um marga sem eru bara þar."

Spurður hvort hann telji að hann muni upplifa það einn daginn að bærinn verði fullbyggður svarar Lalli: „Einhvern tímann, já, en ekki strax. Ég myndi halda að það gæti orðið svona 50% innan fjögurra ára, að þá búi hér kannski 2.000 manns." Hann segir framboð óskemmdra húsa í bænum vera nægt.

Sigga bætir við að það megi ekki gleyma því að þeir sem hafi alist upp í bænum hafi lært sem börn að gæta sín á þeim sprungum sem voru fyrir. „Það eru gjótur hérna úti um allt og við lékum okkur í kringum þær sem börn."

Hún segir að börn læri að umgangast þær hættur sem séu í umhverfinu, hvort sem það séu sprungur eða sjór. Þau hafi sjálf oft heimsótt Gaujahelli, svo dæmi sé tekið. Lalli skýtur inn í að þau hafi ekki mátt fara út á bryggju sem börn „... en við vorum samt alltaf þar," segir Sigga og hlær. Þau velta fyrir sér hvort hellirinn sé heill eftir hamfarirnar. „En það sem við erum að segja er að þú aðlagast bara því umhverfi sem þú elst upp í," segir hún til áréttingar. Einu gildi hvort það sé sjórinn, hellar eða stórar umferðargötur.







Ólafur Þór og Þórunn með börnum sínum og mökum þeirra, á meðan allt lék í lyndi.
MYND: ÚR EINKASAFNI

hann sé bara farinn. Þetta er rosalega þungt og sárt, að fá ekki að vera með honum lengur. Líka bara fyrir hann. Ég hugsa oft, þegar við hittumst og erum saman fjölskyldan, að hann sé að missa af góðum leik eða skemmtilegum viðburði. Til dæmis þegar þau giftu sig í sumar, Jóhann og Sif.

Lalli: Hann gaf sig líka alltaf allan í svoleiðis viðburði. Hann var alltaf mættur til að hjálpa til við að græja og gera – bæði hann og mamma. Þau voru alltaf fullir þátttakendur í öllu því sem við vorum að gera. Það var aldrei af einhverri skyldurækni – þau gáfu sig alltaf öll í þetta.

Pabbi vildi að ég gifti mig í Fljótunum og það gerði ég. Mér leið bara eins og ég væri í Ameríku með „wedding-planner“. Hann, og þau bæði, voru bara á fullu í þessu með okkur, að skipuleggja gistingu fyrir alla og taka frá herbergi úti um allt.

Jóhann: Öll svona verkefni voru líka bara gerð af heilum hug þannig að úr varð samverustund sem allir fengu að njóta. Og það þurfti aldrei að biðja um aðstoðina – þau bara mættu, sama hvað það var.

Sigga: Við vorum ekki búin að nefna spilin. Við vorum ekkert eðlilega oft að spila, fjölskyldan. Og hann vildi ekki sjá nein borðspil. Það var alltaf bara stokkurinn eða Yatzy.

Ólafur: Eina borðspilið sem hann spilaði var Trivial.

Sigga: Annars var þetta oftast Húsavíkur-Jón, Fimma eða Kani, sem við spiluðum. En þegar við vorum að spila Yatzy var hann alltaf að segja okkur frá einhverjum vinnufélögum úr Norðursjónum sem þorðu ekki að „jassa“, eins og hann orðaði það svo skemmtilega.

Ólafur: „Jassaðu,“ sagði hann alltaf. „Þorirðu ekki að jassa?“

Sigga: Það eru þessar samverustundir sem maður saknar.

> *Þau voru búin að skipuleggja þrjár utanlandsferðir þegar pabbi dó. Það sýnir hvað þau voru dugleg að ferðast og lifa lífinu.*

Ferðuðust saman út um allan heim

Þau systkinin ferðuðust mikið með pabba sínum, bæði á árum áður og í seinni tíð. Þeim er minnisstætt hve ratvís hann var og hve vel hann kynnti sér þá áfangastaði sem hann heimsótti. Hann hafi iðulega verið ígildi leiðsögumanns á ferðalögum.

Sigga: Mamma og pabbi voru ótrúlega samrýmd hjón en um leið alveg ofsalega ólík. Kannski einmitt þess vegna virkuðu þau svona vel saman. Þau vissu bara hvað hvort þeirra vildi og voru gott teymi. Þrátt fyrir að vera svona ólík höfðu þau sömu gildi í lífinu og þau náðu alltaf vel saman. Mamma er t.d. ofsalega heimakær og sá um heimilið á meðan hann var ævintýragjarnari og saman ferðuðust þau um allt, bæði innanlands og til útlanda.

Lalli: Þau fóru til dæmis til Asíu í miðju covid, til Víetnam. Pabba fannst það svo sniðugt vegna þess hve fáir yrðu á ferðinni. Þetta var rétt áður en covid kom til Íslands.

Sigga: Hann var með konunni hans Þórólfs sóttvarnalæknis á Laugarvatni í skóla og hringdi bara í Þórólf til að spyrja hann ráða – hvort það væri eitthvert vit í þessu.

Jóhann: Pabbi var samt mjög sérvitur og vildi alls ekki gera eins og allir aðrir. Hann keypti sér til dæmis Isuzu Trooper í stað þess að fá sér Hilux eða Land Cruiser, eins og allir aðrir. Hann hefði til dæmis ekki farið til Tenerife þótt einhver hefði boðið honum 20 milljónir fyrir það. Öll fjölskyldan fór saman út þegar hann varð sjötugur og svo aftur þegar mamma átti afmæli. Hann mátti ekki heyra á Tenerife minnst.

Sigga: En svo heimsóttu þau oft sömu staðina. Þau fóru mikið til Boston, til Þýskalands og bæði Belgíu og Hollands.

Einu sinni þegar ég var nýbyrjuð að vinna í FB var ég að fara með starfsfólki í ferð til Amsterdam. Nema ég var alveg sárlasin. Ég kem hingað heim til mömmu og pabba því pabbi ætlaði að skutla mér á völlinn um morguninn. Ég var að því komin að hætta við ferðina. Pabbi nær í bjór, opnar hann, hellir í glas og setur við hliðina á mér. Sækir svo snafs og segir: „Sigríður mín, nú skellir þú þessu í þig.“ Svo sótti hann kort af Amsterdam og fór að segja mér hvar væri gott að borða, hvaða barir væru góðir og hvað maður ætti að skoða. Þetta voru aldrei staðirnir sem voru augljósir heldur svona „local“ vitneskja.

Ég hresstist öll við drykkina og fór út. Ég var eins og innfædd í Amsterdam með kortið og leiðbeiningarnar frá pabba. Samstarfsfólkið hélt að ég hefði búið í Amsterdam. Í gegnum pabba gat ég sagt fólki til í borg sem ég hafði aldrei heimsótt. Þetta lýsir honum vel.

Hvernig er best að fara?

Lalli: Mamma hefur átt mjög erfitt eftir að pabbi dó. Hún á mjög erfitt með að sætta sig við þetta. En hún á okkur að og býr núna í Kópavogi, rétt hjá Siggu. Við erum mikið hjá henni. Þau voru búin að skipuleggja þrjár utanlandsferðir þegar pabbi dó. Það sýnir hvað þau voru dugleg að ferðast og lifa lífinu.

Sigga: Ég held að mamma verði aldrei söm aftur. Þau voru bara þannig saman að þetta verður aldrei eins.

Jóhann: Við höfum líka reyndar rætt það okkar á milli að þrátt fyrir að pabbi hafi dáið of snemma – og hafi ekki verið tilbúinn að fara – þá var hann alveg búinn að gera heilan helling. Hann átti þannig séð ekki neitt eftir að klára. Hann lifði ótrúlega góðu og skemmtilegu lífi.

Það er alltaf spurning hvernig best er að fara. Ég er ekkert viss um að það hefði verið gaman að upplifa það að fara í Fljótin en hann kæmist ekki með. Maður pælir stundum í þessum hlutum. Segjum sem svo að það hefði verið hægt að pumpa hann í gang og hann hefði vaknað í slæmu standi. Hann hefði bara aldrei viljað lifa þannig.

Sigga: Nei, aldrei.

Jóhann: Fyrst hann var að þessu þá var þetta kannski bara besta leiðin.

Sigga: Hann hefði alltaf valið þessa leið frekar en að vera mikið veikur í einhver ár. ■

VEIÐARFÆRA ÞJÓNUSTAN ehf

ÞJÓNUSTA :







HÖNNUN VEIÐARFÆRA
Hönnun veiðarfæra: Hönnum veiðarfæri frá grunni ef með þarf. Einnig sjáum við um breytingar og lagfæringar á veiðarfærum til að aðlaga þau að óskum kaupenda.

UPPSETNING OG FRÁGANGUR VEIÐARFÆRA
Sjáum um uppsetningu og frágang veiðarfæra að óskum kaupenda.

VIÐHALD VEIÐARFÆRA
Yfirförum allar gerðir veiðarfæra.

VÍRAR, HÓLKAR, 600TN VÍRAPRESSA
Eigum á lager flestar gerðir vinnsluvíra og kranavíra. Erum með 600tn vírapressu, og þrykkjum bæði ál og stálhólka með hefðbundnum augum með eða án kössa. Erum einnig með stálaugu f/ víra og vírmanillu.

ROCKHOPPERAR OG FÓTREIPI
Erum með rockhopperpressu. Setjum upp og lagfærum lengjur af öllum stærðum og gerðum, að óskum kaupenda. Eigum ávallt til á lager rockhopperdiska 10-24” í ýmsum þyngdum. Einnig erum við með milligúmmí af flestum stærðum. Setjum einnig upp fótreipi fyrir dragnætur og humartroll.

KEÐJUR OG LÁSAR
Stálkeðjur 9-32mm og galvanisíraðar 4-32mm frá Trygg í Noregi. Patentlása frá Parson og Silverline, og járnavara frá Markussen.

NET TÓ OG GARN
Net tó og garn frá Hampiðjunni, Cotesi og Euronet í Portugal.

ALL T Í NETAÚTHALDIÐ
Eigum efni í færi, sérta, baujur, belgi, teina og fleirra

NETAFELLING OG AFSKURÐUR
Tökum að okkur netafellingu og afskurð.

SKILJUR
Setjum upp og sjáum um viðhald á Sort-V smáfiskaskiljum og rækjuskiljum.

SJÓFATNAÐUR
Sjófatnaður, vettlingar, hnífar, brýni og ýmislegt fyrir útgerðina.

Frekari upplýsingar færðu áwww.veidarfaeri.is

VEIÐARFÆRAÞJÓNUSTAN EHF ÆGISGATA 3, 240 GRINDAVÍK SÍMI: 426 7717 - 894 1891 - 897 6230

TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN HAFSINS HETJUR!

Íslenska Klíníkin
Búdapest

Hágæða tannlækningar í Búdapest

Á einni best búnu tannlæknastofu í Evrópu

Íslenskt starfsfólk tekur á móti þér á vellinum.
Íslenskir ráðgjafar fylgja þér í gegnum allt ferlið.
Upplýsingar og kvittanir eru allar á íslensku.
Íslenskar sjúkratryggingar gilda.
Gist er á fjögurra stjörnu hóteli, Aquaworld Resort.

Við erum á facebook

island@islenskaklinikin.eu

Ráðgjafar okkar taka vel á móti þér!



Sendu okkur línu eða hringdu í síma 851-9800 og hefjum samtalið!

Baráttan við kerfið tekur meira á en goshættan

Pétur H. Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis, segist endurnýja baráttuþrekið þegar hann fer á íþróttaviðburði og skynjar samstöðuna sem alltaf hafi einkennt Grindvíkinga.



MYND: SIGTRYGGUR ARI

Eins og staðan er núna þá höfum við Grindvíkingar meiri áhyggjur af kerfinu sem við erum að slást við heldur en goshættunni. Í upphafi þessarar atburðarásar urðum við öll sérfræðingar í jarðfræði, svo kom áfallið og þá urðum við sálfræðingar og núna erum við félagsfræðingar að slást við kerfið og reyna að komast áfram með að byggja upp samfélag á nýjan leik. Húsnæðismálin hafa að mínu mati verið einn stór farsi frá byrjun, jafnræðisreglur margbrotnar og núna síðast var skrúfað fyrir gistisamninga þegar þess varð vart að margir vildu gera slíka fyrir sumarið til að byrja að máta sig við hugmyndir um að snúa til baka nú þegar ætlunin er að ýta skólastarfi úr vör á nýjan leik. Við erum þakklát fyrir mjög margt sem gert hefur verið fyrir samfélagið Grindavík vegna þessara atburða en umfram allt má óskilvirkt og þunglamalegt kerfi ekki vinna með beinum hætti gegn vilja fólks til að snúa til baka og byggja samfélagið upp," segir Pétur H. Pálsson, framkvæmdastjóri sjávarútvegsfyrirtækisins Vísis. Pétur hefur tekið virkan þátt í opinberri umræðu og gagnrýnt ýmsa vankanta á aðkomu hins opinbera að málefnum Grindavíkur.

Mistök gerð í störfum Þórkötlu

Húsnæðismálin segir Pétur að brenni mest á Grindvíkingum þessar vikurnar og mánuðina. Grundvallarmistök hafi að hans mati verið gerð í aðkomu félagsins Þórkötlu að húsnæðismálum Grindvíkinga.

„Fyrstu mistökin voru að setja alltof stífan frest á þann tíma sem fólk hefði til að selja Þórkötlu húseignir sínar. Önnur mistök voru þau að setja mjög þröngar reglur um að tæma húsin af búslóðum því það neyddi fólk til að henda verðmætum innbúum í stórum stíl. Enda voru svo reglurnar rýmkaðar síðar og það gerði að verkum að þeir sem seldu Þórkötlu seint í ferlinu þurftu ekki að fara með alla búslóðina út úr húsunum. Fólki var því mismunað hvað þetta varðar. Þriðju mistök Þórkötlu voru tregðan til að leyfa fólki að fara inn í húsin til að líta eftir þeim og gæta þess að ekki yrðu á þeim skemmdir að óþörfu. Það tók langan tíma að snúa ofan af þessari tregðu," segir Pétur og bendir þessu til viðbótar á óljósa tilvitnun í hugtakið „föst búseta" í gistisamningunum sem nú eigi að nota til að halda fólki frá því að koma til Grindavíkur í sumar.

Fasteignaeigendum mismunað

Til viðbótar öllu þessu segir Pétur sæta undrum að sérstök lög undanskilji ríkisvaldið frá því að greiða fasteignagjöld til sveitarfélagsins af húsum Þórkötlu. Allir aðrir fasteignaeigendur þurfi að greiða fasteignagjöld, bæði fyrirtæki sem eiga íbúðarhús sem og önnur fyrirtæki og það fólk sem aldrei seldi sínar húseignir.

„Þetta er að mínu mati brot á jafnræði og það sem verra er að með þessu er ríkisvaldið að veikja sveitarfélagið. Okkar lán er að Grindavíkurbær var fyrir atburðina fjárhagslega sterkur og skuldlaus og hefur fjármuni til rekstrar næstu tvö ár. Ef ríkið greiddi fasteignagjöld af húseignum Þórkötlu eins og aðrir fasteignaeigendur þá þyrfti ekkert að tala um að rekstur Grindavíkurbæjar stefni í að verða ósjálfbær eins og Grindavíkurnefndin hefur gert og ekki er tekið með í reikninginn að með opnun bæjarins fjölgar útsvarsgreiðendum. Ríkið er því með þessu fyrirkomulagi að vinna gegn því markmiði að bæjarfélagið geti vaxið á nýjan leik og að samfélag byggist hér á nýjum grunni upp aftur," segir Pétur.

Forræðishyggjan svíður

Pétur segir það sína upplifun og margra annarra að embættismannakerfið vinni með öllum tiltækum ráðum að því að halda aftur af endurreisn til að stjórnkerfinu yrði ekki kennt um ef svo færi að gos kæmi á ný sem myndi valda beinu tjóni í bænum.

„Það er einhvern veginn allt í kross í þessum málum. Við höfum atvinnulífið í lagi, vilji fólksins til að koma aftur er til staðar, fólk hefur mikla þekkingu á öryggismálunum og fyrirtækin hafa skýra verkferla um rýmingu sem allir gjörþekkja. Samt er okkur ekki treyst. Þetta er algjör forræðishyggja, sem svíður vegna þess að við vitum það best sjálf hversu mikil sálræn hjálp er í því að komast aftur í bæinn. Þetta er það markmið sem mjög margir hafa og ég óttast því að með hverjum mánuðinum sem líður án þess að fólk sjái möguleikana þá fjari undan viljanum. Það væri mjög slæmt."

Sækir baráttuþrekið í íþróttaviðburði

Spurður að því hvaðan honum komi kraftur til að standa mánuð eftir mánuð í baráttu fyrir samfélagsmálefnum til viðbótar við rekstur á stóru fyrirtæki í bænum nefnir Pétur íþróttastarfið.

„Öflugt íþróttastarf, t.d. körfuboltinn og fótboltinn, hefur alltaf verið sameiningartákn Grindvíkinga og í þessum aðstæðum finnum við svo greinilega hvaða kraft það gefur okkur að geta sameinast á íþróttavellinum. Hvað rekstur okkar fyrirtækis varðar þá höfum við vitanlega þurft að gera breytingar og höfum notið þess að fá stuðning innan okkar samstæðu til að halda áfram rekstrinum af krafti. En ég verð að segja að þegar maður kemur á völlinn og horfir yfir áhorfendahópinn þá rifjast upp hversu sérstakt samfélag Grindavík var áður. Fyrir framtíð þessa samfélags viljum við berjast." ■



Skólinn stefnir aftur til Grindavíkur

Klemenz Sæmundsson, skólameistari Fisktækniskólans, segir ásóknina í námið aukast.



Við höfum ekki enn komist til baka en bíðum eftir því, eins og svo margir aðrir. Við erum grindvískt fyrirtæki og stjórnarformaðurinn er meira að segja formaður bæjarstjórnar í Grindavík (Hjálmar Hallgrímsson, innsk. blm.). En við verðum á sama tíma að vera þolinmóð og skynsöm. Ég er viss um að við munum á einhverjum tímapunkti snúa aftur til Grindavíkur – kannski strax í ágúst – en það verður að koma í ljós.“

Þetta segir Klemenz Sæmundsson, skólameistari Fisktækniskólans. Skólinn þurfti að flytja starfsemi sína frá Grindavík vegna rýmingarinnar haustið 2024. Stærsti einstaki eigandi Fisktækniskólans er Grindavíkurbær en aðrir eigendur eru Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og sjávarútvegsfyrirtæki í Grindavík, ásamt Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Hagnýtt tveggja ára nám

Fisktækniskólinn er einkarekinn skóli á framhaldsskólastigi. Skólinn býður upp á fjölbreytt nám í haftengdum greinum s.s. sjávarútvegi og fiskeldi. Um er að ræða hagnýtt tveggja ára grunnnám sem byggt er upp þannig að önnur hver önn er í skóla og hin í vinnustaðanámi. Í vinnustaðanáminu er leitast við að bjóða nemendum upp á val um vinnustað með hliðsjón af áhugasviði hvers og eins, t.d. sjómennsku, fiskvinnslu eða fiskeldi.

Í skólanum leggja á bilinu 130 til 150 nemendur stund á nám á hverju ári. Auk þessa stendur skólinn fyrir fjölmörgum námskeiðum í fyrirtækjaþjónustu fyrir aðila sem tengjast sjávarútvegi.



Við finnum fyrir spennu og auknum áhuga á fiskeldisnámi samhliða þessari miklu uppbyggingu.

Klemenz Sæmundsson
skólameistari Fisktækniskólans

Skólinn, sem hefur verið starfræktur í 15 ár, heldur úti sjö stöðugildum auk þess sem nokkur fjöldi fólks kennir við skólann í verktöku.

Stefna aftur til Grindavíkur

Fisktækniskólinn er sem stendur til húsa í Sandgerði eftir að hafa þurft að flytja frá heimabæ sínum. Hann hafði tímabundið aðsetur hjá Sjávarklasanum en er nú sestur að í Sandgerði – í bili. Klemenz bendir á að stærstur hluti námsins sé kenndur í fjarnámi. Það eigi meðal annars við um námsleiðirnar í fiskeldistækni og gæðastjórnun. Breytt staðsetning hafi því ekki áhrif á framgang námsins.

„Við bindum hins vegar vonir við að geta flutt aftur til Grindavíkur þegar aðstæður leyfa, ef til vill næsta haust,“ segir hann. Skólinn sé grindvíkur. Það má til sanns vegar færa.

Gífurleg uppbygging styrkir skólann

Óhætt er að segja að fiskeldi hafi vaxið gífurlega á starfssvæði skólans að undanförnu, eins og raunar víðar um land. Fiskeldi í ýmsum myndum hefur vaxið og fest sig í sessi á Reykjanesi. Klemenz nefnir stækkun landeldis Samherja á Reykjanesi, eldi Stolt Sea Farm á senegalflúru, einnig á Reykjanesi, og seiðaeldi Stofnfisks, auk nýrra eldisfyrirtækja í Hveragerði og Þorlákshöfn. Þá séu fyrir í Þorlákshöfn stórfyrirtækin Arctic Fish og Arnarlax með seiðaeldi. Mikil uppbygging sé einnig hjá Laxey í Vestmannaeyjum. Þá sé ótalin uppbygging á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi.

Auk eldisfyrirtækjanna bendir Klemenz á að ýmis þjónustufyrirtæki hafi byggst upp í kringum fiskeldi. Þekking innan greinarinnar sé sífellt að aukast og ekkert lát sé á tæknivæðingunni, til dæmis hvað varðar eftirlitsbúnað og tæki til vöktunar og fóðurgjafar. Um mjög spennandi atvinnugrein sé að ræða. Þetta má glöggt sjá í námsframboði skólans.

„Marel-Vinnslutækninámið okkar er dæmi um þessa þéttu samvinnu við atvinnulífið. Fjölmörg sjávarútvegs- og fiskeldisfyrirtæki um allt land nota tæknibúnað frá Marel í sinni starfsemi. Fyrirtækið sér skólanum fyrir kennsluaðstöðu, aðgengi að tækjum og kennurum í þeim greinum sem lúta að tækjum Marels,“ segir Klemenz.

Aukinn áhugi á náminu

Skólinn fer ekki varhluta af þessari þróun og eftirspurnin fer vaxandi að sögn skólastjórans. „Það gerist ekkert án atvinnu. Þessi uppgangur hjálpar okkur gífurlega mikið. Við finnum fyrir spennu og auknum áhuga á fiskeldisnámi samhliða þessari miklu uppbyggingu,“ segir hann.

Skólinn kynnir starfsemi sína fyrir nemendum í elstu bekkjum grunnskóla á Reykjanesi á hverju vori. Kynningar fara auk þess fram á völdum hlutum landsins á vorin. „Við förum til dæmis í fyrirtækin úti á landi og í fræðslumiðstöðvar og kynnum þar námið okkar. Við eigum í mjög virku sambandi við flestöll fyrirtæki á landinu í þessum geira. Hluti af okkar nemendum kemur frá fyrirtækjunum sjálfum, bæði úr sjávarútvegi og fiskeldinu.“





Fisktækniskólinn býður auk grunnnámsins í fisktækni upp á framhaldslínur í gæðastjórnun, fiskeldistækni, haftengdri nýsköpun og Marel-Vinnslutækni (eins og áður segir) og eru þær námsbrautir með námslok á þriðja hæfniþrepi. „Svo er veiðarfæratækni, löggilt iðnnám þar sem við sjáum um kennslu og skipulag faggreinakennslu. Það síðastnefnda hefur vaxið nokkuð hratt, ekki síst í tengslum við viðhald sjókvía,“ segir Klemenz.

Fjölbreytt námsframboð

Klemenz bendir á að í skólanum geti nemendur valið á milli náms í margs konar fiskeldi. Hann nefnir hrognaeldi, seiðaeldi, landeldi og sjókvíaeldi. Auk þess bjóði skólinn upp á nám í vél- og skipstjórn, eins og fleiri skólar gera. „Við fáum nemendur til okkar frá landinu öllu og hittum þá mest á Teams. Við erum fyrst og fremst að þjónusta nemendur á breiðu aldursbili sem vantar framhaldsskólanámið.“

Að loknu námi í Fisktækniskólanum fara margir nemendur í frekara nám í fiskeldi við Háskólann á Hólum eða í sjávarútvegsfræði hjá Háskólanum á Akureyri. „Við brúum þetta bil hjá nemendum og erum sérstaklega stolt af því þegar okkar nemendur halda áfram og sækja sér háskólamenntun í þessum greinum,“ segir hann að lokum. ■

Mjúk sigling með okkur

Við þjónum íslenskum sjávarútvegi á sjó og landi með þéttu neti afgreiðslustaða. Eldsneyti, smurolía, efnavörur og vandaður vinnufatnaður.

Vefverslunin er alltaf opin.

Óskaðu eftir tilboði fyrir þín viðskipti.

N1

n1.is | 440 1000



Helminguðu verðið en þrefölduðu klúbbinn

Gífurlegur uppgangur er hjá Golfklúbbi Grindavíkur. Klúbbhúsið er eins og nýtt eftir endurbætur og nýtt æfingasvæði verður opnað í sumar.

Staðan er bara ótrúlega góð hjá okkur. Reksturinn var erfiður hjá okkur eftir rýmingarnar 2023 og á meðan fólk fékk bara að heimsækja bæinn undir skilyrðum. En síðan þeim var aflétt höfum við verið í mikilli sókn.“

Þetta segir Helgi Dan Steinsson, framkvæmdastjóri Golfklúbbs Grindavíkur. Ákveðið var haustið 2024 að lækka árgjaldið um 50%, úr 90 þúsund krónum í 44.900. Sú ákvörðun hefur svo sannarlega skilað sér. „Markaðurinn tók þessu afar vel. Við fórum úr því að vera með 249 skráða meðlimi upp í ríflega 800,“ segir Helgi. Með öðrum orðum hefur meðlimafjöldi klúbbsins meira en þrefaldast.

Þessu til viðbótar hefur áhugi fólks úr öðrum klúbbum aukist til muna. „Við sjáum þetta til dæmis í fjölda spilaðra hringja. Við að kynna fyrir stjórn tölur sem við höfum aldrei séð áður. Ríflega 20 þúsund manns heimsóttu Húsatóftarvöll í fyrra,“ segir framkvæmdastjórinn.

Spurður hvað hann haldi að valdi þessu svarar Helgi: „Ég vil trúa því að fólk sé að heimsækja okkur vegna þess að völlurinn er góður og hér er gaman að spila golf. Inn í það spilar örugglega líka að vellirnir á höfuðborgarsvæðinu eru þétt setnir og fólk leitar út fyrir borgina. Í samanburði við öll önnur lönd þykir heldur ekki mikið að keyra í 30 til 40 mínútur til að komast á góðan golfvöll,“ segir hann.



Helgi Dan Steinsson, framkvæmdastjóri Golfklúbbs Grindavíkur.

Veður í fyrra var með þeim hætti að hægt var að opna völlinn 12. apríl. Þegar þetta viðtal var tekið, rétt fyrir páska, hafði stórveður nýlega gengið yfir landið og vetrarlegt um að litast. Ekki var útlit fyrir að það tækist að opna svo snemma. „Tímabilið hjá okkur er lengra en í Reykjavík en svo koma svona skot eins og núna fyrir páska. Ef veturinn hefði orðið jafn mildur og hann

Framhald á næstu síðu ➜



Félögum í golfklúbbnum hefur fjölgað hratt síðustu ár. Hér er leikið í blíðskaparveðri.
MYND: JÓN STEINAR SÆMUNDSSON



Kæru sjómenn
og fjölskyldur ykkar!

Til hamingju með sjómannadaginn



Grindavík... útgerðarbær

www.grindavik.is



Klúbbhúsið var tekið í gegn í vetur og nýtt æfingasvæði er í undirbúningi.
MYND: JÓN STEINAR SÆMUNDSSON

var framan af, þá hefðum við reynt að opna um miðjan apríl.“ Hann segir aðspurður að völlurinn komi yfirleitt vel undan vetri og á ekki von á öðru að þessu sinni. „Við lendum sjaldan hér í einhverjum ógöngum hvað það varðar.“

Mikil fjölgun kvenna

Spurður um samsetningu félagsmanna hjá Golfklúbbi Grindavíkur svarar Helgi því til að fremstu teigar henti byrjendum vel og þeim sem slá styttra en völlurinn sé líka skemmtilegur fyrir kylfinga sem eru lengra komnir. Athygli framkvæmdastjórans hefur beinst að því hve konum í klúbbnum fjölgar ört. Hann segist glettinn því miður ekki geta rakið alla þá fjölgun beint til sín. „En þegar ég var að byrja hér, 2020, voru 20 konur skráðar í klúbbinn. Þær eru orðnar 180 núna. Kvennagolfið hefur farið á flug eftir heimsfaraldurinn. Þegar við vorum að komast í gegnum covid mátti rekja fjölgunina í klúbbnum nær eingöngu til kvenna sem búsettar voru í Grindavík.“

Undanfarin tvö ár hefur orðið mikil fjölgun fólks af höfuðborgarsvæðinu. Helgi segir að þó nokkrir félaganna séu einnig meðlimir í öðrum klúbbum og að ólíkt mörgum öðrum golfklúbbum búi minnsti hluti þeirra í byggðarlaginu. Félagarnir spili þess vegna kannski færri hringi að jafnaði samanborið við aðra velli.

Þessi mikla fjölgun hefur stórbætt rekstur klúbbsins, eins og nærri má geta. Framkvæmdastjórinn hefur ekki setið á þeim sjóðum. Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir og fleiri verk eru fyrirhuguð. „Í vetur tókum við allan skálann í gegn. Við bjóðum núna upp á einn flottasta veislusal á Suðurnesjum. Hann tekur um 90 manns í sæti og er glæsilegur í alla staði,“ segir Helgi sem segir aðspurður að veitingasala fari vaxandi þegar horft er til tekna klúbbsins. Klúbburinn selur hamborgara, samlokur og sitthvað fleira. „Það er ótrúlegt hvað hægt er að hafa upp úr því að selja kylfingum bjór,“ bætir hann við og hlær.

Miklar framkvæmdir

Klúbburinn vinnur nú að því að klára nýtt og glæsilegt æfingasvæði sem er um fjórir hektarar að stærð. Segja má að svæðið verði einstakt. „Við munum bjóða upp á æfingasvæði sem við getum breytt í par 3 holu, þegar svo ber undir. Þetta verður eina svoleiðis svæðið á Íslandi,“ segir Helgi en ætlunin er að svæðið verði tekið í notkun í sumar. Þá stendur einnig til að byggja vélaskemmu sem klúbbinn hefur sárlega vantað. Þá eru ónefndar smærri framkvæmdir og viðvik á vellinum sjálfum. „Það er ýmislegt sem þarf að gera sem fylgir aukinni umferð, svo sem eins og að stækka teiga og dytta að vellinum.“

Fjölmörg mót fara fram á Húsatóftarvelli á hverju sumri. Eitt þeirra, Liverpool open, hefur verið haldið í samstarfi við Liverpool-klúbbinn undanfarin fjögur ár. Meðfylgjandi myndir eru frá því móti, sem haldið var 2025. Framkvæmdastjórinn segir að þannig hafi háttað til að Liverpool-mótið hafi öll fjögur árin farið fram á besta degi sumarsins, þegar kemur að veðri. „Það hefur alltaf verið rjómablíða á vellinum þegar þetta mót fer fram, fyrsta laugardaginn í ágúst. Hingað koma annars ýmsir hópar og halda mót,“ segir hann.

Sóknarfæri í erlendum kylfingum

Á loftmyndum má sjá gjár sitt hvorum megin við völlinn. Það kemur ekki að sök. „Þú slærð á milli heimsálfa á vellinum hjá okkur. Við erum víst í gömlum sigdal en það urðu sem betur fer litlar skemmdir á vellinum í jarðhræringunum. Úr annarri gjánni tökum við allt vatn sem við notum við umhirðu vallarins. Það er mjög tært og flott. Umhverfisvænna verður það vart,“ segir hann.

Húsatóftarvöllur er að sögn framkvæmdastjórans langneststærsti ferðamannastaður bæjarfélagsins, á eftir Bláa lóninu. Gestir vallarins í fyrra voru um 20 þúsund, eins og hér að framan greinir. Helgi segir mikil tækifæri vera fyrir hendi þegar kemur að því að gera Ísland að áfangastað fyrir erlenda kylfinga.

„Þetta er mjög vaxandi iðnaður, ekki síst vegna þess að golf er orðið mjög dýrt í Evrópu og Bandaríkjunum. Ég er tiltölulega nýkominn frá Bandaríkjunum þar sem verð fyrir að spila golf hefur hækkað um 300-400% á nokkrum árum. Við erum að vinna að því að fá hingað fleiri erlenda kylfinga sem koma gagngert til að spila golf. Í því liggja töluverð sóknarfæri fyrir okkur,“ segir Helgi að lokum. ■


Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri
560-5501
698-6655
pall@allt.is
ALLT FYRIR ÞIG
FAGMENNSKA OG TRAUST Í FYRIRRÚMI
ÉG HELD UTAN UM ÞÍN FASTEIGNAVIÐSKIPTI OG FYLGI ÞÉR ALLA LEIÐ
ALLT eru fagmenn í öllu því sem viðkemur fasteignum og tökum við að okkur allt ferlið frá a-ö.
ALLT FASTEIGNASALA
560-5500 | allt@allt.is

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hátíðarkveðjur á sjómannadegi
Útvegsmannafélag Suðurnesja
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19 - 260 Reykjanesbæ - Sími: 420-6600 - www.toyotareykjanesbae.is
Samhentir
Kæling
Vikurafl
Landsvirkjun
Félag skipstjórnarmanna
HD
Iðn- og tækniþjónusta
HAUSTAK
FISKÞURRKUN
UN
bókhald ehf
Almenn bókhaldsþjónusta
Reykjavíkurvegi 64
unbokhald.is
Sími 568 5730
ICE FRESH SEAFOOD
SAMHERJI FISKELDI
BANI
MEINDÝRAVARNIR
Hallur J. Gunnarsson
Sími 821 5304 - banar@banar.is
Sjómannastofan VÖR Restaurant
Fjöltak
HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna
REYKJANESHÖFN
Port of Keflavik - Njarðvik - Helguvik - Hafnir
Víkurbraut 11 - 230 Reykjanesbær



Hlýraeldið færist á næsta stig

Seiðaeldisstöð fyrir hlýra er áformuð í Þorlákshöfn eftir farsælt tilraunaeldi í Grindavík.

Við höfum í tvígang í þessu ferli náð árangri sem hvergi hefur náðst annars staðar frá því menn fóru fyrst að reyna að rækta hlýra árið 1996. Við höfum hvort tveggja náð mjög háu frjóvgunarhlutfalli hrogna og mjög háu hlutfalli seiða sem lifa,“ segir frumkvöðullinn Hreinn Sigmarsson, sem hefur undanfarin ár starfrækt tilraunaeldi á hlýra í Grindavík. Hann hefur þar átt í góðu samstarfi við Hafrannsóknastofnun.

Hlýri er stundum kallaður steinbítsbróðir. Hann er töluvert stærri en steinbíturinn og verður kynþroska við 70-90 sentímetra lengd, eða fjögur til átta kíló. Hann getur orðið allt að 26 kíló. Hlýri finnst á úthafssvæðum í köldum sjó og þrífst best við fimm til átta gráður.

Hreinn bendir á að þessi fiskur sé gæfur og henti því vel til eldis. „Hann er ekki grimmur og bítur ekki nema ég sé með höndina uppi í honum. Það er eins og þessi fiskur eigi enga óvini – hann er mjög umburðarlyndur og rólegur í eldi.“





Hreinn Sigmarsson

Óhætt er að segja að hlýraeldi sé mjög tæknilegt ferli. Hreinn bendir á að fiskurinn frjóvgi hrognin innvortis í náttúrunni. Erfitt sé að fá náttúrulega frjóvgun í eldisumhverfi. „Það eru margar áskoranir í þessu en þetta er líka mjög spennandi,“ segir hann.



Seiðaeldisstöð áformuð í Þorlákshöfn

Eftir tilraunir síðustu ára má segja að tilraunaeldið sé á barmi þess að komast á næsta stig. Fyrirtækið hefur tryggt sér húsnæði í Þorlákshöfn og á í viðræðum við fjárfesta um að koma að því að byggja upp seiðaeldisstöð fyrir verkefnið.

„Slík stöð mun gefa okkur tækifæri til að meta möguleikana á því að fara í matfiskeldi til frambúðar,“ segir Hreinn og bætir við að það muni koma í ljós á næstu þremur til fimm árum. „Svo erum við búnir að tryggja sölu á seiðum til Kanada um leið og við getum framleitt. Það verður vonandi á næsta ári,“ segir hann.

Þakklátur Grindvíkingum og Hafró

Hreinn segir að samvinnan við Hafró í Grindavík hafi verið mjög góð og þrátt fyrir að fyrirtækið sé nú að flytja starfsemi sína til Þorlákshafnar muni samstarfið halda áfram. Innan veggja stofnunarinnar búi mikil þekking sem hann hafi getað sótt í. „Þeir hafa til dæmis klakið steinbítshrogn í stöðinni hjá sér, sem þeir náðu í togararalli, og náðu mjög góðum árangri. Upplýsingar um stýringu ljóss, hita og fæðu, sem Hafró býr yfir, skipta sköpum við þessa starfsemi,“ útskýrir hann.

Fyrirtæki í Grindavík hafa sömuleiðis reynst honum afar vel við tilraunaeldið. „Ég hef átt í mjög góðu samstarfi við sjávarútvegsfyrirtækin hér,“ segir Hreinn og nefnir að hann hafi bæði fengið lifandi fiska frá Huldu Björnsdóttur GK og Páli Jónssyni GK. „Þetta hefur skipt okkur miklu máli og ég er mjög þakklátur Grindvíkingum.“

Hann á von á að samstarfið við þessa aðila muni halda áfram við frekari öflun lifandi hlýra. ■



„Ánægður með fyrstu mánuðina í rekstri Ganta“

– segir Hrannar Jón Emilsson framkvæmdastjóri.

Þegar líf er í og við höfnina okkar þá er líf í Grindavík almennt. Þannig hefur það alltaf verið og verður áfram. Þess vegna er alltaf góð tilfinning að taka í hverri viku á móti skipi til löndunar á afla eftir góðan veiðitúr. Ferskfisktogarinn okkar, Hulda Björnsdóttir GK, landar að jafnaði einu sinni í viku hér heima árið um kring en skipið var á sínum tíma hannað með siglinga- og burðargetu til að geta komið hingað þótt aðstæður væru erfiðar. Stundum þurfum við þó að landa annars staðar en reglan er að landa hér heima og það er líka grunnurinn að því að halda úti þeirri vinnslu sem dótturfélag okkar, Ganti Seafood, er með hér í Grindavík,“ segir Hrannar Jón Emilsson, framkvæmdastjóri Ganta ehf. sem er eitt þriggja fyrirtækja sem til urðu þegar rekstri sjávarútvegsfyrirtækisins Þorbjarnar hf. var skipt upp í þrjú rekstrarfélög í árslok 2024.

Þrjú rekstrarfélög í sömu eignaraðild

Auk Ganta ehf. urðu til við uppskiptingu Þorbjarnar hf. rekstrarfélögin Grindavík Seafood ehf., sem á og rekur frystitogarann Tómas Þorvaldsson GK, og Þorbjörn ehf., sem á og rekur frystitogarann Hrafn Sveinbjarnarson GK. Gamla félagið að baki Þorbirni hf. hefur í dag það eina hlutverk að halda utan um vörumerkið Thorfish sem notað er í markaðssetningu og sölu afurða frystitogaranna tveggja. Sömu eigendur eru að baki öllum þessum félögum en Hrannar segir að markmiðið með uppskiptingunni hafi verið að skerpa á rekstraráherslum og starfsemi hvers félags fyrir sig.



Hulda Björnsdóttir GK hefur sannað sig

„Fyrsta heila árið í rekstri okkar hjá Ganta ehf. var 2025 en á fyrri hluta þess árs fengum við nýja skipið Huldu Björnsdóttur GK 11 í rekstur. Það hefur því verið stórt verkefni og mikil áskorun að byggja upp rekstur fyrirtækisins og taka nýtt skip í notkun á sama tíma en ég get ekki verið annað en ánægður með hvernig til hefur tekist. Ég vænti þess að við sjáum síðan enn betri árangur á þessu ári eftir því sem starfsemin hefur færst í fastari skorður,“ segir Hrannar.

Sem fyrr segir landar Hulda Björnsdóttir GK vikulega og segir Hrannar að skipið hafi algjörlega staðið undir væntingum.

„Eins og alltaf er með nýsmíðar þá tekur nokkra mánuði að stilla alla hluti af um borð en nú er uppkeyrslufasinn að baki. Hulda Björnsdóttir GK er vel hannað og gott skip sem skilar okkur frábæru hráefni. Þetta er hörkugott sjóskip og svínvirkar, ber sig vel í erfiðum aðstæðum og því eru litlar frátafir vegna veðurs. Skipið kemur mjög vel út hvað orkunýtingu varðar en síðast en ekki síst þá eru áhafnirnar mjög ánægðar um borð. Það skiptir auðvitað mestu máli,“ segir Hrannar en á skipinu eru tvær 15 manna áhafnir sem róa þrjár vikur í senn.



Hrannar segir það hafa verið mikla áskorun að byggja upp reksturinn samhliða því að taka við nýju skipi.

Lausfrystar léttsaltaðar afurðir fyrir Spánarmarkað

Dótturfélagið Ganti Seafood ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á léttsöltuðum lausfrystum afurðum, þorski og ufsa. Unnið er úr um 50 körum af afla Huldu Björnsdóttur GK í hverri viku en annar afli er seldur á fiskmörkuðum eða í beinni sölu.

„Þetta félag eigum við á móti tveimur yfirmönnum í vinnslunni en það er svipað fyrirkomulag og við höfðum á ýmsum þáttum í rekstri Þorbjarnar á sínum tíma,“ segir Hrannar en afurðir Ganta Seafood eru seldar undir merki þess fyrirtækis og eru aðalmarkaðirnir í löndum Suður-Evrópu. Sex starfsmenn eru í vinnslunni.

Hrannar segir ganga vel að markaðssetja og selja afurðirnar, eftirspurn sé mikil og afurðaverð hátt.

„Markmiðið með þessari vinnslu er að framleiða góða og eftirsótta vöru en forðast offramboð. Nánast öll framleiðslan fer til sölufyrirtækis sem staðsett er við Barcelona á Spáni og þaðan er afurðunum dreift til viðskiptavina, mest á Spáni. Afurðaverð hefur verið að hækka og fylgt hækkunum á fiskverði. Sér í lagi eru þorskafurðirnar eftirsóttar og einmitt þess vegna erum við einnig að framleiða léttsaltaðar afurðir úr ufsa og getum þannig boðið ódýrari valkost við hliðina á þorskinum. Þetta hefur komið mjög vel út.“

Hulda Björnsdóttir GK er gott skip sem skilar frábæru hráefni.



Bregðast þarf við vilja fólks til að flytja heim

Hrannar segist finna fyrir miklum vilja fólks til að flytja á ný til Grindavíkur.

„Við byggjum ekki upp bæinn aftur nema fólki verði leyft að flytja hingað aftur og kaupa húseignir. Langstærstur hluti bæjarins er óskemmdur en því miður eru alltaf sýndar aftur og aftur myndir af þeim svæðum sem verst fóru í náttúruhamförunum. Þess vegna hafa flestir landsmenn ranga mynd af því hvernig raunverulegt ástand bæjarins er,“ segir Hrannar þegar talinu er vikið að stóra málinu í endurreisn Grindavíkur.

„Það þarf að fara að komast lína í hver stefnan er og fyrst og fremst þarf að treysta fólki. Hér hefur fólk búið í gegnum tíðina við hættur líkt og eru víða annars staðar. Þess vegna kemur að þeim tímapunkti að það þarf að treysta okkur fyrir því að vera hér og bera ábyrgð á okkur og bænum okkar. Stefna ríkisins hlýtur að vera sú að koma heilum húseignum í Grindavík í notkun á nýjan leik og til þess að það gerist þarf að koma sem fyrst til móts, með samtali, við það fólk sem hefur viljann og er tilbúið að stíga skrefið. Þá fyrst yrði bagginn kominn á þjóðina ef ekki á að koma húseignum hér í Grindavík í notkun á nýjan leik. Ég trúi ekki að það sé stefna ríkisvaldsins,“ segir Hrannar Jón Emilsson. ■





MYND: SIGTRYGGUR ARI

Aðfluttur og brottfluttur en samt alltaf Grindvíkingur

Þegar sprungan innan varnargarðanna við Grindavík opnaðist í janúar 2024 ákváðu Sigurður Jónsson og kona hans, Fanney Pétursdóttir, að leita að varanlegu húsnæði annars staðar. Hálfu ári síðar fluttu þau í Pósthússtræti í Reykjanesbæ í blokk sem kölluð hefur verið „Grindavíkurblokkin“.

Fullkomið kerfi er ekki til en plúsarnir við kvótakerfið eru miklu fleiri en mínusarnir.

Sigurður er fæddur í Reykjavík, ólst upp á Tálknafirði en flutti til Grindavíkur árið 1989 þegar hann var ráðinn á Hrafn Sveinbjarnarson GK 255. „Það er í sjálfu sér ekki mikill munur þegar maður kemur úr einu sjávarplássi, eins og Tálknafirði, og flytur í annað sjávarpláss, eins og Grindavík,“ segir Sigurður. „Landslagið er auðvitað ólíkt og suðaustanáttin í Grindavík klikkar ekki. Pabbi flutti suður fimm árum á eftir mér og hann saknaði lognsins fyrir vestan mikið.“

Sigurður og fjölskylda hans bjuggu í nærri aldarfjórðung í sama einbýlishúsinu í Grindavík en voru nýflutt í annað húsnæði í bænum þegar náttúran greip í taumana. „Við bjuggum 25 daga í glæsilegu húsi og vorum búin að teikna framtíðina þar upp þegar fótunum var kippt undan manni,“ segir Sigurður alvarlegur í bragði. „Fyrstu dagana sérðu ekki fram fyrir tærnar á þér og þú veist ekkert hvað er að fara að gerast. Það tekur bara sinn tíma að vinna úr því.“

Biðu ekki boðanna

Elsta dóttir Sigurðar og Fanneyjar býr í Reykjanesbæ og þegar einn eigandi Reykjanes Investment bauð þeim að koma og skoða íbúðir í blokk í Pósthússtræti á mörkum Keflavíkur og Njarðvíkur skelltu þau sér suður. „Við skoðuðum og festum íbúðina bara strax. Þá var helmingur íbúðanna óseldur en viku seinna var allt farið,“ segir Sigurður og bætir því við að afskaplega vel hafi verið tekið á móti þeim og m.a. skilmálar sveigðir svo kaupin gætu gengið eftir. Þau fluttu síðan í júlí 2024, rúmu hálfu ári eftir ákvörðunina um að leita sér að nýjum samastað.

Sjávarútvegurinn sjálfbær

Sigurður er annar skipstjóra á frystitogaranum Tómasi Þorvaldssyni GK 10 sem gerður er út af Grindavík Seafood ehf. Togarinn skilaði aflaverðmæti upp á um 5,2 milljarða á síðasta ári. Spurður um kvótakerfið og

Framhald á næstu síðu →

HEILDARLAUSN í siglingatækjum

Olex – merki sem þú getur treyst!



OLEX 3D SIGLINGATÖLVA

- Sónar er nýr umboðs- og þjónustuaðili á OLEX.
- OLEX 3D siglingatölvan er gríðarlega öflug og nýtur vaxandi vinsælda.
- OLEX 3D er siglingatölva sem skipstjórnendur treysta!

TRANBERG



TRANBERG LEITARKASTARAR

- Nýr fjarstýrður LED leitarkastari.
- Langdrægi allt að 2500m!
- Öflugasti LED kastarinn á markaðnum?
- Einnig fáanlegir Xenon ískastarar.

JOTRON



AIS SENDAR OG GMDSS NEYÐARBÚNAÐUR

- Nýir AIS sendar á baujur — viðurkennd vara.
- Vandaðir AIS sendar, vatnsheldir að 100m dýpi.
- GMDSS neyðarbúnaður og fjarskiptatæki.
- Full þjónusta á JOTRON neyðarbúnaði.

JRC gæðatæki – ekki sætta þig við annað!



JLR-41 GNSS/GPS KOMPÁS

- Nýr mjög nákvæmur GNSS/GPS kompás.
- Með stórum og björtum 6,5” snerti–litaskjá.
- Gefur út pitch, roll og ölduhæðar leiðréttingu.

SAILOR COBHAM



FREMSTIR Í FJARSKIPTUM

- Gæða talstöðvar sem hægt er að treysta.
- Ný fjarskiptalína sem er einföld í notkun.
- Talstöðvar með upptöku og endurspilun á skilaboðum.

FLIR Sjáðu ... á nóttu sem degi!



FLIR HITAMYNDAVÉLAR

- Ný gerð fjarstýrðra hitamyndavéla, einstök upplausn!
- Getur blandað saman hitamynd og hefðbundinni mynd.
- Öflug velturleiðrétting, mikill munur í slæmu veðri.
- Nýtt og uppfært stjórnborð.
- **Kíktu í heimsókn, sjón er sögu ríkari!**

Sónar ehf
Hvaleyrarbraut 2
220 Hafnarfjörður
Sími **512 8500**
sonar@sonar.is
www.sonar.is

SÓNAR

www.godverk.is



Sigurður er í dag skipstjóri á Tómasi Þorvaldssyni GK 10.
MYND: JÓN STEINAR SÆMUNDSSON

stöðu sjávarútvegsins segir Sigurður margar hliðar vera á því máli og ekkert kerfi fullkomið. „Ég þekkti sjávarútveginn áður en kvótakerfið var sett á. Núna er hann orðinn sjálfbær, umgengnin við auðlindina allt önnur og gæði fisksins meiri.“ Sigurður segir samþjöppunina á kvótanum hafa ýmsa kosti fyrir sjómenn. „Áður fyrr tók maður jafnvel sex túra í röð. Nú tekur maður einn túr í einu. Tekjur sjómanna hafa aukist og mannskapurinn er stabílli. Fullkomið kerfi er ekki til en plúsarnir við kvótakerfið eru miklu fleiri en mínusarnir.“

En hvað er það sem dregur menn á sjóinn? „Þú vilt alltaf í rauninni eltast við fiskinn,“ segir Sigurður, „lengsta útstímið hjá mér var frá Reykjavík og alla leið út af Melrakkasléttu í 30 klukkutíma því það var viku bræla fram undan og þar var gott veður.“

„Það þarf að leyfa þessu að klárast“

Við víkjum talinu aftur að Grindavík og má greina söknuð í rödd Sigurðar þegar hann ræðir um sinn gamla heimabæ. „Mikill kraftur og dugnaður einkenndi samfélagið í Grindavík og það var gott að búa þar. Ef eitthvað bjátaði á þá kom einhver til að létta undir. Svo er mikið um íþróttir og mjög gott að ala þar upp börn.“

Áður en sprungan opnaðist í janúar 2024 höfðu þau hjónin spurt sig að því og rætt það opinskátt hvort þau ættu ekki „að fara aftur heim“ en ákváðu svo í framhaldinu að finna sér annan stað til að búa á. „Þetta var mikið áfall og söknuðurinn er mikill,“ segir Sigurður og telur að ýmislegt hefði mátt gera öðruvísi í öllu þessu ferli sem þá fór af stað. Á sama tíma verði fólk þó að átta sig á því hvað þetta var stór atburður. „Við vorum heppin og komumst ágætlega frá þessu en margir lentu í hellings kostnaði og ýmsu öðru.“

Sigurður og Fanney vita ekki hvort þau munu nokkurn tímann snúa aftur til Grindavíkur. „Það þarf að leyfa þessum atburði að klárast,“ segir Sigurður af yfirvegun. „Ég veit ekki hvað verður og samfélagið í Grindavík verður heldur aldrei alveg eins og það var.“

Það er gott útsýni úr íbúðinni í Reykjanesbæ, fjallið Þorbjörn við Grindavík sést vel og Faxaflóinn blasir við út um gluggann. „Þegar maður er á túr á sjó sér maður bara sjóinn í heilan mánuð og svo sest maður inn í stofu heima hjá sér og horfir á sjóinn líka,“ segir Sigurður og hlær. „En maður fær aldrei leið á því að horfa á sjóinn, hann er svo margbreytilegur.“ ■



Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hátíðarkveðjur á sjómannadegi

StapaPrent
- Síðan 1984 -
LYSI
hafsýn
GRINDIN
Trésmiðja og verktakar
Bryggjan
GRINDAVÍK
SJÓMANNABLAÐIÐ
VÍKINGUR
GC RIEBER
VS FK
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis
FMS
LETURSTOFAN
SÉREFNI
Thorfish
BÁTAR OG SKIPASALAN BÚNAÐUR
sæplast
olís
Sturlaugur Jónsson & Co
MARÁS

Í minningu Grindvíkinga

Kristján Finnbogason



Kristján Finnbogason fæddist 28. apríl 1928 í Hæsta-Hvammi í Dýrafirði. Hann lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 27. janúar 2026.

Foreldrar hans voru Finnbogi Lárusson, f. 14.2. 1902, d. 25.12. 1974, og Ágústa Þorbjörg Guðjónsdóttir, f. 12.8. 1897, d. 22.9. 1972. Kristján átti fimm bræður, Jón, Svanberg, Kristmund, Lárus og Ólaf, en þeir eru allir látnir.

Maki Kristjáns var Rósa E. Þorsteinsdóttir, f. 30.11. 1929, í Götu á Árskógsströnd, d. 2014. Þau eignuðust tvö börn: 1) Guðrún Helga, f. 9.12. 1961, maki hennar er Ragnar Eðvarðsson, f. 9.11. 1959, og börn þeirra eru Rósa, Rut, Kristján og Gauti. 2) Stefán Þór, f. 4.1. 1964, d. 12.8. 2025. Maki Stefáns er Helena Sandra Antonsdóttir, f. 14.4. 1969. Börn þeirra eru Særós, Smári og Snorri en fyrir átti Stefán Sindra Þór. Barnabörnin eru átta og langafabörnin eru 11.

Kristján ólst upp í Hvammi í Dýrafirði en stundaði nám í Núpsskóla til 17 ára aldurs. Síðan lá leiðin á sjóinn og næstu þrjú árin stundaði hann sjómennsku frá Þingeyri. 1968 lauk hann vélstjóranámi frá Vélskólanum í Reykjavík.

Kristján og Rósa bjuggu sér fallegt heimili í Grindavík og bjuggu þar alla sína tíð.

Um áramótin 1965-66 stofnaði hann Útgerðarfélagið Fiskanes ásamt þremur félögum sínum, Dadda, Venna og Willard. Upphafið að útgerðinni var að þeir keyptu bátinn Héðin og gáfu honum nafnið Geirfugl GK 66 og var Kristján vélstjóri. Hann var síðan vélstjóri á Grindvíkingi GK 606 í eigu Fiskaness. Kristján starfaði mestalla sína starfstíð við sjómennsku en einnig í landi síðustu árin.

Síðustu árin átti hann kindur og veitti það honum mikla gleði að sinna þeim og umgangast úti í náttúrunni.

Útför Kristjáns fór fram í kyrrþey 11. febrúar 2026, í Grindavíkurkirkju.

Ólafur Ragnar Sigurðsson



Ólafur Ragnar Sigurðsson fæddist 14. febrúar 1941 í Innstu-Tungu í Tálknafirði. Hann lést 1. október 2025. Hann fluttist ungur til Grindavíkur og bjó þar mestan hluta ævinnar. Hann gekk í Barnaskóla Grindavíkur og síðan í Héraðsskólann á Núpi í Dýrafirði árin '55-'57. Ungur fór hann á sjó með föður sínum. Leiðin lá síðan í Stýrimannaskólann veturinn '59-'60. Hann lauk prófi til fiskimanns '66-'67.

Fyrsti báturinn sem hann keypti var Hrafn Sveinbjarnarson sem fékk nafnið Hrungnir. Síðan fór hann í útgerð með öðrum og gerðu þeir út Guðmund Þórðarson, Hannes Hafstein og Reykjanesið sem síðar fékk nafnið Hrungnir og var síðar selt til Vísis. Síðasta sameiginlega útgerð hans var með Bergsteini syni hans en þeir gerðu út Sigga Magg. Hann var aflakóngur í Grindavík á vetrarvertíð á Hrungni GK-50 árið 1982.

Ólafur keypti jörðina Brekkur í Hvolhreppi og stundaði þar búskap frá árinu 1985 en flutti úr Fljótshlíðinni 1998.

Ólafur Ragnar sinnti mörgum félagsstörfum. Hann var í Lionsklúbbi Grindavíkur og var virkur félagi í Minja- og sögufélagi Grindavíkur. Hann átti hugmyndina að því að gera líkan af Kútter Fríðu og var einnig í forsvari fyrir hóp manna ásamt Sjómannafélagi Grindavíkur um að láta smíða endurgerð af gömlum tírónum áttæringi með Grindavíkurlagi.

Ólafur átti hugmyndina að endurgerð skjaldarmerkis Danakonungs á Reykjanesvita og í framhaldi voru stofnuð Hollvinasamtök Reykjanesvita og nágrennis. Einnig kom hann að vinnu greinargerðar um lögsögumörk Grindavíkurbæjar.

Ólafur var fenginn til að tala á ýmsum viðburðum í Grindavík, s.s. sögustund á bryggjunni.

Ólafur var árið 2017 útnefndur stuðningsmaður ársins hjá UMFG, enda mætti hann á flestalla íþróttaviðburði sem tengdust félaginu. Hestamennska var honum mjög kær og átti hann marga hesta í gegnum tíðina. Einnig hélt hann nokkrar kindur í Grindavík.

Útför Ólafs fór fram 13. október 2025.

Birna Óladóttir



Birna Óladóttir fæddist í Grímsey 12. júlí árið 1941. Hún lést á Nesvöllum í Reykjanesbæ 23. september árið 2025.

Foreldrar hennar voru Óli Bjarnason, f. 1902, d. 1989, og Elín Þóra Sigurbjörnsdóttir, f. 1909, d. 2003, frá Sveinsstöðum í Grímsey, þar sem Birna ólst upp.

Eftirlifandi systkini Birnu eru Óli Hjálmar, f. 1931, Willard Fiske, f. 1936, og Garðar, f. 1945. Önnur systkini voru Sigrún, f. 1928, d. 2004, Inga Bjarney, f. 1933, d. 2013, og Þorleifur, f. 1954, d. 1981.

Birna hitti tilvonandi eiginmann sinn, Dagbjart Einarsson frá Grindavík, f. 26. júní 1936, d. 18. október 2017, fyrst í Grímsey en ástin greip þau svo nokkrum árum síðar þegar Birna fór á vertíð í Grindavík árið 1959 og þau giftu sig á nýársdag 1960. Þau eignuðust fimm börn: Einar, f. 1960. Elín Þóra, f. 1961, eiginmaður Arnþór Einarsson. Eiríkur Óli, f. 1965, eiginkona Sólveig Ólafsdóttir. Jón Gauti, f. 1971, eiginkona Irmý Rós Þorsteinsdóttir. Sigurbjörn Daði, f. 1975.

Barnabörnin urðu átján og barnabarnabörnin eru einnig orðin átján.

Eftir barnaskóla fór Birna í Héraðsskólann á Laugum og ætlaði sér að fara í íþróttakennaranám á Laugarvatni. Hún fór á vertíð í Grindavík til að safna sér peningum fyrir náminu en örlögin gripu í taumana. Hún kynntist Dagbjarti og settist að í Grindavík, hugsaði um heimilið og bjó þar fram að rýmingu bæjarins í nóvember 2023. Eftir millilendingu á Hrafnistuheimilinu Skógarbæ í Reykjavík fékk Birna inni á Nesvöllum í Reykjanesbæ og var því komin nær heimahögunum í Grindavík og undi sér mjög vel þar fram á dánardag. Birna var sömuleiðis mjög sátt í Skógarbæ og eru starfsfólki þar og á Nesvöllum, auk starfsfólks heimahjúkrunar á Víðihlíð í Grindavík, hér með færðar kærar þakkir fyrir natni og hlýju.

Birna og Dagbjartur stofnuðu útgerðarfyrirtækið Fiskanes árið 1965 ásamt systkinum Birnu, Willard og Ingu, ásamt mökum þeirra, Valgerði Gísladóttur og Björgvini Gunnarssyni, og Kristjáni Finnbogasyni og Rósu Þorsteinsdóttur.

Helstu áhugamál Birnu voru félagsmál og var hún virkur meðlimur í kvenfélaginu í Grímsey og síðar meir í Grindavík, gegndi formennsku þar um tíma og var gerð að heiðursfélaga árið 2013. Hún var líka virk í starfi Rauða krossins í Grindavík. Ferðalög innanlands og til útlanda voru líka áhugamál Birnu en þau Dagbjartur keyptu Svefneyjar árið 1993 og var stórum hluta sumra eytt í þeirri paradís ásamt börnum og barna- og barnabarnabörnum.

Valdimar Kjartansson



Valdimar Kjartansson sjómaður fæddist 28. janúar 1976 á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Hann lést 2. janúar 2026 heima hjá sér í Kópavogi í faðmi fjölskyldu sinnar.

Eiginkona Valdimars er Inga Tirone frá Lettlandi, f. 8.4. 1977. Dætur Valdimars eru Eva Marina Tirone Valdimarsdóttir, f. 17.1. 2006, og Helena Anja Tirone Valdimarsdóttir, f. 28.11. 2007.

Foreldrar Valdimars eru Antonía Björg Steingrímsdóttir húsmóðir, f. 15.7. 1941, og Kjartan Árni Eiðsson skipstjóri, f. 19.8. 1938, d. 30.9. 1988.

Systkini Valdimars eru: Hallgrímur Eggert Vébjörnsson bílstjóri, f. 18.5. 1963. Dóttir Eggerts er Antonia Maria Maul. Steingrímur Eiður Kjartansson sjómaður, f. 29.5. 1967. Eiginkona hans er Grachille A. Baligod, f. 15.9. 1976. Börn þeirra eru: Angela Björg Steingrímsdóttir, Kjartan Árni Steingrímsson og Æsa María Steingrímsdóttir. Hafsteinn Kjartansson sjómaður, f. 19.6. 1968, d. 6.2. 2020. Hilmar Kjartansson læknir, f. 30.3. 1971. Eiginkona hans er Svava Kristinsdóttir, f. 26.11. 1974. Börn þeirra eru: Birna Líf Hilmarsdóttir, Árni Kristinn Hilmarsson, Sólný Inga Hilmarsdóttir og Elvar Steinn Hilmarsson. Ósk Kjartansdóttir hjúkrunarfræðingur, f. 3.5. 1983. Börn hennar eru: Ísak Andri Ragnarsson, Arna Sóley Ragnarsdóttir og Sara Margrét Ragnarsdóttir.

Þá er elsku Valdi fallinn frá eftir hetjulega baráttu við krabbamein til fjölda ára. Við aðstandendur og ættingjar erum öll í mikilli sorg þó svo við höfum vitað lengi í hvað stefndi.

Genginn er í sumarlandið: Ástkær eiginmaður og faðir, yndislegur sonur og bróðir og góður vinur og félagi.

Valdi, eins og allir þekktu hann, var harðduglegur sjómaður frá unga aldri og eftirfarandi texti var á hálsmeninu sem Valdi hafði lengi borið um hálsinn.

Mitt skip er lítið, en lögur stór
og leynir þúsundum skerja.
En granda skal hvorki sker né sjór
því skipi er Jesús má verja.

Valdi var fimmti bróðirinn í stórri fjölskyldu og fyrstu tvö árin bjó hann í Kringlumýri 3 á Akureyri en flutti sumarið 1978 til Grindavíkur, þann 3. júní, í rigningu og roki. Þar flutti fjölskyldan í Borgarhraun 15 þar sem Valdi sleit barnsskónum. Valdi þótti frekar orkumikill, ákaflega stríðinn (þó að hann tæki ekki stríðni alltaf eins vel sjálfur) og uppátækjasamur og var alltaf eitthvað að sýsla. Hann eignaðist fljótt góða vini í Borgarhrauninu og urðu hann og Helgi Rúnar heitinn sem átti heima beint á móti strax perluvinir og entist sú vinátta þeirra fram á fullorðinsár.

Hann byrjaði í Grunnskóla Grindavíkur haustið 1982 en stærri lífsviðburður varð líklega þegar hann, 7 ára gamall, fékk fyrsta Liverpool-bolinn frá pabba sínum og þá varð ekki aftur snúið eftir það með hvaða liði hann fylgdi í enska boltanum. Sama ár bættist svo loks stelpa í systkinahópinn og varð hann loksins stóri bróðir.

12-13 ára byrjaði hann að vinna ýmis störf í fiskvinnslu á sumrin og með skóla. Hann hætti í Grunnskóla Grindavíkur á vorönn 1992 og fór að vinna í fiski hjá Guðmundi í Hælsvík. Hann fór fljótlega á sjó og fyrsti báturinn sem hann fór á var Hrungnir frá Vísi í Grindavík og síðar fór hann á Sighvat með Steina, stóra bróður sínum. Hann gerði sjómennskuna að sínu ævistarfi og réri til sjós á ýmsum bátum, stórum og smáum, bæði frá Grindavík en var einnig á sjó frá Noregi til fimm ára 2008-2013. Eftir það fór hann aftur á sjóinn frá Grindavík og var að síðustu til sjós á frystitogaranum Tómasi Þorvaldssyni þar sem hann undi sér afar vel.

Jólin 2002 kom hann með unga konu, hana Ingu, í jólafjölskylduboð, en hún var þá nýflutt til Íslands frá Lettlandi. Þó svo þau hefðu ekki þekkst nema í tvo daga, fannst honum þetta tilvalið þar sem hún var ein og langt frá fjölskyldu sinni. Hann var hugsanlega strax þá búinn að átta sig á því að Inga væri konan fyrir sig. Þau fóru fljótlega að búa á Litluvöllum og eignuðust svo gullmolana sína, Evu 2006 og Helenu 2007.

Síðastliðin ár hafa einkennst af baráttu við krabbamein og var það ólgusjór til sjö ára þar sem hann sigldi milli skerja af miklu æðruleysi og ró þó svo við hin höfum ekki alltaf vitað hvaða hugarkvalir hann mátti líða.

Inga Tirone eiginkona hans var vitinn hans og leiðarvísir gegnum öll hans veikindi og leiddi hann milli skerja og gegnum brotin af ótrúlegum styrk og æðruleysi.

Valdi, Inga og stelpurnar tókust á við áföll og erfiðleika sem fylgdu veikindum hans ávallt eins og hetjur. Valdi sýndi mikið jafnaðargeð fram á síðasta dag, var þakklátur fyrir allt sem fyrir hann var gert. Miklu máli skipti fyrir hann og hans fjölskyldu að hægt var að auka þjónustuna heima fyrir undir lokin og eiga bæði heimahjúkrun og Hera mikið þakklæti skilið.

Áður en Valdi veiktist var hann kominn í draumaplássið á Hrafni Sveinbjarnarsyni og svo Tómasi Þorvaldssyni. Þar eignaðist hann góða vini og félaga sem hafa reynst honum vel síðastliðin ár.

En svo fóru veikindin að taka sinn toll og eftir ótal lyfjameðferðir varð Valdi síðan að hætta til sjós en hélt áfram góðu sambandi við starfsfélaga sína. Einnig voru þau Inga búin að kaupa sér einbýlishús í Grindavík sem þau voru að vinna í að gera upp og endurbæta og gera að sínu. Valdi hafði líka mikinn metnað fyrir því að allt þar væri til fyrirmyndar og ávallt var lóðin snyrtilega slegin og plöntur klipptar snyrtilega til, enda stefndi Valdi að því að garðurinn hans yrði valinn fallegasti garður Grindavíkur með tíð og tíma. Árið 2021 hófust jarðhræringar og eldsumbrot á Reykjanesi og í Grindavík og það endaði með því að fjölskyldan flutti á Nýbýlaveg 10C í Kópavogi þar sem Valdi síðan kvaddi.

Þrátt fyrir allt þetta mótlæti héldu þau í draumana og keyptu sér landskika í Lettlandi og byggðu sér sumarhús þar. Valdi náði því að fara einu sinni þangað og njóta og er óskandi að hann hefði náð að gera það oftar. Fjölskylda Ingu elskaði Valda og var hann orðinn einn af þeim. Börnin voru einstaklega hrifin af Valda frænda og biðu alltaf spennt eftir því að hann kæmi færandi hendi með Liverpool-boli. Það var mikið áhugamál hjá honum að gera sem flesta að Poolurum og við höldum að hann hafi náð töluverðum árangri í þeirri herferð, bæði hjá frændsystkinum og víðar. En íþróttaáhuginn hjá Valda einskorðaðist ekki við fótbolta heldur var hann alæta á góðar íþróttir og var bæði fróður og örlátur á sínar skoðanir á gengi liðanna. Eiga margir góðar minningar af samræðum við hann á körfuboltaleikjum Grindavíkur sem hann fylgdist ákaft með líka, enda báðar stelpurnar hans miklar körfuboltastelpur í Grindavík.

Eftir að þau fluttu í Kópavoginn fann Valdi mikið athvarf og stuðning í Ljósinu. Þar hitti hann á gott starfsfólk sem reyndist honum og öðrum í hans stöðu afskaplega vel. Í Ljósinu eignaðist Valdi líka ótal vini og félaga sem reyndust honum mikill styrkur og hann þeim jafnframt. Þeir voru einir fimm félagar þarna sem héldu hópinn og kölluðu sig Sexy Beast og hlupu til stuðnings Ljósinu. Jafnframt tók Valdi þrisvar sinnum þátt í Mottumars þar sem hann safnaði fyrir Krabbameinsfélagið og var ávallt kappsamur þar og í efstu sætum.

Hafi Ljósið og starfsmenn þess og vinir hans og félagar í Ljósinu ævarandi þakklæti fyrir þann styrk, stuðning og félagsskap sem hann fékk þar.

When you walk through a storm
Hold your head up high
And dont be afraid of the dark
At the end of the storm
Is a golden sky
And the sweet silver song of a lark

Walk on through the wind
Walk on through the rain
Tho your dreams be tossed and blown
Walk on, walk on
With hope in your heart
And you'll never walk alone
You will never walk alone

Stuttu áður en Valdi skildi við þá heyrðu kona hans og dætur hann segja:

„Ég sé Habba. Ég sé Habba."

Þannig að sennilega hefur Habbi bróðir heitinn verið kominn til að fylgja Valda bróður sínum yfir í sumarlandið með honum og pabba.

Þannig að hann Never walked alone.

Inga Tirone, dætur, móðir og systkini

Sveinn Þór Sigurjónsson



Sveinn Þór Sigurjónsson, Svenni, fæddist í Traðarkoti á Vatnsleysuströnd 9. október 1934 og lést á Sjúkrahúsinu á Selfossi 15. nóvember 2025 eftir stutt veikindi.

Foreldrar hans voru Margrét Ásgeirsdóttir, f. 17. ágúst 1902, d. 6. janúar 1995, og Sigurjón Sigurðsson, f. 2. ágúst 1902, d. 15. apríl 1987. Systkini Svenna voru Sigurður Sigurjónsson, f. 7. ágúst 1924, hann fórst með Suðurlandinu 1986, Ásgeir Þórir Sigurjónsson, f. 13. ágúst 1931, Þórdís Aðalheiður Sigurjónsdóttir, f. 9. janúar 1939, og Guðný Sigurjónsdóttir, f. 31. október 1940.

Eiginkona Svenna var Ingibjörg Jóhannesdóttir, f. 14. maí 1934, d. 23. júní 2018, en þau giftust 6. júní 1955. Þau bjuggu fyrst í Hafnarfirði en fluttu 1971 til Grindavíkur þar sem þau bjuggu saman alla tíð síðan. Eftir að Inga dó flutti Svenni að Víðihlíð í Grindavík en eftir hamfarirnar í Grindavík flutti hann til elstu dóttur sinnar í Ölfusi og bjó þar sjálfur í litlu húsi ofan við bæinn.

Börn lngu og Svenna eru: Sjöfn, f. 14.11. 1954. Fyrri maður Örn Traustason, eiga þau tvö börn, Svein og lngibjörgu, og fjögur barnabörn og fjögur fósturbarnabörn. Núverandi eiginmaður er Sólmundur Sigurðsson. Óskírður drengur, f. og d. 4.3. 1958. Ásta. f. 8.10. 1959. Eiginmaður Þorsteinn Helgason, eiga þau fjögur börn, Davíð Örn, d. 2004, Esi Jóhannes Gunnar, Köthu og Daðey og eitt barnabarn. Þór, f. 20.11. 1962. Fyrri eiginkona Dóra Þórarinsdóttir, eiga þau sex börn, Anton, Svein, Sóleyju, Harald, Elísu og Evu, og sex barnabörn. Jóhannes Gunnar, f. 17.5. 1970. Eiginkona Rakel Erlingsdóttir, eiga þau þrjú börn, Erling, lngibjörgu og Agnesi, og tvö barnabörn.

Kynni Sveins, eða Svenna eins og hann var venjulega kallaður, af sjónum hófust snemma og minntist hann sjálfur fyrst sjóferða til fiskjar frá þarafjörunni við Vatnsleysuströnd. Hann flutti til Hafnarfjarðar 1951 og byrjaði þá strax að sækja sjó og mikið með bræðrum sínum. Hann lauk prófi frá Stýrimannaskólanum 1957. Svenni varð fyrst skipstjóri árið 1961 á Hafnfirðingi GK og var með hann í þrjú ár. Síðan var hann með Fram GK, Blíðfara GK og Tindastól GK. Árið 1966 slasaðist Svenni illa á sjó og var vart hugað líf en með ótrúlegri þrautseigju og viljastyrk lifði hann af. Það var síðan árið 1971 sem hann keypti Jóhannes Gunnar GK 268 sem var 150 tonna vertíðarbátur. Þar með byrjaði samfelld 25 ára útgerðarsaga með báta sem báru nafnið Jóhannes Gunnar og urðu þeir fjórir í allt.

Pabbi var af kynslóð sem ekki var vön að bera tilfinningar sínar á borð og honum var mikið í mun að þegar hann yfirgæfi þessa jörð þá ætti ekki að vera neitt „væl“, eins og hann orðaði það. En hann ræður nú ekki öllu, þó staðfastur hafi verið. Við kveðjum nú pabba með miklum söknuði. Hann fær sjálfur að eiga síðustu orðin.

Þór Sveinsson

Grindavík
Syrtir í lofti, sólin fer
syngur í trjánum rokið.
Líður að vetri líka hér,
lognið í burtu fokið.

Í Ölfusi ég unni mér
undir Ingólfsfjalli.
En í Grindavík ég aftur fer,
glaður bið eftir kalli.

Sveinn Þór Sigurjónsson

Birgir Gunnarsson



Birgir Gunnarsson var fæddur á Kleifum í Ólafsfirði 16. september 1945, sonur hjónanna Birnu Kr. Björnsdóttur og Gunnars Björnssonar. Hann lést 1. ágúst 2025.

Birgir fór fyrst á sjóinn 1961 með föður sínum á trillunni Sigurfara, en um haustið 1961 réð hann sig á Önnu ÓF 7, með Munda og Lalla. Þaðan fór hann á Stíganda ÓF 25 um áramótin 1963 með Jóni Guðmundssyni og var þar í tvö ár, síðan á Skagfirðing SK 1 með Jóni Guðjónssyni 1965. Því næst fór hann á Hafrúnu GK 90 með Steinþóri Þorvaldssyni á netaveiðar og humar 1966. Síðan 19. ágúst 1966 var hann skráður á Sigurbjörgu ÓF 1 með Ólafi Jóakimssyni.

Árið 1979 kom ný Sigurbjörg og var Birgir með skipstjórunum Ólafi Jóakimssyni, Magnúsi Þorsteinssyni, Vilhjálmi Sigurðssyni og Friðþjófi Jónssyni, þar til hann hætti á sjónum í desember 2012.

Birgir starfaði að félagsmálum hjá Sjómannafélagi Ólafsfjarðar og var formaður þar um tíma. Birgir var kvæntur Hrefnu Axelsdóttur og áttu þau tvær dætur.

Guðmundur Karl Tómasson



Guðmundur Karl Tómasson (Gummi) fæddist 19. maí árið 1951. Hann lést á Hrafnistu í Reykjanesbæ 4. maí 2025. Foreldrar hans voru Tómas Guðmundsson og Ingeburg Wohlers. Yngri bræður hans voru Haraldur og Róbert, sem er látinn.

Gummi kynntist eiginkonu sinni, Kristrúnu Bragadóttur, eða Rúnu, á balli í Stapa árið 1970. Þau gengu í heilagt hjónaband í Grindavíkurkirkju 30. maí árið 1971. Þau bjuggu allan sinn búskap í Grindavík, lengst af í Efstahrauni. Síðustu árin í Grindavík bjuggu þau að Suðurhópi 1, eða þar til Grindavíkurbær var rýmdur vegna eldgosahættu 2023. Þá fluttu þau á æskuslóðir Rúnu, til Njarðvíkur.

Börn Gumma og Rúnu eru Hjördís og Tómas. Hjördís fæddist 6. febrúar 1971. Maki hennar er Jóhann Issi Hallgrímsson. Börn Hjördísar eru Alexander Heiðarsson, Hanna Kristrún Jónsdóttir og Inga Björk Jónsdóttir. Börn Issa eru Eyjólfur Emil og Aron Ingi. Tómas fæddist 6. mars árið 1978. Eiginkona hans er Áslaug Rós Guðmundsdóttir. Börn þeirra eru Thelma Hrönn og Viktoría Ýr.

Gummi lærði rafvirkjun í Iðnskólanum í Keflavík. Þeir feðgarnir, hann og Tómas faðir hans, stofnuðu fyrirtækið Rafborg ásamt vini sínum Kristni Þórhallssyni heitnum, eða Didda. Um miðjan 8. áratuginn stofnuðu Gummi og Jói frændi hans gröfufyrirtækið Jarðverk.

Gummi vann mikið sjálfboðaliðastarf fyrir Leikfélag Grindavíkur en hann lærði sviðslýsingu í Þjóðleikhúsinu. Hann starfaði einnig mikið í samkomuhúsinu Festi og var um tíma sýningastjóri í bíósalnum þar.

Árið 1982 keypti Gummi með föður sínum og bræðrum trilluna Svan GK. Ári síðar stofnaði hann útgerðina Vörðufell með æskuvini sínum Einari Birni Bjarnasyni og var samhliða keyptur 15 tonna trébátur sem einnig var nefndur Vörðufell. Eftir því sem útgerðinni óx ásmegin keyptu þeir félagarnir betri og stærri báta, sem allir báru nafnið Vörðufell, og um tíma ráku þeir einnig fiskverkun með sama nafni.

Þeir seldu útgerðina um miðjan 10. áratuginn og fljótlega eftir það keyptu Gummi og Rúna Rafborg af Tomma og Ingu. Verkstæði Rafborgar stóð við Hafnargötu í Grindavík en var síðar flutt að Víkurbraut.

Árið 1999 byggðu þau hjónin ásamt Einari og Sæju, vinafólki sínu, og Hjördísi og Jóni, dóttur og fyrrverandi eiginmanni hennar, glæsilegt veitingahús í Grindavík sem þau nefndu Sjávarperluna. Þau neyddust til að hætta rekstrinum árið 2004.

Gummi greindist síðar með parkinsonsveiki, sem er grimmur sjúkdómur, en hann lagði sig fram um að láta veikindin ekki hindra sig í að njóta lífsins.

Stefán Þór Kristjánsson



Stefán Þór Kristjánsson fæddist í Reykjavík 4. janúar 1964. Hann varð bráðkvaddur á heimili sínu 12. ágúst 2025.

Foreldrar hans voru Kristján Ástráður Birgir Finnbogason, f. í Hvammi í Dýrafirði 28.4. 1928, og Rósa Elísabet Þorsteinsdóttir, f. í Götu á Árskógsströnd, Eyjafirði, 30.11. 1929, d. 23.10. 2014. Stefán átti eina systur, Guðrúnu Helgu Kristjánsdóttur, f. 9. 12. 1961.

Þann 8. 6. 1996 giftist Stefán Söndru Antonsdóttur, f. 14.4. 1969, og eignuðust þau þrjú börn: 1) Særós, f. 7. 4. 1994, maki Jón Örn Eyjólfsson, f. 1987. 2) Smári, f. 22.3. 1998, sonur hans er Styrmir Jökull, f. 2024. 3) Snorri, f. 18.7. 2007. Fyrir átti Stefán soninn Sindra Þór, f. 9.8. 1986, maki Auður Birna Snorradóttir, f. 1990, börn þeirra eru Sesar Máni, f. 2008, Natalía Nótt, f. 2013, og Aþena Máney, f. 2015.

Stefán ólst upp í Grindavík og lauk grunnskólanámi við Grunnskólann í Grindavík og síðar námi við Menntaskólann á Laugum í Reykjadal. Hann útskrifaðist úr Fisktækniskólanum 1987 og svo úr útvegsfræði við Tækniskólann árið 1989. Árið 1990 fór hann í viðskiptafræði við Háskóla Íslands og þar lágu leiðir þeirra Söndru saman ári seinna.

Stefán sótti alltaf sjóinn sem ungur maður, var háseti á Sandafelli hjá frænda sínum, Ólafi Finnbogasyni, og síðar hjá Fiskanesi í Grindavík en eftir háskólanám vann hann á endurskoðunarskrifstofu Þórarins Þ. Jónssonar. Stefán og Sandra fluttu til Grindavíkur 1997, á Hólavelli, og bjuggu þar fram að rýmingu Grindavíkur árið 2023. Þau stofnuðu síðan saman fyrirtækið Bókhald og ráðgjöf og samhliða því ráku þau pítsustaðinn Mamma Mia. Útgerðarfélagið Einhamar ehf. var stofnað 2003 og keypti Stefán þá sinn fyrsta bát sem fékk nafnið Særós, í höfuðið á dóttur hans, og byrjaði hann einn um borð. Síðar fjölgaði bátunum og áttu þeir allir nöfn sín að rekja til Vestfjarða, úr Gísla sögu Súrssonar, en þar undi Stefán sér einstaklega vel. 2007 hófu þau hjón fiskvinnslu og saman byggðu þau upp Einhamar Seafood sem í dag er eitt af öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins.

Stefán var mikill baráttumaður fyrir Grindavík og fólkið sitt. Hann var heimakær og mikill fjölskyldumaður og hlúði vel að sínu fólki. Hann lét sig málefni bæjarins varða allt til síðasta dags og var harðfylginn í að styðja samfélag sitt og íþróttalíf í bænum með öllu sínu hjarta. Áhugamál hans voru mörg og endurspegluðu ást hans á náttúrunni. Hann stundaði stangveiði, skotveiði, mótorkross og snjósleða, hjólreiðar, hestamennsku og fjárbúskap. Hann ferðaðist mikið til að sinna sínum áhugamálum og einnig með Söndru þar sem þau hjóluðu víða um lönd og nutu þeirrar samveru sem einkenndi samband þeirra. Stefán var einstakur vinur vina sinna, með hlýtt hjarta, sterkan vilja og mikla réttlætiskennd.







Karl Smári áritar franska þýðingu á bók sinni á alþjóðlegu bókamessunni í Rabat í Marokkó þann 6. maí. Evangelina Luz Echenique, spænskur þýðandi bókarinnar, fylgist með.

Heimildamynd um Tyrkjaránið í Grindavík



Karl Smári Hreinsson
skrifar

Í byrjun maí á þessu ári var frumsýnd í Casablanca í Marokkó heimildamynd um Tyrkjaránið í Grindavík 1627. Framleiðandi myndarinnar er Saga Akademía (Karl Smári Hreinsson) sem hefur gefið út nokkrar bækur um Tyrkjaránið. Höfundur texta og sögumaður er Adam Nichols, rithöfundur og prófessor í Bandaríkjunum. Grindavíkurbær og Minja- og sögufélag Grindavíkur styrktu gerð myndarinnar. Um kvikmyndatöku, klippingu og frágang sá Grindvíkingurinn Óskar Kristinn Vignisson.

Áhugi Marokkómanna vaknar

Fyrir rúmu ári, eða í mars 2025, kom út í Casablanca bókin La Razzia Septentrionale, sem er frönsk þýðing á ýmsu efni um Tyrkjaránið á Íslandi, m.a. Reisubók séra Ólafs Egilssonar, prests í Vestmannaeyjum, Tyrkjaránssögu Björns á Skarðsá og ýmsum fleiri samtímaheimildum um Tyrkjarán. Höfundar bókarinnar eru greinarhöfundur (Karl Smári Hreinsson) og Adam Nichols. Útgáfa þessarar bókar vakti mikla athygli í Marokkó, sérstaklega fyrir þær heimildir sem tengjast sögu siglinga og sjórána frá borginni Salé (nú höfuðborgin Rabat) á Atlantshafsströnd Marokkó og áður voru lítið þekktar á meðal fræðimanna þar í landi. Greinarhöfundi var tvívegis á síðasta ári boðið til Marokkó á vegum sögufélaga og háskóla í landinu til að fjalla um efni bókarinnar og sögu Tyrkjaránsins í Grindavík en sjóræningjarnir sem rændu fólki í Grindavík komu frá Salé sem á 17. öld var alræmt sjóræningjabæli.

Á sama tíma og bókin La Razzia Septentrionale kom út var virt sögufélag í Casablanca að fara af stað með ýmsa viðburði til að minnast þess tímabils í sögu Marokkó þegar Salé var ein aðalhafnarborg sjórána og siglinga í Norður-Afríku.

Salé var á 17. öld alræmt sjóræningjabæli.



Atlantshafsströnd Marokkó

Í stærstu borg Marokkó, Casablanca, eru starfandi nokkur sögufélög. Eitt þeirra er Association Histoire Vivante du Maroc. Sumarið 2025 kom það sögufélag á fót ýmsum viðburðum til að minnast sérstaklega þess tímabils í sögu Marokkó sem lítið hafði verið fjallað um áður í sögu landsins, siglingar og sjórán á 17. öld. Þetta sögufélag er félagsskapur áhugafólks um sögu Marokkó og að koma henni á framfæri við almenning með ýmsum hætti. Sérstök áhersla er á bókaútgáfu, sýningahald og efni á myndrænu formi. Í samvinnu við Abderrahmane Slaoui Foundation, sem einnig er sögufélag í Casablanca, hafa verið skipulagðar heimsóknir skólabarna á viðburði þessara sögufélaga í þeim tilgangi að unga kynslóðin kynnist sögu landsins. Aðstandendur sögufélaganna telja að nauðsynlegt sé fyrir íbúa Marokkó í dag að kynnast fortíðinni og þannig hafa sterkari sýn á framtíð landsins. Flestir íbúar í strandbyggðum Marokkó sem áður voru þekktar fyrir siglingar þekkja ekki sína eigin sögu. Á öldum áður áttu íbúar á Atlantshafsströnd Marokkó í miklum menningarlegum samskiptum og viðskiptum við önnur Afríkulönd, Evrópu og bæði Suður- og Norður-Ameríku. Þeirri sögu hefur ekki verið haldið fram þar til nú.

Við Íslendingar þekkjum vel til víkingaaldar okkar og höldum gjarnan þeirri sögu á lofti og það án þess að afsaka mannrán og gripdeildir í öðrum löndum. Þvert á móti lofum við hetjur fornaldar í ljóðum og sögum.

Framhald á næstu síðu →

Sjómannadagurinn 2026

Til hamingju með daginn

SJÓMENN

VM félag vélstjóra- og málmtæknimanna óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn

VM
Félag vélstjóra
og málmtæknimanna

Menningararfurinn í stafrænum heimi

Sýningin „Sjóræningjar og fríbýttarar“ er haldin í Abderrahman Slaoui Museum, safni og sýningaraðstöðu í Casablanca. Lista- og handverksfólki er sérstaklega velkomið að sækja þessar sýningar og leggja sitt af mörkum til að kynna söguna. Þessi sögu- og menningarmiðlun fer fram á tæknilegu og þróuðu stafrænu formi þar sem notuð er gagnkvæm eða víxlverkandi miðlun. Má þar nefna kort af Marokkó sem sýnir ferðir og bardaga sjóræningja og fríbýttara frá Marokkó á Atlantshafi, daglegt líf þeirra, á þrívíddarformi. Þess má geta að flestir sjóræningjanna sem gerðu út frá Marokkó voru svokallaðir fríbýttarar, þ.e. þeir höfðu leyfi yfirvalda í Marokkó til að stunda sjórán enda byggðist á tímabili efnahagur borga eins og Salé mikið til á þessum sjóránum, þrælasölu og þrælahaldi og verslun með stolnar vörur.

Þessar sýningar hófust í Casablanca en eru nú haldnar í fleiri strandborgum Marokkó og hugmyndin er að sýningarnar nái jafnvel til annarra hafnarborga í Afríku og borga annarra ríkja við Atlantshaf þaðan sem siglingar og sjórán voru stunduð. Gert er ráð fyrir að þessar sýningar verði opnar almenningi í 12-16 mánuði.

10.000 sýningargestir

Sögufélagið, Association Histoire Vivante du Maroc, sem stendur að þessu sýningahaldi, gerir ráð fyrir að gestir verði allt að 10.000 og auk þess verði 24 menningar- og listamannavinnustofur starfandi og 12 almennir opnir fyrirlestrar um efni tengt sögu strandbyggða Marokkó. Einnig kemur út afar vönduð og ítarleg bók um sjóræningja og fríbýttara frá Marokkó. Þá kom nýlega kom út afar vel gerð og ítarleg bók um sögu Miðjarðarhafsstrandar Marokkó eftir Leila Maziane, prófessor við Hassan II-háskólann í Casablanca.

Bók Karls Smára Hreinssonar og Adam Nichols, La Razzia Septentrionale, er mikilvæg heimild í þessa sögu og útgáfa bókarinnar var ástæða þess að greinarhöfundur var fenginn til að halda fyrirlestra um Tyrkjaránið og efni bókarinnar í Casablanca og Salé í Marokkó á síðasta ári. Greinarhöfundur er ásamt Adam Nichols höfundur bókarinnar Northern Captives – The Story of the Barbary Corsair Raid on Grindavík in 1627, sem kom út árið 2020 og er eina bókin sem skrifuð hefur verið og fjallar sérstaklega um Tyrkjaránið í Grindavík og um afdrif fólksins sem rænt var og borgina Salé í Marokkó.



Frá frumsýningu heimildamyndarinnar í Casablanca.

Við þessa upptalningu má einnig bæta að sýndar verða teikni- og brúðumyndir sem listamenn hafa skapað og sýna á einn eða annan hátt þessa sögu. Heimildamyndin um Tyrkjaránið í Grindavík er mikilvægt framlag í þessar sýningar og var greinarhöfundi ásamt Evangelinu Luz Echenique boðið að frumsýna myndina í Casablanca þann 7. maí á þessu ári og fjalla um Grindavíkurránið 1627. ■





FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURNESJA

Starfsfólk Fjölbrautaskóla Suðurnesja sendir sjómönnum, fiskvinnslufólki og Grindvíkingum öllum hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn með von um bjarta framtíð. Minnum á að innritun í skólann fyrir næstu önn lýkur 10. júní, fyrir nemendur fædda 2010.

Nánari upplýsingar um námsframboð má fá á heimasíðu skólans ***www.fss.is***

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hátíðarkveðjur á sjómannadegi

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur

ENOR

HAMPIÐJAN – veiðarfæri eru okkar fag

NAUST marine

SKIPARADIO MARINE ELECTRONIC SERVICE

RUBIX Traustur félagi í iðnaði

Sjómennt

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Áhættulausnir Sérfræðingar í vátryggingum fyrirtækja

Fisktækniskóli Íslands Icelandic College of Fisheries

Íslandsbanki

Verkalýðsfélag Grindavíkur

SÓNAR HEILDARLAUSN Í SIGLINGATÆKJUM

SJÓMANNAFÉLAG ÍSLANDS

wise

Slippurinn AKUREYRI

DNG BY SLIPPURINN AKUREYRI

Með sjóinn í blóðinu

Sjávarútvegur er ein af grunnstoðum íslensks samfélags. Hann byggist á djúpstæðri þekkingu sem safnast hefur upp í gegnum margar kynslóðir, harðri vinnu og sterkum tengslum fólks við sjó og land. Á sjómannadaginn fögnum við ekki aðeins þeim sem sækja sjóinn, heldur einnig öllu því öfluga baklandi sem styður við greinina á degi hverjum.

Hjá VÍS starfar sérhæft sjávarútvegsteymi sem sinnir sjótryggingum og þjónustu við fyrirtæki í greininni. Við leggjum ríka áherslu á að þekkja vel til rekstrarumhverfisins og tryggja að tryggingavernd sé sniðin að þörfum hvers og eins. Við þjónustum útgerðir af öllum stærðum og gerðum, fiskvinnslur og önnur sjávarútvegstengd fyrirtæki og leggjum áherslu á traust samstarf, djúpan skilning á rekstri og raunhæfar tryggingalausnir sem taka mið af aðstæðum á hverjum stað.

Við sem myndum teymið byggjum ekki aðeins á fagþekkingu á tryggingum, heldur einnig á langri og fjölbreyttri reynslu úr sjávarútvegi – bæði atvinnulega og persónulega.

Tinna Gilbertsdóttir hefur starfað bæði hjá útgerð og einu stærsta sölu- og markaðsfyrirtæki í sjávarútvegi landsins. Hún hefur yfir 15 ára reynslu úr greininni, þekkir rekstrarumhverfið vel og daglegar áskoranir fyrirtækja í sjávarútvegi. Rætur hennar liggja djúpt í sjávarplássum víðs vegar um landið, en hún á ættir að rekja til Fáskrúðsfjarðar, Vestmannaeyja og Grindavíkur. Auk þess er hún formaður Kvenna í sjávarútvegi og hefur þar lagt sitt af mörkum til að efla samtal, sýnileika og tengsl kvenna innan greinarinnar.





Tinna Gilbertsdóttir og Hlynur Angantýsson, starfsmenn VÍS.

Hlynur Angantýsson hefur starfað hjá VÍS í sjótryggingum í 22 ár og býr yfir víðtækri þekkingu á tryggingum skipa og starfsemi á sjó. Hann er uppalinn á Raufarhöfn þar sem tengsl við sjómennsku og sjávarútveg eru sterk. Hann byrjaði 14 ára á sjó á minni bátum en fór ungur í stýrimannaskólann. Hann var stýrimaður í 10 ár, aðallega á togurum en einnig á varðskipum, hvalaskoðunarbátum, uppsjávarskipum og vertíðarbátum, auk þess að leysa af sem skipstjóri um tíma. Hann þekkir því af eigin raun þann veruleika sem sjómenn og útgerðir standa frammi fyrir hverju sinni. Sú reynsla skapar dýrmæta innsýn í þá áhættu og ábyrgð sem fylgir starfinu og nýtist vel í ráðgjöf og þjónustu við fyrirtæki í sjávarútvegi.

Saman myndum við sterkt og samstillt teymi sem spannar vítt svið þekkingar, með djúp tengsl við sjávarútveginn og ríka þjónustulund. Markmið okkar er alltaf hið sama: að vera traustur samstarfsaðili sem þekkir viðskiptavininn, skilur reksturinn og er til staðar þegar á reynir.

Á sjómannadeginum viljum við hjá VÍS senda sjómönnum, útgerðarfólki og öllum þeim sem starfa í og við sjávarútveg innilegar þakkir og heillaóskir. Það er okkur heiður að fá að starfa með ykkur og fyrir ykkur.

Gleðilegan sjómannadag!

Linde | Rexroth | Sauer Danfoss | Denison/Parker | Berarma | Grundfos | KSB









Eigum til dælur á lager - Nú eru Berarma vængjadælurnar með allt að 250 bar þrýstipol - Mjög hljóðlátar!

Fullkomin viðgerðarþjónusta



Vökvadælur
Vökvamótorar
Vökvakistur
Gírar og annar búnaður

Viðgerðir á búnaði sem hætt er að framleiða!

Scanreco fjarstýringar



Flytjum inn og þjónustum Scanreco fjarstýribúnað.

Háklassa búnaður fyrir krefjandi aðstæður!

Allen-Bradley



Sick
Turck
ABB
Eaton
Siemens
Rosemount
Schneider og fl.

Poclain | Hägglunds | Valmet/Black bruin | SAI






Staffa/Kawasaki | Intermot | OMR





Danfoss OMR á lager með ryðfríum öxli og flangs. Málaður m/non-corrison málningu.

Færibandamótorar MR í öllum stærðum á lager. Málaður m/non-corrision málningu.

Brevini gírar, spil, lokar og fl.



Danfoss PVG



Rexroth stjórnlokar



Deutz
Perkins
Eaton/Charlynn
Hawe
Hiab
Argo Hytos og fl.

Vökvatæki ehf
Búðahella 4X - 221 Hafnarfjörður
Sími 861-4401
www.vokvataeki.is - vt@vokvateki.is

Hönnum og teiknum upp vökvakerfi - Ráðgjöf - Sala - Þjónusta - Flytjum inn vörur frá öllum framleiðendum

Lentir þú í slysi?

Engar áhyggjur við fylgjum þér alla leið!

FORTIS
Slysamál

Laugavegur 7 | 520 5800
fortis.is | fortis@fortis.is







Lífið á sjónum

Sjávarútvegur hefur frá árdögum verið hornsteinn atvinnulífs í Grindavík og mótað bæði samfélagið og mannlífið á svæðinu. Þrátt fyrir breyttar aðstæður stendur greinin enn sterk og gegnir áfram lykilhlutverki í uppbyggingu og framtíð bæjarins. Hér gefur að líta glæsilegar myndir af bátum og starfsemi tengdri sjónum sem Jón Steinar Sæmundsson ljósmyndari tók með flygildi sínu. Hann hefur jafnframt deilt myndunum með Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur og færa þær okkur einstaka innsýn í lífið á sjónum.



Sighvatur að leggjast að bryggju.



Guðbjörg að draga línuna.



Sighvatur á landleið til Grindavíkur.











Við óskum sjómönnum til hamingju með daginn!

Gildi er bakhjarl sjómanna og styður við þá og fjölskyldur þeirra á öllum æviskeiðum. Aðild að sjóðnum tryggir meðal annars:

- **Ævilangan ellilífeyri við starfslok**
- **Áfallalífeyri í kjölfar veikinda eða vinnuslyss**
- **Rétt á maka- og barnalífeyri**

Með séreignarsparnaði fást auknar ráðstöfunartekjur við starfslok en hann getur einnig nýst við fasteignakaup. Við vekjum jafnframt athygli á tilgreindri séreign en með henni er mögulegt að ráðstafa hluta af hefðbundnu lífeyrisiðgjaldi í aukinn séreignarsparnað. Mikilvægt er að kynna sér kosti og galla tilgreindrar séreignar áður en sú leið er valin.

Allir sem greitt hafa til Gildis geta sótt um húsnæðislán hjá sjóðnum.

Kynntu þér málið nánar á gildi.is

GILDI

Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík Sími 515 4700 gildi@gildi.is www.gildi.is



Loðnuveiðar úti fyrir Grindavík.

Hulda á útleið.





Vörður að landa í Grindavík.





Fjölnir að draga línuna.

Áskell lónar úti fyrir Grindavík.

Vélsmiðja Grindavíkur

Til þjónustu við sjávarútveginn í yfir 35 ár

Bílaverkstæði- Verslun- Renniverkstæði- Vélsmiðja



VG
VÉLSMIÐJA GRINDAVÍKUR

Seljabót 3, 240 Grindavík / Sími 426 8540 / www.vgsmidja.is



TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN

SJÓMENN OG FJÖLSKYLDUR

555 6677 | umb.is | Korngörðum 5, Reykjavík

UMBÚÐAMIÐLUN



Gleðilega hátíð sjómenn

Við erum betri saman



Fimm manna áhöfn Hudson-vélarinnar. William Edmondson er aftastur. Bróðursonur hans, David Edmondson, útvegaði myndina.

Hudson-flugvél ferst við Kistufell árið 1945



Karl Smári Hreinsson
skrifar

Á þessum árum hélt flugsveitin uppi stöðugu veðurathugunarflugi frá Reykjavíkurflugvelli.

Á árum síðari heimsstyrjaldar misstu bandamenn margar flugvélar sínar í fjöllunum á sunnanverðum Reykjanesskaga á svæðinu frá Reykjanestá og að Ölfusá. Líklega hafa fjórar breskar flugvélar og um 11 bandarískar farist eða nauðlent á þessu svæði á árunum 1940-1945. Þá eru ótaldar nokkrar flugvélar sem nauðlentu eða fórust á sjó sunnan við Reykjanes. Að auki fórst einn flugbátur frá kanadíska flughernum við Stapatinda á Sveifluhálsi. Ekki varð manntjón í öllum þessum flugslysum.

Ástæður fyrir þessum mikla fjölda slysa á þessu svæði eru nokkrar. Oftast voru þessar flugvélar að koma úr flugi af hafi, flugu lágt og höfðu ekki afísingarbúnað eins og tíðkast í dag og flugu sjónflug. Skilyrði til flugs eru allt önnur og erfiðari við fjöll en yfir sjó. Flugleiðsögutækni var frumstæð og samskipti við flugturn oft takmörkuð. Margir flugmannanna höfðu litla þjálfun og þekktu ekki aðstæður, hvorki veðurfar né landslag. Flestar þessara flugvéla voru í leitar- og eftirlitsflugi með kafbátum, aðrar að fylgja skipalestum eða í ferjuflugi.

Veðurathugunarflug frá Reykjavík

Í október 1941 var 1407. RAF, sérhæfð veðurathugunarflugsveit, stofnuð og varð sérstök deild í strandgæslu breska flughersins (RAF Coastal Command) með aðsetur á Reykjavíkurflugvelli. Hlutverk flugsveitarinnar var hálofta- og veðurathuganir á Norður-Atlantshafi. Árið eftir stofnun flugsveitarinnar var flugvélum sveitarinnar fjölgað og hún fékk Lockheed Hudson-flugvélar til umráða og nokkrar Handley Page Hamden-vélar, sem voru teknar úr notkun árið eftir, og einnig Hudson Ventura-vélar sem þó voru fljótlega einnig teknar úr notkun.

Á þessum árum hélt flugsveitin uppi stöðugu veðurathugunarflugi frá Reykjavíkurflugvelli. Hún studdist einnig við gögn frá öðrum flugsveitum, þar á meðal 269. RAF-flugsveitinni sem sá um ískönnunarflug og 330. N-flugsveitinni (norsku flugsveitinni) og flugsveit 612 sem sá um kafbátaleit. Einnig var hluti af 221. RAF-flugsveitinni staðsettur á Reykjavíkurflugvelli og sinnti kafbáta- og eftirlitsflugi haustið 1941. Þær upplýsingar sem flugsveitirnar öfluðu nýttust mest við kafbátaeftirlitsflugið og aðrar könnunarferðir vegna skipalesta á leið frá Bandaríkjunum og Kanada til Bretlands og einnig Rússlands.

251. flugsveit RAF

251. flugsveit konunglega breska flughersins, RAF, var upphaflega stofnuð í ágúst 1918 upp úr fjórum öðrum flugsveitum. Hlutverk hennar var kafbátaeftirlitsflug frá Yorkshire á austurströnd Englands. Flugsveitin var leyst upp 30. júní 1919. Þann 1. ágúst 1944 var 1407. RAF-flugsveitin endurskipulögð og fékk nýtt númer og varð 251. flugsveit RAF. Mottó eða einkunnarorð flugsveitarinnar var: „However the wind blows“ (Hvernig sem vindurinn blæs).

Sá hluti RAF 279.-flugsveitarinnar sem sá um leit og björgun var færður í þessa nýju flugsveit. Þar með fékk flugsveitin aukið hlutverk bæði við eftirlits- og björgunarflug ásamt veðurathugunarflugi. Flugsveitin starfaði nær eingöngu frá Reykjavíkurflugvelli. Í fyrstu hafði hún á að skipa bæði AvroM Ansons I- og Hudson III- og IIIA-flugvélum. Þær fáu Avro Ansons I-flugvélar sem tilheyrðu flugsveitinni voru notaðar í samskiptaflugi en Hudson-vélarnar í björgunar- og veðurathugunarflugi. Tvær af Hudson-vélunum höfðu sérstaka björgunarbáta sem hægt var að varpa niður til manna í neyð.

Í mars 1945 fékk flugsveitin sínar fyrstu Boeing Fortresses II-vélar sem voru í notkun samhliða Hudson-vélunum. Síðar það ár, þann 30. október 1945, var flugsveitin lögð niður.

Mikilvægi flugsveitarinnar

Flugsveitin og saga hennar er lítið þekkt á Íslandi en þó var hlutverk hennar afar mikilvægt. Þær upplýsingar sem flugsveitin safnaði voru mælingar á loftþrýstingi, raka- og hitastigi og vindafari.

Aðalathafnasvæði flugsveitarinnar var á hafsvæðinu suður og vestur af Íslandi og einnig var eftirlit með hafís á hafsvæðinu á milli Íslands og Grænlands, Grænlandssundi. Þetta eftirlitsflug var hættulegt vegna erfiðra veðurskilyrða og ísingarhættu. Mikilvægi flugsveitarinnar og þeirra upplýsinga sem hún safnaði var ómetanlegt. Þar sem Ísland var mikilvæg bækistöð fyrir Bandamenn til að skapa öryggi á Norður-Atlantshafi bæði fyrir flugumferð og skipalestir þá var nauðsynlegt fyrir stríðsreksturinn að hafa sem nákvæmastar upplýsingar um veður því allar ákvarðanir um ferðir skipalestanna voru teknar með hliðsjón af veðurfari.

Flugsveitin var ein af fáum sveitum sem gátu sinnt langdrægu veðurflugi langt út á Atlantshaf. Veðurkerfi á Norður-Atlantshafi myndast vestan við Ísland og berast síðan austur yfir Bretland og meginland Evrópu. Talið er að Eisenhower, yfirmaður herafla Bandamanna í Evrópu, hafi stuðst við upplýsingar frá Íslandi þegar hann ákvað að hefja innrásina miklu í Normandy 6. júní 1944. Flestar evrópskar veðurstöðvar höfðu spáð langvarandi óveðri sem hefði gert innrásina erfiða eða ómögulega en upplýsingar frá Íslandi sýndu stutt hlé á illviðrakaflanum sem Bandamenn gátu notfært sér.

Björgunarflug frá Íslandi var einnig mjög mikilvægt, ekki aðeins til að bjarga mannslífum heldur til að flugáhafnir sem bjargað var gætu haldið áfram starfi sínu í flughernum því alltaf var skortur á þjálfuðum flugmönnum og flugliðum.

Tvær flugvélar farast í hafi

Á aðeins fimm mánuðum missti 251. flugsveit RAF þrjár flugvélar sem allar voru af Hudson Mk III-gerð. Þann 9. nóvember 1944 fór Hudson FK752 af stað í veðurathugunarflug. Klukkan 20:57, þegar flugvélin var á heimleið og stödd 75 mílur suðvestur af Reykjavík, heyrðist neyðarkall frá vélinni. Veður fór þá versnandi og vélin skilaði sér ekki. Ekkert heyrðist síðar frá henni. Leitað var án árangurs. Hugsanlega hefur ísing orðið til þess að hún fórst. Í vélinni var fimm manna áhöfn eins og algengt var á Hudson-flugvélunum. Þrír úr áhöfninni voru í Konunglega breska flughernum, RAF, og tveir menn í Konunglega ástralska flughernum, RAAF.

Aðeins rúmlega fjórum mánuðum síðar fórst önnur Hudson Mk III-flugvél 251. RAF-flugsveitarinnar yfir sjó og við svipaðar aðstæður. Flugvélin, FK739, lagði af stað frá Reykjavíkurflugvelli skömmu eftir miðnætti þann 17. mars 1945 í hefðbundið veðurathugunarflug. Vélin var í sambandi við stjórnstöð í Reykjavík þangað til sambandið rofnaði þegar vélin átti eftir um klukkustundar flug til Reykjavíkur, þá á heimleið. Leitað var að vélinni í nokkra daga án árangurs. Með vélinni fórust fimm menn. Þrír þeirra voru frá Konunglega

Flugsveitin var ein af fáum sveitum sem gátu sinnt langdrægu veðurflugi langt út á Atlantshaf.



Hudson-flugvél (reyndar frá 224. RAF).

Til hamingju með daginn sjómenn!

NORTHERN LIGHT INN

Mynd af J.J. Yule fyrir utan bragga.
MYND. M.E. ROBSON.



breska flughernum, RAF, og tveir menn tilheyrðu Konunglega ástralska flughernum, RAAF, líkt og áhöfn Hudson-vélarinnar sem týndist 9. nóvember 1944.

Síðasta flug AD-L

Þann 27. mars 1945, kl. 01:29 að staðartíma, lagði Hudson Mk III, Fk743 flugvél 251. flugsveitarinnar sem bar einkennisstafi flugsveitarinnar, stafina AD-L, af stað frá Reykjavíkurflugvelli í hefðbundið veðurathugunarflug suður og vestur af Íslandi. Síðast heyrðist frá vélinni kl. 09:55 um morguninn þegar flugmaðurinn óskaði eftir segulstefnu. Leit hófst fljótlega að vélinni þar sem hún skilaði sér ekki á tilsettum tíma en önnur flugvél frá sömu flugsveit fann flakið á Kistufelli í Brennisteinsfjöllum, um 26 km í suðaustur frá Reykjavík. Allir í áhöfn vélarinnar fórust. Það var ekki fyrr en 9. apríl að líkamsleifar áhafnarinnar voru sóttar og jarðsettar í hermannagrafreitnum í Fossvogskirkjugarði þrem dögum síðar.

Þeir sem fórust voru:

- John James Yules, flugstjóri (Pilot Officer) RCAF (Konunglega kanadíska flughernum). Hann var frá Port Arthur, Ontario, Kanada, 30 ára.
- Thomas Maclaren Lincoln, (Flying Officer) loftskeytamaður/skytta, RCAF, 25 ára.
- N. Smith, (Flight Lieutenant), flugleiðsögumaður, RAF, 29 ára.
- William Edmondson (Sergent), loftskeytamaður/skytta, RCAF (þ.e. varaliði, Volunteer Reserve). Hann var frá Winnipeg, Kanada, 24 ára.
- A.R. Simmonds, RAFVR, varaliði, veðurathugunarmaður, 19 ára.

Eins og fram kemur á þessari upptalningu voru þrír menn í áhöfninni í Konunglega kanadíska flughernum, RCAF.

Minnismerki um þessa flugsveit og aðrar flugsveitir Bandamanna er í Fossvogskirkjugarði.

Þorsteinn Marteinsson veitti leyfi til að nota upplýsingar og myndir af heimasíðunni: www.stridsminjar.is





Grindavíkurstríðið 1532:

Blóðug barátta um skreiðina

Vorið 1532 varð Grindavík vettvangur átaka sem sjaldan eru nefnd í almennri Íslandssögu en höfðu engu að síður mikil áhrif á verslun, sjósókn og samskipti Íslands við umheiminn. Þar mættust Englendingar, Þjóðverjar, Danir og Íslendingar í harðri baráttu um eina verðmætustu auðlind landsins, skreiðina.

Þessi átök voru síðar kölluð Grindavíkurstríðið. Þau stóðu aðeins í skamman tíma en voru hluti af lengri samkeppni um fiskimið Íslands og verslun við landsmenn. Átökin sem hófust á Básendum en lauk með blóðugri árás í Grindavík mörkuðu tímamót í sögu verslunar og sjósóknar við Ísland.

Kapphlaup um gull hafsins

Á 15. og 16. öld var íslensk skreið mjög eftirsótt útflutningsvara. Hún var flutt til Englands og meginlands Evrópu og seld með miklum hagnaði. Erlendir kaupmenn sigldu hingað á hverju vori og reyndu að tryggja sér sem mestan fisk. Samkeppnin var svo hörð að kaupmenn hlupu stundum um og merktu sér fiskstafla um leið og þeir komu til landsins. Fiskurinn var brennimerktur með stöfum kaupmannsins, jafnvel áður en kaup höfðu farið fram. Þannig reyndu menn að „helga“ sér aflann áður en aðrir næðu til hans.

Þetta leiddi til sífelldra deilna. Kaupmenn töldu sig eiga fisk sem aðrir höfðu merkt. Sumir höfðu samninga frá fyrra ári en aðrir voru fyrstir á staðinn. Erfitt gat reynst að leysa ágreining sem upp kom og oft enduðu mál með hótunum eða ofbeldi.

> *Englendingar sáu að staða þeirra við Ísland var orðin veik og óttuðust að missa síðustu bækistöð sína á Suðurnesjum.*

Samkeppnin var ekki tilviljun. Skreiðin var einfaldlega gulls ígildi. Einn skipsfarmur frá Íslandi gat skilað svo miklum verðmætum að hann greiddi allan kostnað við ferðina og skildi jafnvel eftir verulegan hagnað. Það er því ekki undarlegt að kaupmenn hafi verið tilbúnir að taka áhættu og jafnvel berjast um fiskinn.

Englendingar höfðu lengi verið ráðandi í Íslandsverslun. Þeir fiskuðu einnig sjálfir við landið og höfðu bækistöðvar víða. Þegar þýskir Hansakaupmenn, einkum frá Hamborg og Bremen, fóru að sækja hingað í auknum mæli harðnaði samkeppnin enn frekar. Árið 1532 var svo komið að Englendingar höfðu misst flestar hafnir sínar við Ísland. Þeir héldu þó enn Grindavík og Vestmannaeyjum og á hvorum stað voru því miklir hagsmunir í húfi.

Hamborg og Bremen

Vorið 1532 kom þýski kaupmaðurinn Ludtkin Smith til Básenda. Samkvæmt venju fékk sá sem fyrstur kom í höfn rétt til verslunar og ætlaði Smith sér að halda höfninni. Skömmu síðar komu tvö ensk skip með fjölmennari áhafnir. Englendingar vildu fá að liggja í höfninni og versla þar. Smith neitaði og spennan jókst.

Englendingar undirbjuggu árás, en Smith fékk liðsauka frá Þjóðverjum og Íslendingum sem voru á svæðinu. Snemma morguns 2. apríl hófst bardagi. Þrátt fyrir að vera færri höfðu Þjóðverjar betur. Englendingar töpuðu, menn féllu og skip voru gerð upptæk.

Orrustan á Básendum varð upphaf Grindavíkurstríðsins. Englendingar sáu að staða þeirra við Ísland var orðin veik og óttuðust að missa síðustu bækistöð sína á Suðurnesjum.

Vígi reist

Enska skipið Peter Gibson var í Grindavík þegar fregnir bárust af átökunum á Básendum. Skipstjórinn John Breye, sem Íslendingar kölluðu Jóhann breiða, ákvað að vígbúast. Hann lét reisa virki við búðir sínar og safnaði mönnum sínum saman. Samkvæmt heimildum komu Englendingar stundum hart fram við heimamenn og reyndu að knýja fram viðskipti og Grindvíkingar kvörtuðu til fógeta Danakonungs á Bessastöðum, Diðriks frá Minden.

Fógetinn sá við þetta tækifæri til að bregðast við. Hann safnaði liði Þjóðverja og Íslendinga á Suðurnesjum og fékk einnig stuðning kaupmanna í Hafnarfirði. Samkvæmt heimildum náðist að safna saman um 180 manna liði. Ætlunin var að ráðast óvænt á Englendinga í Grindavík.

Blóðug nótt í Grindavík

Aðfaranótt 11. júní 1532 lagði liðið af stað. Englendingar höfðu ekki fengið fregnir af liðssöfnuninni og voru margir þeirra við fiskveiðar en aðrir sváfu í búðum sínum. Um klukkan tvö um nóttina hófst árásin. Menn fógetans réðust á Englendinga og bardaginn varð stuttur en harður þar sem Englendingar náðu ekki að skipuleggja sig.

Um fimmtán Englendingar voru drepnir, þar á meðal Jóhann breiði. Aðrir flúðu til skipa sinna. Fimm ensk skip lágu á legunni fyrir utan Grindavík. Fjórum tókst að flýja en eitt strandaði og fórst. Árásarmenn náðu skipinu Peter Gibson og hlóðu herfanginu um borð. Grindavík var komin á vald árásarmanna og þar með lauk í raun Grindavíkurstríðinu. Það sem hafði byrjað sem kapphlaup um fiskstafla hafði endað með vopnaðri árás og mannfalli.

Afleiðingar og minjar

Þótt átökin hefðu verið stutt urðu afleiðingarnar langvarandi. Englendingar misstu síðustu bækistöð sína á meginlandi Íslands og staða þeirra veiktist verulega. Á næstu árum dró mjög úr enskum siglingum til landsins. Þjóðverjar styrktu hins vegar stöðu sína, sérstaklega í Hafnarfirði, og verslun þeirra jókst. Danakonungur sá einnig tækifæri til að efla vald sitt og þróunin leiddi síðar til einokunarverslunar Dana á Íslandi.



Á þessum tíma var Grindavík ein mikilvægasta verslunarhöfn landsins. Myndin er búin til af gervigreind.

Á þessum tíma var Grindavík ein mikilvægasta verslunarhöfn landsins. Þar komu erlendir kaupmenn og fiskur var verkaður og fluttur út. Enn í dag má sjá minjar sem tengdar eru þessum atburðum, m.a. ofan við Stóru-Bót þar sem hóll er sagður leifar af virki Englendinga. Vestar má sjá garða sem tengdir eru við búðir Þjóðverja.

Þessi svæði minna á þann tíma þegar Grindavík var alþjóðleg verslunarhöfn og vettvangur átaka milli stórvelda. Skreiðin var gull Íslands og erlendir kaupmenn voru tilbúnir að leggja mikið í sölurnar til að ná henni.

Með Grindavíkurstríðinu lauk ensku öldinni við Ísland og nýtt tímabil hófst. ■



Til hamingju með daginn sjómenn!



SKIPASMÍÐASTÖÐ NJARÐVÍKUR hf.

Kæru sjómenn og fjölskyldur ykkar!

Til hamingju með sjómannadaginn



Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur

Hafnargötu 9 Sími 426 8400 • Fax 426 8405 • Netfang: svg@svg.is • www.svg.is

Skrifstofan er opin alla virka daga frá klukkan 8:00-13:00.





Eldisgarður Samherja rís á Reykjanesi

Framkvæmdir standa nú yfir við Eldisgarð Samherja á Reykjanesi. Á vef Samherja kemur fram að Eldisgarður verði byggður í þremur áföngum. Fullbyggð muni landeldisstöðin hafa bolmagn til að framleiða upp undir 40 þúsund tonn af laxi árlega.

Á vefnum segir: „Eldisgarður, sem hefur verið í þróun frá árinu 2020, verður staðsettur í auðlindagarði HS Orku við Reykjanesvirkjun með aðgang að 100% endurnýjanlegri orku frá virkjuninni. Landeldisstöðin mun samanstanda af seiðastöð, áframeldisbyggingu með þremur áframeldisstöðvum og sláturhúsi.“

Fram kemur að um 100 manns muni starfa í Eldisgarði og meirihluti þeirra verði við þekkingarstörf. Þá muni stöðin njóta fulltingis þeirra 120 starfsmanna og sérfræðinga sem í dag starfa hjá Samherja fiskeldi.

Eldisgarður rís í nálægð við Reykjanesvirkjun og nálægð við ströndina, þar sem ýmist verður nýttur jarðsjór eða ylsjór sem til fellur í virkjuninni en rynni annars ónýttur til sjávar. Við framleiðsluna verða til verðmætar aukaafurðir sem nýtast munu öðrum fyrirtækjum í sinni starfsemi, eins og mjöl og lífrænn úrgangur. Eldisgarður verður því ein hagkvæmasta og umhverfisvænasta fiskeldisstöð í heimi, að því er fram kemur á vef Samherja.

Jón Steinar Sæmundsson ljósmyndari tók meðfylgjandi myndir af uppbyggingunni í marsmánuði. ■



Verðlaunakrossgáta

Sendið lausnina á svg@svg.is. Þrír vinningshafar verða dregnir út og hljóta þeir ýmist **10.000**, **20.000** eða **30.000** króna gjafabréf.



		hluti	bráðlynda	bor		áflog	romsuna	fram		konunafn	hnefa
	→						13		2 eins		
	fugl				líffærið / fugl				1		
	staur					2 eins			strax / kvendýr		
			sönglag / þraut					konunafn / espaði			
krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	↓ veifuna	gnauða	12				fæða				skemmda
hamla					nuddast / fikn					sægur	8
álasa		kvað	eira / baksa				storka	stertur / andstreymi			
þjóðina						áverka			3	2 eins		
karldýr				óttast		11				röð / nef		
2 eins		egnt				vagg / aflangar				sansa	
	↓	4 flauta		spilið / spottar					samið		
		þrýsta / svipað						mann	mánuður / gamanleysi		
spaða			ílát / 2 eins				líffæri / hest				ástandið
skjal					mann / mánuðurinn					þegar	klossana	
	↳	7	→					→	6			
	svarf		spunnu	sigla / deig				úthaga	skunda / þei, þei!			
mublu				skanki / 2 eins						vitstola / öfug röð		
		merki		9		upplogna				10		
undirstöðu		2			happdrætti	5			ambátt			

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13

Á útstími og balarnir eftir í landi?

Slysin gerast.

En sum slys eru alvarlegri en önnur.
Þegar á þarf að halda erum við
þér við hlið.

FULLTINGI